
Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs ljósleiðara í Suðurnesjabæ. 2. útgáfa



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Magnea Dís
Birgisdóttir

Forsíðumyndin er af einum vegg kálgarðs GK-103:004, horft er til NNV. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

© 2022

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðar lagningar á ljósleiðara í Suðurnesjabæ á Reykjanesi. Skráningin var unnin að beiðni Raftel ehf sem hannar ljósleiðarakerfið fyrir sveitarfélagið. Ljósleiðaralögnin var um 20 km löng en hluti hennar fer í fyrirbyggjandi rör Mílu og voru þau svæði ekki tekin út. Samtals voru því um 13 km ljósleiðaralagnar skoðaðir með tilliti til fornleifa og tekið var út 15 m breitt svæði frá miðlínu þess eða samtals 30 m breitt belti.

Vettvangsvinna fór fram í ágúst 2021. Innan áhrifasvæðis voru samanlagt skráðar 129 fornleifar á 86 minjastöðum sem allar voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Flestar minjar voru innan heimatúna hverfanna í Stafnesi, Hvalsnesi og Kirkjubóli. Fjölbreytilegar minjar voru skráðar innan áhrifasvæðisins, svo sem samgönguminjar (leiðir), garðlög, bæjarhólar, útihús, túngarðar og býli. Lagt var mat á verndargildi minjanna og tillögur settar fram um mögulegar mótvægisáðgerðir.

Á vordögum 2022 fór fram viðbótarskráning á tveimur svæðum þá beiðni Mílu og birtast niðurstöður hennar í viðauka III. Samtals voru skráðar 20 fornleifar á 16 minjastöðum í þeirri vinnu.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, ljósleiðari, Suðurnesjabær, Fornleifastofnun Íslands

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey commissioned by Suðurnesjabær in Reykjanes, Iceland as the municipality is planning to put fiber optic cable within the survey area. The survey was carried out within a 13 km long and 30 m wide area. The survey took place in August 2021. In all 129 archaeological sites were surveyed at 86 locations, all of them considered to be at a high risk.

Keywords: Archaeology, detailed survey, Suðurnesjabær, Institute of Archaeology in Iceland, fiber optic cable

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	6
2.	Saga fornleifaskráningar og löggjöf	8
3.	Aðferðir við fornleifaskráningu	10
4.	Fornleifaskrá	12
GK-040	Stafnes	12
GK-041	Glaumbær	19
GK-042	Nýlenda	20
GK-043	Hólakot	21
GK-044	Hvalsnes	22
GK-045	Gerðakot	31
GK-048	Nýlenda	36
GK-049	Busthús	37
GK-050	Lönd	40
GK-051	Nesjar	44
GK-052	Melaberg	46
GK-053	Fuglavík	47
GK-055	Bæjarsker/Býjasker	49
GK-058	Norðurkot (Miðkot)	53
GK-072	Þóroddstaðir	54
GK-073	Kirkjuból	55
GK-074	Kvíavellir	58
GK-076	Kolbeinstaðir	58
GK-077	Hafurbjarnarstaðir	61
GK-631	Fornleifar á fl. en 1 jörð	63
5.	Helstu niðurstöður og samantekt	65
	Minjar tengdar búsetu og landbúnaði	69
	Samgönguminjar	72
	Aðrar minjar	72
	Mat á gildi minjastaða	73
	Áhrif framkvæmda á fornleifar	78
	Heimildir	81
	Viðauki I: Minjakort	85
	Viðauki II: Hnitaskrá ISN93	93
	Viðauki III: Viðbótarskráning 2022	95

1. Inngangur

Fyrirhuguð er ljósleiðaralögn í Suðurnesjabæ, frá Garði að norðan, gegnum Sandgerði og til suðurs að bænum Stafnesi. Í tengslum við hana hafði fyrirtækið Raftel, sem sér um hönnun ljósleiðara samband við Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd Suðurnesjabæjar og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér skráningu fornminja innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Lögnin er samtals um 20 km löng en hluti ljósleiðarans fer í fyrirbyggjandi rör Mílu og voru þau svæði ekki



Skráningarsvæðið er norðvestarlega á Reykjanesi. Gulu svæðin voru skoðuð með tilliti fornleifa en innan svörtu svæðanna á að leggja ljósleiðarann í fyrirbyggjandi rör.

tekin út. Samtals voru um 13 km af ljósleiðaralögninni skoðaðir með tilliti til fornleifa og tekið var út 15 m breitt svæði frá miðlínu lagnar, samtals 30 m breitt belti. Áður hafði Fornleifastofnun Íslands skráð fornleifar á afmörkuðum svæðum í Suðurnesjabæ og var stuðst við þau gögn eftir þörfum sem og upplýsingar sem aðgengilegar eru í Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.¹ Áður en verkið hófst voru 17 minjastaðir þekktir innan svæðisins en auk þeirra bættust 69 minjastaðir við í fornleifaskráningunni. Samtals eru því upplýsingar um 129 fornleifar, á 86 minjastöðum í skýrslunni. Flestir minjastaðirnir eru innan heimatúna bæjanna í Stafnesi og Hvalsnesi, sunnan við Sandgerði auk Kirkjubóls sem er norðar.

Vorið 2022 fór fram viðbótarskráning á vegum Mílu á tveimur svæðum til viðbótar,

1 Katrín Gunnarsdóttir. 2008, 2009; Birna Lárusdóttir: 2008, 2017; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2019; <https://www.map.is/minjastofnun/#>

samtals um 1 km á lengd. Niðurstöður þeirrar úttektar eru kynntar í viðauka III.

Landslag og gróðurfar á úttektarsvæðinu er fjölbreytt, þar eru jafnt gróin tún og bæjarhverfi sem sendin og grýtt svæði. Fornleifaskráningin var unnin í ágúst 2021. Gengið var skipulega um allt úttektarsvæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Um vettvangsvinnu sáu Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir, fornleifafræðingar. Úrvinnsla og skýrslugerð var í höndum Ragnheiðar. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni er að finna upplýsingar um allar þekktar minjar innan áhrifasvæðis ljósleiðaralagnar. Í lokakafla hennar er umfjöllun um fornleifar innan úttektarsvæðis og helstu niðurstöður. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna úttektarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi,

- slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.


3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-162:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan úttektarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagaþleittur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var hnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens Númer fornleifar á tiltekinni jörð Sérheiti Tegund Hlutverk Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn **SP-175-009** **Sveinshlaða** **tóft** **hlaða** **E: 528751 N: 352323**

 Sveinshlaða 009, horft til norðurs

 Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstaði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstaði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: GK-162:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar innan áhrifasvæði framkvæmda, teljast oftast í stórhættu. Í þessari úttekt voru því allir minjastaðir innan úttektarsvæðis metnir í stórhættu. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Það er þó ljóst að hægt er að hlífa minjastöðunum sé tillit tekið til staðsetningu þeirra á við hönnun/endurhönnun á ljósleiðaralögn.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4. Fornleifaskrá

GK-040 Stafnes

1686 og 1695: 143 hdr., 40 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 121.

1703: Jarðardýrleiki óviss, “annars eru þeir nokkrir, er þykjast heyrt hafa jörðin að fornu verið hafi lxxx [80] álnir,” konungseign, með hjáleigunum Sandhúsi, Holmhúsi, Margrétarhúsi, Refshalakoti, Vallahúsi, Hólakoti (GK-043), Glaumbæ (GK-041), Lodviksstofu (Loddastofa), nýbýlinu Básendum [GK-040], svo og eyðihjáleigurnar Hólakot (annað), Lambhús, Steinskot, Solveigarskemmu, Halldórshús, Eyjólfshús, Litlahólmahús, Grímuhús, Hunahús, Litlu Vallarhús, Refakot og Brinkahús. Því til viðbótar er eyðijörðin Gamli Kirkjuvogur nefnd í jarðabókinni en óvíst var hvort hún teldist í landi Stafness eða Kirkjuvogs (GK-035), samkvæmt JÁM III, 37-43.

1847: 30 hdr., bændaeign, með hjáleigunum Glaumbæ, Nýlendu (GK-042) og Halakoti samkvæmt JJ, 86.

Jörðin hét áður Starnes, segir í örnefnaskrá (Ö-Stafnes MP, 5).

[Um 1270]: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þaðann eigv vtskaler einer sydvir til miosyndis. Þaðann aa sydvir hvalsnes ij hlvti j vidreka enn starnes þridvng.” DI II, 77.

[Um 1270]: “Þetta er hvalskipte rost hvelinga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn íxa hlvt hvals aa hvalsnes ok starnes.” DI II, 78-79.

[Um 1270]: “landamerkia bref aa milli huals nes og starnes.” DI II, 81.

1395: “Þessar jarder aa klauvstrid j alvfvsse. [...] Starnes. iiij. c.” DI III, 597.

1497: Svarinn eiður um reka Viðeyjarklausturs “j badstofvne a Starnese”. DI VII, 338.

1528: Testamentisbréf Rafns Brandssonar lögmanns. “Helgu Sigurdardottur mannzhlut a Starnese.” DI IX, 472. **1541:** Minnisgreinar Gizurar biskups. “lx [fiskar] er pietur hefur suallad a starnesi.” DI X, 691.

1547-1548: Fógetareikningar. “[...] iij ar gamell quige tug Haldan ij sin formanskop paa Suernese. [...] Jtem met Starnes. [eyða]” DI XII, 111, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548, DI XII, 128-129; 1548-1549, DI XII, 138, 142-143, 145; 1549-1550, DI XII, 155-157, 159; 1550, DI XII, 177, 179, 181-182; 1552, DI XII, 403, 413-14, 420; 1553, DI XII, 563-564; 595.

1552: Skilagrein á því sem síra Jón Bárðarson tók við til bús í Viðey og lét út. “Jtem Thetur Germundson for tho reser paa Starnes j tone miel. [...] Jtem henthe viiij mend ett gameltt skiff fraa Strarnes [...]” DI XII, 386-387.

Glaumbær hjáleiga 1703 en 1803 og 1847 voru einnig Nýlenda og Halakot.

Eyðibýlin Sveinshöfði, Harðhaus eru nefnd í örnefnaskrá MP, 2, 3. Lindakot er nefnt í [...] (Magnús Grímsson. 1994:254). Eyðihjáleigurnar Urðarkot, Gosa og Vallahús er nefndar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903, 39.

1919: Á túnakorti frá 1919 er hjáleigurnar Grund, Bali og Litlibær merktar.

“Mælt er, að til forna hafi verið 24 hjáleigur og tómthús á Stafnestorfunni,” segir í Rauðskinnu II, 5.


Stafnes var í eyði um aldamótin 1800, segir í örnefnaskrá. Þar kemur jafnframt fram að útgerð á jörðinni hafi lagst niður um 1945 (Ö-Stafnes MP, 7-8, 10).

Jarðarítök: Jörðin brúkar skóg til kolagerðar í almenningi. Jörðin nýtir að auki grasnytja á eyðihjáleigunum Lambhúsi, Steinskoti, Solveigarskemmu, Eyjólfshúsi, Grímuhúsi Hunahúsi, Litlu Vallarhúsi og Brinkahúsi, samkvæmt JÁM III, 36-42. Í örnefnaskrá er þess getið að Glaumbær og Nýlenda áttu reka- og þangatekju innan jarðarinnar. Því til viðbótar átti Glaumbær þangaföru í landinu (Ö-Stafnes MP, 1; Ö-Stafnes Áths., 1).

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Stafnes ásamt Grund, Bala, Litlabæ og Hólakot.

Hjáleigur:

1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Holmehus j legekö. [...]” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 143; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177.



Ljósleiðarinn mun liggja fast austan við heimatún Stafneshverfis en fer í gegnum það mitt að sjálfum bænum.

1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Beernerhuss j legekö. [...]" DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177; 1552, DI XII, 403.

1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Gislehus j legekö. [...]" DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177; 1552, DI XII, 403.

1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Halfdanerhuss j legekö. [...]" DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 143; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177.

1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Ladestoffuo j legekö. [...]" DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177; 1552, DI XII, 403.

1919: Sléttað tún (Stafnes), 6.5 hekt., garðar 1500 m². Sléttað tún (Grund), 0.05 hekt., garðar 170 m² (210+700). Sléttað tún (Litlabær), 0.05 hekt., garðar 620 m². Slétt tún (Bali), 2.6 hekt., garðar 810 m². Öll torfan samtals 9.2 hekt., og garðar 3100 (210+700) m².

1703: "Tún eru sendin og blásin og spillast æ meir og meir af sandi og sjáfarágangi. Engjar eru öngvar. Útigangur nær enginn nema í sjáfarfjöru [...]. Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu valla nýtandi. Eldiviðartak ekkert nema af þangi. Fjörugrasa og sölvatekja til heimamanna nautnar og ekki fremur. Selveiði mætti vera ef iðkuð væri. Rekavon góð. Hrognkelsafjara þarflega nokkurn part. Ætikjarnar og söl koma að sönnu margoft um vortíma kvikfjænaði til næringar í hungurstíð [...]. Vatnsból í lakasta máta nema fjöruvötn ein, sen næsta því eru ónýtandi um stórstraum. Missir peningur hjer fyrir stórlega nytjar um vetrartíma, og verður fyrir nauðsynja sakir að smelta snjó til bjargar mönnum og fjænaði. Jörðin mætir sandfjúki af lands og sjáfar ágangi, so þar er fyrir hvorutveggja þessu fallið í auðn jarðarinnar, það er Snoppa var kölluð, og fyrir sjötti árum var að stóru gagni bæði til slægna og skipa uppsátra, en nú er af sandi aldeillis yfirfallið, og með hvörri stórfæði næsta því yfirflotið af sjó," segir í JÁM III, 36-37.

1735: "Túnið er 526 fadmar ummáls (!). Þar af er 1/3 þakinn svörtum foksandi, svo að þar nær ekkert gras að vaxa án afhreinsunar. [...] Hagarnir á Stafnesi eru líka eyðilagðir af sandfoki og húsaþökin veðurbarin og eldiviðarþangið gerspillt af sandi," segir í skýrslu landfógeta skv. Rauðskinnu IX-X, 17.

"Í ofviðri og stórfloði 30. desember 1769 hefir jörðin Stafnes "tekið einn merkilegan stóran skaða, sem mannlegur kraftur fær ómögulega endurbætt". Hjáleigurnar tvær eru svo sem í rústum, skipanaust bóndans og mestallir fiskigarðarnir á jörðinni sömuleiðis," segir í Rauðskinnu IX-X, 25. Ekki er hægt að

tengja þessa lýsingu við ákveðnar fornleifar.

“Stafnes eftir flóðið 1799. “Þessarar jarðar tún, vörzlu og fiskigarðar á sjósiðuna, sem af sjávar og storms yfirgangi eru allir hreint um koll kastaðir inn á túnið, eru að lengd 160 faðmar og voru áður í forsvaranlegu standi. [...] Allur helmingur, svo vel af heima jarðarinnar sem hjáleiganna túni er þakið grjóti, vikri og foksandi, so ekki er að sjá(a)nlegt, að þar af fáist á næsta sumri nokkur heyskapur. Skipauppsátur á sömu jörðu, sem var áður í góðu standi, er allt af sjónum um rótað, og grjótið úr þeim upp kasta á bæði heimajarðarinnar og hjáleiganna tún. Beitalandið utan túns og torfstunga til húsa og heyja er engin, utan á jarðarinnar út túni, sem nú er af”. - Undir skrifa [sjó menn],” segir í Rauðskinnu IX-X, 36.

GK-040:001_01 Stafnes bæjarhóll bústaður

A 316587 N 390833



Bæjarhóll Stafness GK-040:001_01, horft til SSV.

Á túnakorti frá 1919 er bæjarhóll merktur með þremur timburhúsum, einu steinhúsi og kálgarði sunnan bæjarhúsa.

“Efalaust hefir útgerð og sjósókn þorrið á Stafnesi, sem annars staðar á síðari hluta 18. aldar og framan af þeirri 19, þegar eyndarhagir voru á landi hér, enda mátti víst heita, að Stafnes væri í eyði um aldamótin 1800,” segir í Örnefnaskrá.

“Suður með sjónum, bæjarleið frá Hvalsnesi, er Stafnes.” segir í Magnús Grímsson.

Lýsing á húsakosti í Stafnesi 1740: “1. Bæjardyr 3 stafgólf með stöfum, syllum, bitum og sperrum. Þil fyrir hurð. Nýbyggðar og vandaðar. 2. Baðstofa 2 stafgólf undir þaki, rambyggð, en þarfnast þó aðgerðar.

3. Hús afþiljað (“inden for Stuen” [...]) Gamalt þó stæðilegt. 4. Svefnherbergi 3 stafhólf. Þarfnast aðgerðar. 5. Skálinn 3 stafgólf með stöfum, syllum og sperrum, “vel sterkur” [...]. 6. Göng að búi 3 stafgólf, óstæðileg, þurfa endurbótar. 7. Búið 3 stafgólf með stöfum, syllum, bitum og sperrum, stæðileg. 8. Eldhús 3 stafgólf með syllum, bitum og sperrum, óstæðilegt. 9. Skemma 2 stafgólf, gömul og gengin úr sér. 10. Baðstofa (önnur= 3 stafgólf með stöfum syllum, bitum og sperrum. Gömul, en þó sæmilega stæðileg. 11. Smíðja 3 stafgólf. Eins uppgerð,” segir í Rauðskinnu IX-X.

“Árið 1880 taldi hann [sr. Sigurður B. Sívertsen] þrýðileg timburhús með stofum (undir baðstofu) á Stafnesi, Gerðakoti og Sandgerði og þokkalegar innanþiljaðar baðstofur á Stafnesi, Sandgerði og Klöpp. 1887 taldi hann enn snotrar stofur á Stafnesi, Nýlendu og Sandgerði. [...] Baðstofan á Stafnesi var [um 1900] sem fyrr segir yfir níutíu ferálnir að grunnfleti (17.5 x 5.25), með tíu rúmstæðum, í norðurenda var hálfþil og þar á gluggi með fjórum rúðum en heilþil á framenda með glugga með fjórum rúðum uppi en tveir með sex gluggum niðri. Neðri gluggarnir voru á afþiljuðu húsi sem var undir baðstofu loftinu að hluta með fjalargólfi og hliðarþiljum; þar var einnig afþiljað herbergi með rúmstæði. Úr baðstofu lá innanþiljaður gangur til bæjardyr, sem var óvenjulegur íburður á Miðnesi, og hurð fyrir. Bæjardyrnar (9,5 x 3.25) voru með pappalögðu þoli en þaðan lágu þrengri og íburðarminni göng til búrs (6 x 3.5) sem var þiljað á tvo vegu og með timburgólfi. Þá lögu göng til eldhúss klædd árefti sem og eldhúsið (9 x 4.5) sem var með tveimur reyk háfum og eldstæðum. [...] Fjós var við bæinn með fimm kýrbásam og geymslu fyrir hey. Þá var þar líka vanhús (náðhús) allt úr timbri [...],” segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.

“Jón [Ben Guðjónsson, bóndi á Stafnesi] sagði að elsti bærinn á Stafnesi hafi sennilega verið þar sem nú má sjá tóftir Vallarhúsa skammt norðvestan við núverandi íbúðarhús. Gamli Stafnesbærinn (timburhús) hafi hins vegar staðið þar sem nú er bílastæði norðan við íbúðarhúsið. Vestan þess hafi verið fjós, en í það hafi verið grafið þegar mjólkurhús var byggt við nýja fjósið, sem enn stendur. Flór hafi legið til vesturs, en suðvestan við gamla bæinn hafi brunnurinn verið,” segir á Ferlir.is. Bæjarhóll Stafness er á sama stað og núverandi húsakostur. Á hólnum er íbúðarhús með kjallara auk útihúsa.

Bæjarhóllinn er um 80 m í þvermál og sést einna best til austurs og suðausturs. Hóllinn er um 2 m hár þar og hliðar afliðandi. Til norðurs náði bæjarhóllinn rétt lengra en núverandi vegur að Stafnesvíta en til suðurs fjarar hann út í túni. Mikið rask er á hólnum en mannvist enn undir sverði líkt og fundur fjóssins sýnir. Ljósleiðari mun liggja yfir hluta bæjarhólsins að norðan.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Magnús Grímsson 1994, 254; Túnakort 1919; Ö-Stafnes MÞ, 10; Ásgeir Ásgeirsson, 57-58;

GK-040:001_02 heimild um kálgarð

A 316607 N 390822


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við bæ 001_01. Þar er nú bakgarður núverandi íbúðarhúss og mikið jarðrask. Kálgarðurinn lendir innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara en ólíklegt að stengurinn muni fara þar í gegn. Ummerki kálgarðsins eru horfin innan áhrifasvæðis en aðrir hlutar hans voru ekki skoðaðir.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-040:002 Lögrétta tóft þingstaður

A 316623 N 390878

“Þar er í túninu rúst ein kringlótt, sem menn ætla, að verið hafi gömul lögrétta, en engin sjást þar önnur fornvirki. Þessi rúst er uppi á dálitlum hól, grasi vaxin, og eigi mjög stór,” segir Magnús Grímsson. “Lögrétta. Ekki er vitað, hvað þetta var, og má geta þess, að hann er ekki eins í laginu og slíkir lögréttuhringir eru vanir að vera,” segir í örnefnalýsingu.



Lögrétta GK-040:002, horft til suðvesturs.

Uppmæling Lögrétta GK-040:002.

“Í túninu er ein af þessum hringmynduðu fornbyggingum, sem kallaðar eru »lögréttur«. Þessi er líka kölluð það. Hún er einkennileg og frábrugðin öllum öðrum, er eg hefi séð, að því leyti, að á henni eru 6 dyr eða hlið, sem skifta henni í 6 jafna parta. Mundi svara því að 2 sæti hefði verið undir hverjum parti. Að öðru leyti er ekki hægt að gizka á hvaða tilgang hlið þessi hafa haft. Og því óskiljanlegri eru þau, ef maður vill geta þess til, að hringurinn sé sáðgarður eða fjárrétt. Og ekki lítur þó út fyrir, að það séu skörð. Þau eru hér um bil jafnstór og jafnlangt milli þeirra, eins og þau séu skipulega sett af mönnum. Annað er hér þó ekki, sem bendir á þingstað, hvorki munnmæli né búðatóftir,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903.

“Lögrétta”, svo nefnd, forn hringur í Stafness-túni, fyrir norðan bæinn. Sbr. Árb. 1903: 39-40. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938,” segir í friðlýsingaskrá.

“Hjá Kvíslarhól [039], 30-40 m í norðaustur frá Stafnesshúsinu, við veginn er hringrúst sem lítur nú út eins og dæld. Lögrétta er gamalt nafn á þessum hring sem er 39,4 m í radíus,” segir í svörum í Þjóðháttasafni. Lögrétta er um 50 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 20 m norðvestan við bæjarhól Loddu 025.

Tóftin er í bakgarði bæjarins á Stafnesi og búið að planta skjólbelti allt umhverfis hana.

Tóftin er um 15 m í þvermál, er einföld og greina má op á fjórum stöðum. Veggirnir eru algrónir, 2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 6 m NNV, hinu megin við malarveg og ólíklegt að tóftin veði fyrir raski.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Magnús Grímsson 1994, 254; Ö-Stafnes AG, 1; Árbók 1903, 39-40; Friðlýsingaskrá, 18

GK-040:025 Lodda bæjarhóll býli

A 316667 N 390872

1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Ladestoffuo [Hlöðustofa] j legekö. [...]” segir í Íslenzku fornbréfasafni XII.

“Loddubrunnur [038] var brunnur frá bænum Loddu. Hann er enn til, því að Eiríkur Jónsson, sem síðar bjó í Norðurkoti, gróf hann upp um eða fyrir 1920,” segir í aths. við örnefnaskrá. “En sannfróðir



*Bæjarhóll Loddu GK-040:025, horft til
norðvesturs.*

eru menn um það, að þar hafa margar hjáleigur lagzt í eyði og þar af sumar af sjógangi. Nokkrar af eyðihjáleigunum heyrði eg nefndar, og eru þær þessar: [...] Lodda (þ. e. Loðvíksstofa). Þar hefir vist verið einna bezt hýsing um aldamótin 1800, því þangað flúði Bátsendakaupmaður, er kaupstaðurinn fór af. Nú sjást varla merki til tófta í Loddu, því öskuhaugur hefir seinna verið borinn ofan á þær og gróið upp sem hóll í túninu hjá heimabænum,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903.

“Lodvíksstofa, níunda hjáleigja. Loddastofa. Nú tómthús, en hefur grasnyt haft alt til næstliðinna fardaga. Jarðardýrleiki óviss,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

“Var kot þetta í byggð fram á miðja 19. öld,” segir í Rauðskinnu II. Lodda er tæpum 20 m suðaustan við

Lögrétta 002 og tæpum 50 m austan við bæ 001. Vegslóði að Glaumbæ GK-041 liggur þvert yfir hólinn og búið að planta skjólbelti þar meðfram. Trjástofn er rekin ofan í bæjarhólinn, rótarhnausinn vísar upp. Slétt, ræktuð tún og skjólbelti eru allt umhverfis hólinn.

Bæjarhóll Loddu er um 21x16 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann er 0,5-1 m á hæð og svæðið er slegið. Sléttað er yfir hólinn og hann er graxivaxinn. Engar tóftir sjást á hólnum en án efa má enn finna mannvist undir sverði. Miðlína ljósleiðara liggur þvert yfir norðausturhluta bæjarhólsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stafnes Aths, 1; Árbók 1903, 39; JÁM III, 40; DI XII, 116; Rauðskinnu II, 14

GK-040:027 heimild um túngarð

A 316828 N 391060

Túngarður er merktur á túnakorti frá 1919 og umlykur hann Stafneshverfi. Við norðurenda garðins breytist hann í garðlag sem endar “á klettanefi í fjöru.” Skýrsla skoðunarmanna 1746. [...] Á túnið að norðan- og vestanverðu gengur sjórinn og niðurbrytur túngarðinn, vel 14 faðma, setur svo grjót og sand inn á túnið, sem bóndinn með stóru erfði árlega burthreinsar, og garðinn aftur upp hleður. [...] Voru túngarðarnir mikinn part niðurfallnir og kæfðir í sandi, sem bóndinn með miklum erfiðismunum upp halðið, vel 3 hundr. faðma (=360). En vel tveir partar sýnast ómögulegt upp að hlaða,” segir í Rauðskinnu IX-X. Túngarðurinn var fast vestan við malbikaðan veg að Stafnesvita austast í túninu. Túngarðurinn er horfinn innan áhrifasvæðis ljósleiðara en austurhliðin var innan þess á nokkrum stöðum.

Slétt, ræktuð tún. Vestan við veginn eru ennfremur hús og svæði sem var raskað við veglagningu.

Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Rauðskinnu IX-X, 22-23

GK-040:039 Kvíslarhóll heimild öskuhaugur

“Kvíslarhóll er gamall öskuhaugur við Loddu [025],” segir í örnefnaskrá.

“Kvíslarhóll er rétt við bæinn á Stafnesi. Þetta er aldagamall öskuhaugur. Þarna átti einu sinni að grafa jarðávaxtageymslu sem reyndist ekki hægt vegna öskunnar. Hóllinn heitir Kvíslarhóll vegna þess að hann stendur hátt og gott þótti að þurrka þar skinnbrækur sjómanna. Þær voru settar á svokallaðar brókakvíslar til þerris og uppi á hólnum stóðu kvíslarnar,” segir í svörum í Þjóðháttafni. “Hjá Kvíslarhól, 30-40 m í norðaustur frá Stafneshúsinu, við veginn er hringrúst sem lítur nú út eins og dæld. Lögrétta [...]” segir í svörum í Þjóðháttafni. Samkvæmt þessum lýsingum var öskuhaugurinn líklega innan úttektaarsvæðis ljósleiðaralagnar en frekari heimildir þarf til þess að staðsetja öskuhauginn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stafnes AG, 1; ÞP 10777

GK-040:090_01 Bali bæjarstæði býli

A 316755 N 391099

Á túnakorti er hjáleigan Bali merkt með þremur steinhúsum og tveimur timburhúsum, þar af eitt með áfastri skemmu, sem og einu salerni um 90 m sunnan bæjar 001. Í heimatúni Bala eru fjórir kálgarðar, tvö stein- og torfhláðin útihús með stafpili, eitt steinhús og eitt steinhús með skemmu. Túngarður 090_08

umlykur Balatún og er austurhlíð garðsins hluti af túngarði 027.

“[Daði Jónsson F]ékk þess í stað árið 1887 útmælda 400 ferfaðma þurrabúðarlóð í Stafneslandi er hann nefndi Bala. [...] Loks komst hann í raðir sjálfseignarbænda er hann keypti fjórðung Stafneslands árið 1906 [...]. Þurrabúðin Bali var þar með orðin sjálfstæð jörð,” segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson. Bali var sunnan við núverandi íbúðarhús, þar eru nú útihús. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 5 m norðar og bæjarstæðið ætti ekki að vera fyrir raski. Bærinn snéri stöfnum til suðvesturs.

Umhverfis bæjarstæðið eru slétt, ræktuð tún auk vega og útihúsa.

Bæjarstæðið er 35x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Það var norðvestan við núverandi útihús og ekki sér til uppsöfnunar mannvistarlaga á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ásgeir Ásgeirsson, 164



Bæjarhúsin á Bala GK-040:090 eru sýnd á túnakorti frá 1919.

Lítið sem ekkert sést af þeim í dag.

GK-040:090_02 heimild um útihús

A 316773 N 391097

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m austan við bæjarstæði 090_1. Hluti þess er innan áhrifasvæðis ljósleiðara en öll ummerki þess eru horfin af yfirborði. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 11 m norðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-040:090_03 heimild um útihús

A 316785 N 391107

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m austan við bæ 090_1 og 10 m norðaustan við útihús 090_02. Útihúsið er horfið af yfirborði og var að öllum líkindum rífið. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 5 m norðar, malarvegur að bænum er á milli.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-040:090_04 heimild um kálgarð

A 316800 N 391107

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 20 m austan við bæ 090_01 og 4 m SSA við útihús 090_03. Kálgarðurinn er horfinn en nyrsti hlutinn er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara. Útihús er innan kálgarðsins að hluta.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-040:090_05 heimild um útihús

A 316814 N 391103

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 43 m austan við bæ 090_01 og 4 m austan við kálgarð 090_04. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 8 m austan við áætlaða staðsetningu útihússins. Þar er nú gróið svæði og útihúsið sést ekki á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-040:090_06 heimild um útihús

A 316811 N 391112

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 43 m austan við bæ 090_01 og 5 m norðan við útihús 090_05. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 8 m austan við áætlaða staðsetningu útihússins. Þar er nú gróið svæði og útihúsið sést ekki á yfirborði. Vegur að íbúðarhúsinu á Bala er fast norðan við áætlaða staðsetningu úthússins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-040:090_07 heimild um kálgarð

A 316801 N 391125

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 40 m ANA við bæ 090_01 og 4 m norðan við kálgarð 090_04. Miðlína ljósleiðara liggur í gegnum suðurhluta kálgarðsins en hann er horfinn af yfirborði. Gróíð tún er þar núna.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-040:090_08 garðlag túngarður

A 316816 N 391083

Fyrir sunnan bæ 090_01 afmarkaði túngarður heimatúnið. Hann sést enn og var rakin á 20 m löngum kafla. Túngarðurinn er grjóthlaðinn, 1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Greina má 2-3 umför í túngarðinum sem er ekki sýndur á túnakorti. Túngarðurinn liggur til vesturs frá miðlínu áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-040:097 hleðsla kálgarður

A 316822 N 391151

“Yfir Stafnes hverfið allt eru grjótgardar, hlaðnir úr hraungrýti úr hrauninu fyrir ofan túnin á Stafnesi. Þessir gardar eru einhlaðnir, standa vel og þarna er gríðarlega mikið af þeim. Þeir voru hlaðnir til



að skýla kartöflu og rófugörðum og vernda þá fyrir búpeningi. Ekki var amast við því í gamla daga að þeir á Stafnesi sem engar landnyttjar höfðu gerðu sér slíka garða fyrir kartöflur og rófur í hrauninu,” segir í svörum í Þjóðháttafni. Hluti þessarra garða lendir innan áhrifasvæðis ljósleiðra. Heildarumfang þessarra garða er mikið og af þeim sökum voru þeir eingöngu raktir innan áhrifasvæðisins. Vesturhliðar þriggja slíkra garða eru þar innan.

Grýtt hraun. Lúpína er víða og gras innan grjótgardanna.

Þar sem gardarnir voru ekki mældir í heild sinni er erfitt að geta sér til um stærð þeirra. Hins vegar eru allir veggir hlaðnir úr grjóti, 0,5 m á breidd og 0,3 - 0,5 m á hæð. Alls má sjá 3-5 umför af grjóti í þeim.

Gardarnir eru ekki sýndir á túnakorti og voru rétt utan þess. Alls voru hlutar af um 5-6 kálgörðum mældir upp en rétt er að ítreka að kálgarðarnir ná yfir mun stærra svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: ÞP, 10777

GK-040:150 tóft kálgarður


A 316776 N 391636

Tóft er fast vestan við Stafnesveg og um 330 m norðan við útihús GK-043:006. Sé tekið mið af lagi og ástandi tóftarinnar er um kálgarð að ræða.

Tóftin er í óræktuðu túni sem er notað sem beitarhagi fyrir hesta. Víða í túninu eru stór björg.



Kálgarður GK-040:150, horft til suðurs.



Uppmæling af kálgarði GK-040:150.

Tóftin vísar norður-suður og í suðvesturhorni er rof sem gæti hafa verið op í grunninn. Vesturlangveggur er ógróinn og má greina eitt umfar af stóru grjóti. Austurlangveggur er algróinn en í suðurenda veggjarins sést glitta í stórt grjót. Skammveggir tóftarinnar eru nokkuð ógreinilegir.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-041 Glaumbær

1703: Jarðardýrleiki óviss. Tveir bær samfastir og eru sagðir vera sjöunda og áttunda hjáleiga frá Stafnesi (GK-040), samkvæmt JÁM III, 39.

1847: Jarðardýrleiki óviss, samkvæmt JJ, 86.

1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Glombey j legekö. [...]" DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 143; 1549-1550, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177; 1552, DI XII, 403.

Í eyði samkvæmt örnefnaskrá (Ö-Stafnes MP, 6).

Jarðarítök: Jörðin brúkaði rekja- og þangatekju í Glaumbæjarvík innan Stafnesslands, segir í örnefnaskrá Stafness (Ö-Stafnes MP, 1). Í aths. við örnefnalýsingu kemur fram að jörðin átti einnig þangafjöru á Glaumbæjarhól innan Stafnesslands (Ö-Stafnes aths., 1).

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Glaumbæ.

1919: Sléttað tún (Glaumbær), 1.4 hekt., garðar 500 m².



GK-041:001

Glaumbær

bæjarhóll

bústaður

A

316723

N 390859

Á túnakorti frá 1919 er bærinn Glaumbær teiknaður með þremur steinhúsum og tveimur timburhúsum, þar af eitt með áfastri skemmu, sem og kálgarði sunnan bæjarhúsanna með tveim forum í suðaustri.

"Er þá snúið að og haldið inn Gjána, Heiðarvörðu [GK-040:043] um rofbakka ofan við Glaumbæ (nú í eyði)," segir í örnefnaskrá Stafness.

"Glaumbær, sjöunda og áttunda hjáleiga, tveir bær samfastir," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Á bæjarhól Glaumbæjar er stórt íbúðarhús og tóftir bæjarhúsa þar sunnan og austan við. Stafnar bæjarins snéru til suðurs og kálgarður var framan við. Rask er á vesturhluta bæjarhólsins.

Slétt, grasvaxin tún eru allt umhverfis bæjarhólinn.

Heimatún Glaumbæjar GK-041. Ljósleiðari mun liggja að bænum úr vestri.



Bæjarhóll Glaumbæjar GK-041:001, horft til austurs.

Túnin eru nýtt til sláttar og beitar.

Bæjarhóll Glaumbæjar er um 50 x 35 m að stærð og snýr norður-suður. Bæjarhúsin voru fast austan við núverandi íbúðarhús, utan við áhrifasvæði ljósleiðara og ekki mæld upp af þeim sökum. Hið sama má segja um tóftir sem sjást sunnan við íbúðarhúsið og voru innan kálgarðsins. Bæjarhóllinn er um 2 m hár, grasivaxinn og sléttur. Enn er íbúðarhús á hólnum en öll úthús eru horfin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafnes MP, 6; JÁM III, 39

GK-042 Nýlenda

1847: Jarðardýrleiki óviss, sögð hjáleiga frá Stafnesi (GK-040), samkvæmt JJ, 86.

1766: Nefnd í lýsingu á Stafnesi 1766 skv. Rauðskinnu IX-X, 24.

“Árið 1880 taldi hann [sr. Sigurður B. Sívertsen] prýðileg timburhús með stofum (undir baðstofu) á Stafnesi, Gerðakoti og Sandgerði og þokkalegar innanþiljaðar baðstofur á Stafnesi, Sandgerði og



Ljósleiðaralögn endar líklega rétt sunnan við áætlaða staðsetningu kálgarðsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-043 Hólakot

1703: Jarðardýrleiki óviss, sögð sjötta hjáleiga frá Stafnesi (GK-040), samkvæmt JÁM III, 39.

1847: Jarðardýrleiki óviss, samkvæmt JJ, 86.

1 5 4 7 - 1 5 4 8 :


Fógetareikningar.

“Jtem met Hollakot j legekö. [...]” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 143; 1549-1550, DI XII, 157; 1550, DI XII, 176; 1552, DI XII, 403.

Jörðin búin að vera í eyði í “mörg ár” segir í örnefnaskrá Stafness (Ö-Stafnes MP, 1).

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Hólakot.

1919: Sléttað tún (Hólakot), 0.05 hekt., garðar 1080 m².



Heimatún Hólakots GK-043. Ljósleiðarinn mun leggja eftir austurhluta þess.

GK-043:001 Hólakot bæjarhóll bústaður

A 316745 N 391183

Á túnakorti frá 1919 er bærinn Hólakot merktur með sex steinhúsum og stöku timburhúsi með áfastri skemmu. Kálgarður er teiknaður sunnan bæjarhúsanna og eru tvær forir í honum að austanverðu.

“[Hólakot] var nyrzti bær í Stafneshverfi og nyrzta túnið, en bærinn hefir staðið í eyði í allmörg ár,” segir í örnefnaskrá Stafness.

“Holakot, sjötta hjáleiga. Jarðardýrleiki óviss,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru bæjarhúsin mitt á milli núverandi íbúðarhúsa á bænum. Þau eru byggð austan og vestan eldri bæjar og líklega rétt utan við bæjarhólinn. Stafnar bæjarhúsanna séru til suðurs.

Gróíð svæði, nýtt sem plan. Búið að slétta yfir hólinn og engar minjar sjást þar á yfirborði.

Bæjarhóllinn er 27x18 m að stærð og snýr austur-vestur. Ólíklegt er að hann verði fyrir raski sökum ljósleiðaralagnar sem fer að íbúðarhúsunum. Erfitt að áætla hæð bæjarhólsins en mannvist er á efa enn undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafnes MP, 1; JÁM III, 39

GK-043:003 heimild um útihús

A 316764 N 391216

Á túnakorti frá 1920 er útihús merkt um 30 m norðaustan bæjar 001. Sé horft til merkingar á túnakortinu gæti eins verið um heimarétt að ræða. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 1 m til vesturs og 4 m til norðurs. Gróin vegöxl og bakgarður er á þessu svæði.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-043:006 heimild um kálgarð

A 316758 N 391309

Á túnakorti frá 1919 eru tveir kálgarðar samhliða hvor öðrum merktir tæpum 120 m norðan bæjar 001, nyrst í heimatúni Stafneshverfis. Norðausturhlið garðanna er reist upp við túngarð GK-040:027 en staðsetning hans bendir til þess að Hólakot hafi nýtt þá. Túngarðurinn er einnig horfinn á þessu svæði. Miðlína ljósleiðaras er þvert í gegnum norðurhluta kálgarðanna. Malarvegur er fast til norðurs og austurs frá áætlaðri staðsetningu kálgarðsins.

Gróin vegöxl og tún eru á þessum slóðum.

Engin ummerki kálgarðanna sjást á yfirborði.

Heimildir: Túnakort 1919

GK-043:008 heimild um leið

A 316723 N 391106

Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá Bala GK-040:090 í norðvesturátt og endar við vesturhluta heimatúnsins þar sem hún mætir leið 012. Leiðin lendir innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara norðvestan við Bala, miðlínar er 10 m norðaustar. Leiðin var eingöngu rakin innan áhrifasvæðis og öll ummerki hennar eru horfin þar.

Hús og bakgarður Bala er á þessu svæði nú.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-044 Hvalsnes

1686 og 1695: 60 hdr., 3/4 konungseign, 1/4 kirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.

1703: Jarðardýrleiki óviss, 3/4 konungseign 1/4 kirkjueign. Kirkjustaður með hjáleigunum Gierdakoti (GK-045), Smidshúsi, Ervidi, Moakoti, hjáleigu kennd við ábúanda hverju sinni (þá Þorbjörn) og Fiosakoti, samkvæmt JÁM III, 45-47.

1847: Jarðardýrleiki óviss, bændaeign, með hjáleigunum Gerðakoti, Rembihnúti (GK-046), Mosahúsi (GK-047) og Nýlendu (GK-048). Þar segir að í jb. 1803 séu hjáleigurnar Smidshús og Brandshús undirsettar jörðinni, samkvæmt JJ, 86.

Um 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 9.

1225: “Síðan fór Aron [Hjörleifsson] suðr a Hvalsnes til Þorsteins ok var þar um hríð,” segir í Íslendinga sögu, Sturl I, 308. Hvalsness er einnig getið í sömu sögu bls. 457, 495.


Um 1270: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þaðann fra fvlavik xl fadma a sanndinn fra kolldvhomrvn. Þaðann aa hvalsnes. krokvr. ok vtskaler sydv r til midær holms sinn þridivng hvor þeirra. [...] Þaðann eigv vtskaler einer sydv r til miosyndis. Þaðann aa sydv r hvalsnes ij hlvti j vidreka enn starnes þridivng.” DI II, 77. **Um 1270:** “Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvíkinga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn ix hlt hvals aa hvalsnes ok starnes.” DI II, 78-79.

Um 1270: “landamerkia bref aa milli huals nes og starnes.” DI II, 81.

1367: “xliij. Hvalnes maldage eins og j vilchinsbok. þa lidit var fra hijngad burd vors lausnara Jesu christi þushundrut ara þriu hundrut ara og siau tijger ara vijgde herra othgeir Biskup kirkiu a Hualsnese et cetera”; Hítardalsbók, sjá 1370; DI III 219.

1370: “Hvalsnes. Þa er lidit var fra hijngadbud vors herra Jesu Christi Þushundrud ära ccc. oc lxx ara. vijgdi herra Otthgeir Biskup kirkiu a Hvalnesi [...]. ad kirkian a fiordung j heima landi sem Biorn bondi Olafsson oc Salgierdur kona hanz [gafu] kirkiunni til vpphelldis og ad standa skylldi firir presti og jord j nordurnesium [...]” DI III, 256-257.

1415: “[...] hustru jnghunn gunnarsdotter medr fullo handabandhi fek [...] herra arnna med gudz nadh biskup i skalholti sitt fullt oc loghligt æighnar vmbodh yfuer hualnesi a hrosmalanesi [...]” DI III, 761. 25.8.1426: Vottað “ath herra hanis paalsson feck med fullo handabande herman langha forstandara ath allra heilagra kirkiu j bergwin hualsnes a Rosmalanesi liggjande bade síns herra kongsins oc suo sína vægna [...]” DI IV, 336.



Heimatún Hvalsnesshverfis. Ljósleiðari mun fara í gegnum suður- og norðausturhluta túnsins.

1435: Jón Kárasen prestur vottar um viðtal Árna Ólafssar biskups við Helga Guðinason systurson sinn: “hielt biskup aarne aa eirne skaal ok drack helga aulit til. ok hier til gef ek þier jaurdina er hualsnes heiter er liggr aa Rosmalanese til fullrar eignar.” DI IV, 554.

1436: Snorri Ingimundarson prestur og þrír aðrir menn votta: “ath gudrun styrsdottir handfeste helga gudinasyne suo felldan vitnissburd. Ath hun heyrde [...] gerra aarna med guds naad biskup j skalhollte kennazt [...] ath hann hefde gefit nefndum helga jaurdina er hualsnes heiter er liggr aa rosmalanese til fullrar eignar ok sagdizt þa enn gefa honum adr nefnda jaurd.” DI IV, 555.

1436: Helgi Ingjaldsson prestur vottar: “at nefnd jngun [gunnarsdotter] feck biskp arna jordina a hualsnese er liggr a rosmalanesi til fullrar eignar med ollum þeim gognum ok gædum sem til liggr [...]” DI IV, 555-556.

1436: Alþingisdómur tólf manna útnefndum af Ormi Loptssyni hirðstjóra: “at dæma i milli hera laughmannzins helga gudinasonar ogh nikulas snæbiarnarsonar. Kærði fyrrnefndr helghi ath aadrnefndr nikulaas hielldi ogh sier eignadi jordina hualsnes er liggr aa rosmhvalanesi. [...] því dæmdvm vier fyrrnefnder domsmenn títtnefndom helgha optnefnda jord hualsnes til fvllrar eignar svo mikít sem gilldi aatta lester fisk fram komnar i bergvin en honum til hallz það sem jördin væri dyrri.” DI IV, 559-560.

1445: Torfi Arason selr Skúla Loptssyni Hvalsnes á Rosmhvalanesi og Gegnishól í Skagafirði fyrir jarðirnar Pykkvaskóg, Miðskóg Þórólfsstaði, Smyrlahól Giljaland og Heinaberg. “[Seljandi jarðarinnar reiknar] at hualsnesi fylgdi tuer jarder nes ok Melaberg ok stedi onnur firir omagavist. enn adra etti kirkian ok Þar til tolf kugilldi. kynni [kaupandi] at spyria at helge gudinason hefði fleire peninga tekit kirkiunnar vegna aa hualsnesi Þa skyldi [seljandi] Þa til leggja.” DI IV, 665-666.

1488: Jörðin Bjásker á Rosmhvalanesi er í Hvalsneskirkjusókn. DI VI, 637.

1541. Minnisgreinar Gizurar biskups. “Jtem lofad sira Eyolfi Hualsnesi ef sera Halldor hefur það ecki heima sialfur.” DI X, 691.

1546: Bréf Gizurar biskups til síra Eyjólfis á Hvalsnesi. “J hueriu þier skrifudut at sira Einar hefði b(ygt) undan ydur hualsnes veit ec þar ecki til.” DI XI, 528. 1552: Fógetareikningar. “Jtem Ogmonder aff Hualsnese ffor ij skatte xvj alne vadmél.” DI XII, 420. Sjá einnig Fógetareikninga 1553, DI XII, 577, 579.

1563: Jarðaskiptabréf hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtstól. “[...] under minn nadugasta herra

og Krununa skulu þessar jarðer liggja til eignar og aftekta [...] Hvalsnes með Hvalsness hverfi fyrir þessum hundræðum.” DI XIV, 156. 1575: Máld DI XV 639

1698-1720: Jón bp Vídalín lætur lögtaka að Njarðvírkirkja fái alkirkjurétt og skuli vera annexía frá Hvalsnesi; PP, 102.

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Hvalsnes ásamt Móum, Loftstöðum, Smiðshúsum, Nýjabæ, Móhúsum og Tjörn.


1919: “Túnin að mestu slétt og sléttuð.” Tún (Hvalsnes A), 3.4 hekt., garðar 800 m². Tún (Hvalsnes V), 3.4 hekt., garðar 540 m². Tún (Smiðshús), 1.3 hekt., garðar 540 m². Tún (Nýibær), 0.9 hekt., garðar 810 m². Tún (Tjörn), 0.15 hekt., garðar 380 m². Tún (Garðbær), 0.15 hekt., garðar 380 m². Tún (Hlið), 0.15 hekt., garðar 380 m². Sléttað tún (Móakot), 0.44 hekt., garðar 370 m². Sléttað tún (Loftstaðir) 0.1 hekt., garðar 590 m². Öll torfan samtals 9.9 hekt., og garðar 4790 m².

1703: [S]o er og mestalt land jarðarinnar komið í sand, grjót og hrjóstur [...]. Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu, valla nýtandi. Elddiviðartak ekkert nema fjörubáng. Fjörugrasatekja sem jörðinni nægir. Sölvatekja lítil. Fuglveiði og eggver ekkert nema ef sótt væri til Geirfuglaskers, sem presturinn þykist heyrt hafa kirkjunni eignað að nokkrum parti, en þángað er háskaför so mikil, að það hefur um langar stundir ekki farið verið [...]. Rekavon nokkur. Hrognkelsafjara að nokkru gagni. Murukjarnar, sól og bjöllur eru um veturinn brúkaðar til að næra á nautpeningi í heyskortu [...]. Vatnsskortur er að miklu meini, so að margoft bæði sumar og vetur verður það að meini mönnum og fjeaði, þegar ekki nást fjöruvötn,” segir í JÁM III, 44-45.

“Hvalsnestangi [...]. Skiptast þar á tjarnir og þýfðir móar. Þar er kúabeit, einnig hesta og sauðfjár að nokkru,” segir í örnefnalýsingu MP (Ö-Hvalsnes MP, 1). Í örnefnaskrá AG segir: “Kúatraðir eru frá bæ milli Norðurtúns og Tjarnarblettis.” (Ö-Hvalsnes AG, 1).

GK-044:001_01 Hvalsnes bæjarhóll bústaður

A 316587 N 390833



Uppmældar minjar á bæjarhólnum í Hvalsnesi GK-044:001.

áberandi og sést vel úr öllum áttum.

Bæjarhóllinn er um 50 m í þvermál og 1-2 m á hæð. Brún hólins sést einna best til suðurs, þar er hún 1,5 m á hæð. Malarplan er á hólnum miðjum og vegur yfir norðurhluta hans. Ekkert er varðveitt af eldri húsum á bæjarhólnum en án efa er enn mannvist undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

Á túnakorti frá 1919 er bærinn Hvalsnes merktur með níu steinhúsum, tveimur kálgorðum og einni for vestan við suðurkálgarðinn. Íbúðarhús er suðaustast á bæjarhólnum og steinsteypt útihús til norðurs og vesturs. Íbúðarhúsið er byggt yfir austurenda bæjarhúsanna líkt og þau eru sýnd á túnakortinu og útihúsin eru vestarlega á hólnum, á sama stað og útihús á túnakortinu. Stafnar bæjarins snéru til suðurs að öllum líkindum en mikið rask er á bæjarhólnum vegna húsbygginga sem og annarra framkvæmda. Áætlað er að ljósleiðarinn liggi þvert yfir miðjan bæjarhólinn.

Slétt, ræktuð tún eru allt umhverfis bæjarhólinn á Hvalsnesi. Bæjarstæðið er

GK-044:001_02 hleðsla kálgarður

A 317168 N 392836

Kálgarður er sunnan við bæ 001_01 og er enn varðveittur að hluta. Suðurhliðin sést sem grjóthlaðinn kantur og er 1-1,5 m á hæð. Kanturinn er algróinn en grunnt á steina sem eru í veggjum. Innan í kálgarðinum er engin brún og búið að fylla hann af jarðvegi. Kanturinn er 30 x 11 m að lengd, snýr austur-vestur og er L-laga. Suður- og austurhliðar sjást enn og eru innan áhrifasvæðis ljósleiðaralagnar sem fer skáhallt til suðausturs í gegnum kálgarðinn. Bakgarður íbúðarhússins á Hvalsnesi er innan

kálgarðsins nú.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-044:001_03 heimild um útihús

A 317163 N 392832

Útihús var í austurhluta kálgarðs 001_02 samkvæmt túnakorti frá 1919. Það er horfið og búið að slétta yfir svæðið. Slétt, grasvaxið svæði er innan kálgarðsins sem er hluti af bakgarði íbúðarhússins. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara liggur beint í gegnum áætlaða staðsetningu útihússins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Kálgarður GK-044:001_02, horft til vesturs.



Hvalsneskirkja GK-044:002_01, horft til norðausturs

GK-044:002_01 hús kirkja

A 317213 N 392799

Á túnakorti frá 1919 er steinkirkja, sem er samtengt kirkjugarði 042, merkt um 80 m suðaustan bæjar 001. Kirkjan sést enn.

HVALSNES Á MIÐNESI (G) -Guði, Maríu, heilögum krossi, Ólafi, Katrínu, öllum Guðs helgum mönnum

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 9

1367: “xliij. Hvalnes maldage eins og j vilchinsbok. þa lidit var fra hijngad burd vors lausnara Jesu christi pushundrut ara þriu hundrut ara og siau tijger ara vijgde herra othgeir Biskup kirkiu a Hualsnese et cetera”; Hítardalsbók, sjá 1370, DI III 219

10.6.1370: “Hvalsnes. Þa er lidit var fra hijngadburd vors herra Jesu Christi Pushundrud ära ccc. oc lxx ara. vijgdi herra Otthgeir Biskup kirkiu a Hvalsnesi Gudi til lofs oc dyrdar og heilagri Gudz modur Mariæ. hinum heilaga krossi. Olavo kongi. heilagri Katariæ oc ollum Gudz helgum monnum næsta dag firir festum Barnabæ Apostoli med þessum mældaga. ad kirkian a fiordung j heima landi sem Biorn bondi Olafsson oc Salgierdur kona hanz [gafu] kirkiunni til vpphelldis og ad standa skyldi firir presti og jord j nordurnesium oc xij kyr. Þar skal vera heimilisprestur oc syngia hvern dag helgann oc hvern dag vm Langafostu oc jolafostu. ymbrudaga oc oll ix lestra holld oc octavas oc iij daga j viku þess j milli. þar skal lvka presti iij merkur aa hveriu aare. þangad liggia Þesser iij bæer ad tiundum oc lysitollum oc ollum skyldum. þoristader. flangastader. Sandgerdi oc Vppsaler. Og af ollum bæium sudur þadan til Voga allar skyldur vtan af Biaskerium oc þeim tveimur kotum sem þar fylgir jordunni. tekst þar af heima tiund. af Hvalsnesi skal syngia til Biaskeria annan huern dag helgan. Þetta aa kirkian innan sig. kross fornan storan med vnderstodum. Mariuskriptt. olafsskriptt. iij krossa smä. Salvatoris skriptt. skrijn med helgum domum. v. kluckur. iij biollur. Tabulum oc brijk. tiolld vmmhverfis sig. kiertistikur iij med kopar. jarnstikur iij. sacrarium mvnnlaug. ampli oc fonts vmbuning med skjirnar katle. vijgdz vattzkietill oc stockull. paxspialld oc paskablad. sacrarium handklædi oc kiertistiku. glodarkier. elldbera. baksturjarn. kirkiu läs. kista. vj manna messuklædi oc iij hoklar ad auk. kantarakapur iij. sloppar ij. alltaraklædi iij med dvkum. kaleika iij. oc hvslkier med silfur glerglugga iij. merki ij. lectara ij. stol. kiertaklofa. paskakiertis vmbunad. dymbil oc halftt pund vax. xij manada tijder. J mote þeim iij bæium sem vndann Vtskaala kirkiu eru tekner leggur Biorn bonde kirkiunni ad Vtskalum jord er hiter j Votum med tveimur kugilldumtil æfinnligrar eignar. fiell nidur portio sijdan Svarthofdi erfdi jordina firir ad hann giordi kluckna hvs oc firi brad oc brot aa kirkiu”; Vmáld DI III 256-257 [ef seinasta málsgreinin er ekki seinni viðbót, þá getur hér ekki verið um kirkjustofnun að ræða. Umtalsverð ornamentiseign bendir líka til að kirkjan hafi átt sér

lengri sögu. Máldaga Oddgeirs ber þá etv að skoða sem breytingu úr hálf- í alkirkju]

7.5.1445: “[Seljandi jarðarinnar reiknar] at hualsnesi fylgdi tuer jarder nes ok Melaberg ok stedi onnur firir omagavist. enn adra etti kirkian ok Þar til tolf kugilldi. kynni [kaupandi] at spyria at helge gudinason hefði fleire peninga tekit kirkiunnar vegna aa hualsnesi Þa skyldi [seljandi] Þa til leggja”; DI IV 666

22.8.1488: Jörðin Bjásker á Rosmhvalanesi er í Hvalsneskirkjusókn. DI VI, 637

1575: Máld DI XV 639

1698-1720: Jón bp Vídalín lætur lögtaka að Njarðvírkirkja fái alkirkjurétt og skuli vera annexía frá Hvalnesi; PP, 102

1811: Hvalnesprestakalli skipt upp og varð Hvalnes annexía frá Útskálum, staðfest með konungsbréfi 26.4.1815, Þó þannig að Hvalneskirkja skyldi niður lögð; PP, 104

5.4.1820: Hvalneskirkja tekin upp á ný og byggð upp aftur 1821; PP, 102 [konungsbréf]

“[K]irkjan var uppbyggð að heita mátti á ábúandans kostnað 1821; þykir hún vera snoturt hús og prýðilegt,” segir í sýslu og sóknalýsingum. “Nýlega er búið að færa Hvalsnesskirkju út úr kirkjugarðinum suðaustur fyrir hann; er hún nú bygð úr steini og mjög vönduð. — Mér hafði verið sagt, að í Hvalsnesskirkjugarði hefði verið legsteinn yfir Steinunni Hallgrímsdóttur skálds, Péturssonar. Nú var þar að eins einn legsteinn sjáanlegur og af honum var alt letur þó horfið. En sú sögn fylgdi honum, að hann væri yfir séra Eiríki Guðmundssyni ([d.] 1796). Var mér sagt, að gras mundi gróíð yfir Steinunnar-steininn, en að Hákon bóndi í Nýlendu mundi vita, hvar hans væri að leita. Hákon kvaðst muna eftir steininum: hann hefði verið alsettur letri. Og hann vísaði til, hvar hann minnti að steinninn hefði verið. Þar lét ég gjöra talsverða leit, en kom fyrir ekki. [...] Á Stafnesi kom maður til mín, og sagðist hafa beyrt það haft eftir Steingrími bónda í Nesjum (Jónssyni prests í Hruna, Steingrímssonar), að hann (Steingrímur) myndi eftir því, að þá er síðast var bygð kirkjan í kirkjugarðinum (sem var 1864), þá hefði legsteinn verið settur í »grunnmúrinn«, og á honum hefði verið nafnið »Steinunn Hallgrímsdóttir« og ártalið, en ekkert annað. Ártalið hefði verið annaðhvort 1660 eða 1669. [...] Sé hún rétt hefir sá steinn eigi tilheyrir Steinunni dóttur séra Hallgríms skálds. Hann var farinn frá Hvalsnesi fyrir 1660,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903. “Á skrásetningarferð minni um Suðurnes í ágústmán. i sumar var mér sagt til tveggja rúnasteinsbrota á Hvalsnesi. [...]. Annað lá úti undir kirkjugarðsveggnum að sunnanverðu, fyrir utan hann; er það aftari hluti steinsins. Hitt var í hleðslunni í norð-vesturvegg kirkjugarðsins að innanverðu og sást á þá hlið sem rúnirnar voru á. Efni beggja brotanna er grágryti (dolerit) og er það brotið, sem í hleðslunni var, orðið eytt og veðurbarið; hefði það verið hér mörg ár enn, var fyrirsjáanlegt að rúnir og alt verk hefði eyðst af því. [...] Bæði brotin eru nú komin á Forngripasafnið, og er eg sá alla lögun þeirra og gat lagt þau saman, sá eg brátt, að þau áttu saman og að lítið vantaði í steinninn. [...] Áletrunin er því í heild sinni þannig: hér hv[íle]r ingibrig [l]ofs dóter. [...] Áletranin ber með ýmsu móti vott um það, að legsteinninn sé fremur gamall, sennilega frá því fyrir síðaskiftin og máske frá 15. öld,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1908. Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1971 er áletrunin sögt talin frá um 1500.

“Þar [í kór kirkjunnar] stendur líka legsteinninn yfir Steinunni dóttur hans [Hallgríms Péturssonar] sem fannst í kirkjustéttinni 1964,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1984.

“Síra Gestur var þá prestur á Hvalsnesi. Hann kom út úr bænum um vökuna og sér hvar tveir menn eru að glíma í kirkjugarðinum. Prestur gengur þangað og sér hvað um er að vera; er þar Þórarinn [í Glaumbæ] og Jáson [unglingspiltur sem grafinn var að Hvalsneskirkju] nærri því búinn að drepa hann. Gestur prestur bjargaði Þórarni og kom Jásyni frá honum. Þórarinn hafði vakið Jáson upp og sent hann eftir peningum; var hann þá aftur kominn. Sagt er að síra Gestur muni hafa tekið til sín megnið af peningunum,” segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar.

“Núverandi kirkja var vígð á jóladag 1887, og er ein af helstu menjum um þá grósku er varð í íslenskri steinsmíði í kjölfar byggingar Alþingishússins. Steinverkið önnuðust Magnús Magnússon frá Gauksstöðum í Garði, er druknaði frá því verki, og Stefán Egilsson úr Reykjavík. Ketill Ketilsson, hreppsstjóri og Dbr. maður í Kotvogi í Höfnum, sem þá átti Hvalsnes, lét reisa kirkjuna. Hann réði sem yfirsnið Magnús Ólafsson trésmíðameistara úr Reykjavík,” segir í Árbók Suðurnesja 1984-1985. Kirkjan er 70 m suðvestan frá bæ 001, á hól. Ekki er vitað hvort að eldri kirkja var á sama stað en kirkjan var flutt hingað á 19. öld. Kirkjur voru fyrr á öldum innan kirkjugarðsins. Kirkjan er enn í notkun og vel við haldið.

Slétt tún eru allt umhverfis kirkuna. Kirkjugarðurinn er um 30 m norðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; DI III 219, 256-257; DI IV 666; DI VI, 637; DI XII 9; DI XV

639; PP, 102, 104; SSGK, 82; Árbók 1903, 39; Árbók 1908, 48-49, 51; Árbók 1971a, 47; ÁFÍ 1984, 35; ÞJÁ III, 393; Árbók Suðurnesja 1984-1985, 32

GK-044:002_02 vegur leið

A 317213 N 392806

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá stétt frá kirkju 002_01 til norðurs að kirkjugarði 042. Enn er stétt á þessum stað en líklega ekki sú sama og sýnd er á túnakorti. Ljósleiðarinn fer þvert í gegnum stéttina andspænis kirkjudyrunum.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

GK-044:004 heimild um útihús

A 317175 N 392876

Á túnakorti frá 1919 er útihús merkt um 25 m ANA bæjar 001 og 6 m norðan við kirkjugarð 042. Útihúsið er horfið, minnisvarði um Hallgrím Pétursson er á sama stað nú. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 10 m norðar.

Þar sem útihúsið var er hellulögð stétt og plan við minnisvarðann.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-044:005 heimild um kálgarð

A 317213 N 392897

Á túnakorti frá 1919 er kálgarður með sambyggðu útihúsi merktur um 90 m norðaustan bæjar 001. Útihúsið var um 17 m norðaustan við kirkjugarð 042 en eftir stækkun hans er áætluð staðsetning bæði útihúss og kálgarðs innan kirkjugarðsins. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 9 m suðaustan við kálgarðinn. Hlaðinn kirkjugarðsveggur er á sama stað og norðurhlíð kálgarðsins. Mögulega er afmörkun kirkjugarðsins gerð á grunni kálgarðsins. Malarvegur er þar norðar.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-044:006 garðlag túngarður

A 317019 N 392507

Á túnakorti frá 1919 sést túngarður afmarka heimatún Hvalsneshverfis. Op var á miðri austurhlíð hans og traðir 066 lágu þar í gegn. Túngarðurinn var eingöngu skráður innan áhrifasvæðis ljósleiðaralagnar og stór hluti því ekki skoðaður á vettvangi. Túngarðurinn er innan áhrifasvæðis ljósleiðara norðan og sunnan við bæ 001, á báðum svæðum í jaðri heimatúnsins.

Gróin ræktuð tún eru innan heimatúnsins. Utan þess eru móar og uppblásin svæði.

Fyrir norðan bæ 001 sést túngarðurinn liggja til vesturs frá býlinu Hlíði 032 og stefnir til ASA að tröðum 066. Hann er 165 m að lengd, 0,5-1 m á hæð og er grasivaxinn. Víða sést þó glitta í grjóti. Sunnanmegin við kálgarðinn er slétt og iðagrænt tún í ræktun en norðanmegin við hann er túnið í meiri órækt og stórþýft á köflum. Ljósleiðari mun liggja fast við túngarðinn og líklega rjúfa hann við Garðbæ 031.

Sunnan við bæ 001 er túngarðurinn innan áhrifasvæðis ljósleiðara við Gerðakot GK-045. Hann sést sunnan við kálgarð GK-045:011 og aftur sunnan við Gerðakot GK-045:001. Þessir hlutar túngarðsins eru grjóthlaðnir, 0,3-0,5 m á hæð og greina má 12 umför af grjóti. Syðri hlutinn er um 23 m að lengd en sá nyrðri er 28 m. Miðlína ljósleiðara fer þvert í gegnum þá báða.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Túngarður GK-044:006, horft til vesturs.

GK-044:009 heimild skóli

A 317334 N 392888

Á túnakorti frá 1919 er skólahús merkt um 180 m austan bæjar 001, rétt utan við heimatúnið. Miðlína

Ljósleiðarans er 2 m til norðurs frá áætlaðri staðsetningu skólans.

Óræktaður mói og uppblásið svæði.

Ekki sést til skólans - búið að byggja skemmu þar sem skólinn hefur staðið.

Heimildir: Túnakort 1919

GK-044:031_01 Garðbæjartóft heimild um bústað

A 317117 N 392978



Bæjarstæði Garðbæjar GK-044:031_01, horft til norðurs.

Á túnakorti frá 1919 er þurrabúðin Garðbær teiknuð með steinhúsi með skemmu ásamt einum kálgarði, um 140 m norðan bæjar 001.

“Yztu takmörk Tjarnarblettis er rúst eftir þurrabúð, sem heitir Tjörn [030], og þar vestast í yztu merkjum Norðurtúns er Garðbæjartóft. Þar austur af er önnur þurrabúð, Hlið [032],” segir í örnefnaskrá AG. Garðbær er um 130 m norðan við bæ 001 og 25 m VSV við Hlið 032. Bæjartóftin er horfin en var fast sunnan við núverandi íbúðarhús. Fyrirhugað er að leggja ljósleiðara að íbúðarhúsinu að austan og bæjarstæðið ætti ekki að vera fyrir miklu raski. Garðbær samanstendur af bæjarstæðinu og kálgarði 031_02 sem enn sést fyrir norðan íbúðarhúsið. Kálgarðurinn er ennfremur sambyggður Hliði GK-044:032. Núverandi íbúðarhús er inni í kálgarðinum og

bæjartóftin hefur verið sléttuð út.

Grasvasið slétt svæði sem nýtt er sem bakgarður.

Engin ummerki um Garðabæ sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvalsnes AG, 1; Túnakort 1919

GK-044:031_02 hleðsla kálgarður

A 317119 N 393006

Kálgarður sést norðan við bæ 031_01 á túnakorti frá 1919. Kálgarðurinn var allt umhverfis húsið en allar hliðar eru horfnar nema til norðurs. Sá hluti er sambyggður tóftunum á Hliði 032 en fær engu að síðu sérstakt númer undir Garðbæ. Hleðslan er 15x1 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er gróin, 1,5 m á breidd og 0,5 m á hæð. Það glittir í tvö umför af gróti í veggjum. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara kemur að íbúðarhúsinu úr suðaustri og ætti ekki að raska veggjum kálgarðsins.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-044:032_01 Hlið bæjarstæði bústaður

A 317143 N 393001

Á túnakorti frá 1919 er þurrabúðin Hlið, ásamt þremur kálgörðum, merkt um 150 m norðan bæjar 001.

“Yztu takmörk Tjarnarblettis er rúst eftir þurrabúð, sem heitir Tjörn [030], og þar vestast í yztu merkjum Norðurtúns er Garðbæjartóft [031]. Þar austur af er önnur þurrabúð, Hlið,” segir í örnefnalýsingu.



Minjar í Garðbæ GK-044:031 og Hliði 032.



Tóftir bylísins Hliðs GK-044:032_01 og kálgarður 032_02, horft til norðurs.

Hlið er fast austan við Garðbæ 031, kálgarðar bæjanna voru sambyggðir. Minjar á Hliði sjást enn og samanstanda af bæjartóft 032_01, kálgarði 032_02 og leið 032_03. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 10 m sunnar, fast við túngarð 006.

Tóftin er um 13x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 2 m á breidd og 0,5-2 m á hæð, algrónir en víða glittir í grjóti. Tóftin skiptist í tvö hólf. Vestara hólfíð er stærra, 5,5 x 2,6 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á miðri vesturhlið, inn í kálgarð 032_02. Eystra hólfíð er minna, 3 x 1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er til suðausturs. Veggir í vestara hólfinu standa betur og eru hærri en í minna hólfinu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvalsnes AG, 1; Túnakort 1919

GK-044:032_02 hleðsla kálgarður

A 317154 N 392992

Kálgarður er sýndur vestan og sunnan við bæ 032_01. Leið 032_03 lá beint í gegn um hann og skipti í tvo hluta. Túngarður 006 afmarkaði suðurhlið kálgarðsins. Kálgarðurinn er 30 x 16 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir kálgarðsins eru 2 m á breidd og 0,7 m á hæð. Líklega eru þeir grjóthlaðnir en gróíð yfir þá að mestu. Ljósleiðarinn mun liggja syðst í kálgarðinum og fara þvert í gegnum hann.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-044:032_03 heimild um leið

A 317147 N 392989

Leið að Hliði 032_01 er sýnd á túnakorti, beint í gegnum kálgarð 032_02. Op er á túngarði 006 þar sem leiðin lá en að öðru leyti er hún horfin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-044:041 heimild um brunn

A 317178 N 392820

Á túnakorti frá 1919 er brunnur merktur liðlega 20 m austan bæjar 001 og um 10 m sunnan við kirkjugarð 042. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 2 m norðan við áætlaða staðsetningu brunnsins.

Slétt, grasvaxið tún.

Brunnurinn er horfinn og líklega fyllt upp í hann. Um 2 m breidd dæld er í sléttu túni, á sama stað og brunnurinn var. Hún er 0,2 m á dýpt og líklegt að fylling brunnsins hafi sigið niður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-044:044_01 Smiðshús bæjarhóll býli

A 316929 N 392669

Á túnakorti frá 1919 er Smiðshús merkt, með fimm steinhúsum sem og kálgarði austan við þau, um 280 m vestan bæjar 001. Innan túns eru teiknuð tvö steinhús og stakur kálgarður.

“Smiðshús, önnur hjaleiga. Jarðardýrleiki óviss,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

“Brunnurinn á Smiðshúsum sést í túninu norðaustan við gamla húsið,” segir á Ferlir.is. Alls eru skráðar fimm fornleifar á Smiðshúsum, innan túns býlisins og sýnt er á túnakorti Hvalsnes frá 1919. Smiðshús hafa ekki farið varhluta af landbroti og hluti bæjarhólsins kominn undir sjóvarnargarð. Íbúðarhúsið er nú um 15 m austan við strandlengjuna og engin hús á bæjarhólnum utan tófarbrots.

Smiðshús eru á sjávarbakka og einungs tóftarbrot fast vestan við veg að núverandi íbúðarhúsi að sem er 115m NNA.


Bæjarhóllin er horfinn og búid að slétta allt út nema einn vegg. Hann er L-laga, um 5,5x5,5 m að stærð. Hann er um 1 m á hæð, steypdur til vesturs en til austurs má greina 4-5 umför af grjóthleðslu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; JÁM III, 45; www.ferlir.is/?id=6191



Bæjarhóll GK-044:044_01, horft til vesturs.



Uppmælingar innan heimatúns Smiðshúsa GK-044:044.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Útihús GK-044:044_04, horft til suðurs.

GK-044:044_02 heimild um kálgarð

A 316944 N 392675

Kálgarður var austan við bæ 044_01. Vegslóði liggur yfir vesturhlutann en slétt, grasivaxið tún er yfir austurhlutanum. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin af yfirborði. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara liggur í vesturmörkum kálgarðsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-044:044_03 heimild um útihús

A 316942 N 392711

Samkvæmt túnakorti var útihús um 30 m norðaustan við bæ 001. Það er horfið af yfirborði og slétt tún er þar nú. Útihúsið var 21 m austan við miðlínu áhrifasvæðis ljósleiðara.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-044:044_04 tóft útihús

A 316897 N 392739

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús rúma 60 m NNV við bæ 001, í vesturjaðri heimatúnsins. Þetta eru fiskihús, líklega reist í upphafi 20. aldar. Tóftin er rofin til norðurs, líklega vegna ágangs sjávar og byggingu sjóvarnargarðs. Tóftin er 6,5x4,5 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Steypt þró, líklega fiskikar, er í norðurenda. Í veggnum má sjá 7-10 umför af grjóti að innan en hann er algróinn til vesturs. Miðlína ljósleiðara er 9 m austan við áætlaða staðsetningu útihússins.



Uppmæling af minjum GK-044:044_04 og 05. © Loftmyndir ehf

GK-044:044_05 hleðsla kálgarður

A 316925 N 392763

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður rúnum 80 m norðan við bæ 044_01. Hann er enn varðveittur til austurs. Veggurinn er L-laga, 8,5 x 6 m stór og snýr norður-suður. Veggurinn er 2 m á breidd, 0,8 m á hæð og algróinn. Að öllum líkindum er hann gjóthlaðinn, víða glittir í grjóti gegnum grasið. Miðlína ljósleiðara er 7 m sunnar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-044:066 heimild um traðir

A 317250 N 392929

Á túnakorti frá 1919 eru sýndar traðir sem liggja til norðausturs frá bæ 001, framhjá húsi 004 og

minjastað 005. Traðirnar lágu út heimatúnið. Núverandi heimreið að bænum og kirkjunni er á sama stað og öll umerki um eldri leið horfin. Áætlað er að leggja ljósleiðarann ofan í veginn eða fast norðan hans að mestu.

Til norðurs eru slétt tún og brattur bakki niður af veginum. Kirkjugarður er fast sunnan við veginn.

Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-044:089 hleðsla kálgarður


A 317058 N 392464

Kálgarður er fast suðvestan við malarveg sem liggur frá norðvestri til suðausturs, um 75 metrum suðaustan við tóft GK-045:019 og 370 m sunnan við bæ 001.

Í óræktuðum grónum móa og víðsýnt til allra átta.



Kálgarður GK-044:089, horft til norðausturs.



Uppmæling af kálgarði GK-044:089.

Kálgarðurinn er 28 x 17 m að stærð innan úttektarsvæðis, er einfaldur og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti og op er til suðausturs. Veggirnir eru 2-4 m á breidd og um 1 m á hæð. Kálgarðurinn náði út fyrir skráningarsvæðið og var sá hluti ekki mældur upp.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-044:090 garðlag túngarður

A 317219 N 392920

Gamall túngarður sést liggja til NNV frá malarvegi að Hvalsnesi. Hann er um 100 m norðaustan við bæ 001 og afmarkaði að öllum líkindum tún sunnan við Garðbæ 031 og Hlið 032. Malarvegurinn er á sama stað og traðir 066 en er túngarðurinn ekki sýndur á túnakorti. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 4 m sunnan við túngarðinn og ætti ekki að raska honum. Slétt, grasivaxið tún.

Túngarðurinn er um 85 m að lengd og er 5-8 m á breidd. Hann er 0,5 m á hæð og myndar ávalan hrygg í túninu. Rof er í miðjunni en ekki er ljóst af hverju. Búið er að slétta yfir túngarðinn en ummerki hans sjást þó greinilega.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Túngarður GK-044:090, horft til NNV.

GK-045 Gerðakot

1703: Jarðardýrleiki óviss, sögð fyrsta hjáleiga frá Hvalsnesi (GK-044), samkvæmt JÁM III, 45.



Heimatún Gerðakots GK-045 og minjar innan þess. Ljósleiðari mun fara beint í gegnum vestuhluta túnsins.

1847: Jarðardýrleiki óviss, sögð hjáleiga frá Hvalsnesi, samkvæmt JJ, 86.

Kuml 39 “Útsuður frá Hvalsnesi nær sjó er bær, sem heitir Gerðakot.”

Árið 1854 var grafið fyrir nýbýli á hólí í landi Gerðakots. Kom þá upp beinagrind sem snéri N-S (Magnús Grímsson 1940, 254).

“Gerðakot var flutt þangað sem var torfbær, er hét Landlyst,” segir í örnefnaskrá Hvalsness (Ö-Hvalsnes AG, 2).

Jarðarítök: 1919. Samkvæmt túnakorti frá 1919 á Gerðakot kálgarð í Loftstaðatúni.

Fasteignamat frá 1916 er til

fyrir Gerðakot.

1919: Tún (Gerðakot), 2 hekt., garðar 980 m².

GK-045:001_01 Gerðakot bæjarhóll bústaður

A 316914 N 392608

Á túnakorti frá 1919 eru sex steinhús merkt og norðan við þau for. Kálgarður er teiknaður sunnan bæjarhúsanna.

“Útsuður frá Hvalsnesi nær sjó er bær, sem heitir Gerðakot,” segir í örnefnaskrá. “Gamla-Gerðakot stóð á flötu túninu innan við lágan malarkamp, norðan við Hrossatjörn. Í stórflóðum gekk sjór yfir kampinn inn í tjörnina: hún hækkaði þá, svo að fyllti kálgarðinn fyrir framan bæinn og varla var fært um stéttina, fyrr en fjaraði. Sjór gekk einnig inn á túnið fyrir norðan bæinn í stórflóðum. Þótti þetta svo uggvænlegt orðið, að 1929 var bærinn fluttur ofar í túnið,” segir Magnús Þórarinnsson.

“Gerðakot var flutt þangað sem var torfbær, er hét Landlyst [003],” segir í örnefnaskrá Hvalsness.

“Árið 1880 taldi hann [sr. Sigurður B. Sívertsen] prýðileg timburhús með stofum (undir baðstofu) á Stafnesi, Gerðakoti og Sandgerði og þokkalegar innanþiljaðar baðstofur á Stafnesi, Sandgerði og Klöpp,” segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.

Bæjarhóllinn er 30 x 22 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er algróinn og þakin tóftum, erfitt er að sjá hvað eru bæjarhús og hvað útihús. Tóftirnar eru ekki samtengdar heldur stakar sem bendir til



Bæjarhóll GK-045:001, horft til suðurs.



Uppmæling af minjum á bæjarhól Gerðakots GK-045:001.

endurnýtingar. Hóllinn er grasivaxinn, 0,5-1 m hæð, hæstur til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 253; Ö-Hvalsnes AG, 2; Túnakort 1919; Ásgeir Ásgeirsson, 57

GK-045:001_02 garðlag heygarður

A 316925 N 392609

Garðlag 001_02 liggur austur-vestur eftir norðurhluta bæjarhólsins. Það er grjóthlaðið, 18 x 3 m að stærð og víða er gróið yfir hleðslur. Ekki er ljóst hvert hlutverk þess var, mögulega hluti af húsagarði eða jafnvel varnargarði. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er fast austan við garðlagið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Heygarður GK-045:001_02, horft til suðurs.



Tóft GK-045:001_04, horft til austurs.

GK-045:001_03 tóft útihús

A 316927 N 392596

Tóft 001_03 er sunnarlega á bæjarhólnum og mögulega innan kálgarðs 001_08. Tóftin er 7x4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Op er á miðri suðurhlið. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti en gróið að mestu yfir hleðslur. Þeir eru 0,5 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-045:001_04 tóft útihús

A 316924 N 392604

Tóft 001_04 er á miðjum bæjarhól 001_01. Tóftin er 8 x 6 m að stærð, snýr norður-suður og virðist röskuð. Tóftin gæti verið útihús, byggt úr gamla bænum. Í gegnum miðja tóftina er veggur sem skilur á milli tveggja hólfa. Einunigs norðuhlið hólfa er varðveitt og segja má að tóftin sé T-laga. Veggirnir eru 2 m á breidd, 3-4 umför sjást í þeim að innan. Nokkuð grjóthrun er úr veggjum sem eru um 1 m á hæð. Ekkert er hægt að segja til um nánara lag tóftarinnar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-045:001_05 tóft útihús

A 316918 N 392599

Tóftin er á vesturhluta bæjarhólsins. Hún er 8 x 5 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Op er á miðri norðurhlið. Veggirnir eru úr grjóti en algrónir. Þeir eru 2 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-045:001_06 tóft útihús

A 316917 N 392592

Útihús 001_06 er suðvestast á bæjarhólnum. Tóftin er 5,5 x 3,7 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti, 1-3 umför sjást í vesturvegg. Op er á miðri suðurhlið og veggir eru mjög signir til austurs. Mögulega var ekki grjót í þeim þar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-045:001_07 tóft útihús

A 316904 N 39257

Lítil tóft er suðaustarlega á bæjarhól 001_01, innan kálgarðs 001_08. Hún er nánast hringlaga, um 4,5 m í þvermál. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,3 m á hæð og má sjá 1-2 umför í þeim. Tóftin er opin til austurs. Líklegt er að tóftin sé gerð eftir að bærinn er fluttur héðan.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Tóft GK-045:001_05, horft til suðurs.



Tóft GK-045:001_06, horft til vesturs.

GK-045:001_08 garðlag kálgarður



Kálgarður GK-045:001_08, horft til austurs.

A 316904 N 392577

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður sunnan við bæ 001_01. Suður- og vesturhliðar kálgarðsins sjást enn. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 1 m á breidd og 03 m á hæð. Greina má 2-3 umför af hleðslu í þeim. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 4,5 m austan við suðurvegg kálgarðsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-045:002 heimild um útihús

A 316928 N 392623

Á túnakorti frá 1919 er rúst eða þró merkt tæpum 10 m norðan bæjar 001. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er fast vestan við áætlaða staðsetningu þrónnar.

Gróid, slétt svæði fast vestan við vegslóða.

Engin ummerki um þrónnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-045:006 heimild um legstað

Árið 1854 var grafið fyrir nýbýli á hól í landi Gerðakots. Kom þá upp beinagrind sem snéri N-S. Líkaminn hafði verið lagður á hægri hlið og fótleggir víxlaðir. Þarna fannst einn hnífur. Litlu síðar fundust önnur bein sem voru enn meirari nokkru vestar. Járnkúla fannst skammt hjá og gat Magnús Grímsson sér til að hún sé frá 1551. Ekki er vitað hvar nákvæmlega kumlin voru staðsett, líklega á sjálfum bæjarhólnum. „33. Gerðakot, Miðneshreppur. Gerðakot er SV frá Hvalsnesi, nær sjó. Nafn bæjarins bendir til, að hann sé ekki forn. Þar fundust tvær mannsbeinagrindur 1854, er verið var að grafa fyrir húsi (nýbýli). Finnendur hafa lýst fundinum svo vel, að þar er engu við að bæta, og eru lýsingarnar birtar hér orðréttar: 1. kuml. „Hinn 10. d. maím. í vor var ég undirskrifaður að grafa niður í sléttan hól að Gerðakoti. Þegar ég var kominn niður hér um bil 1½ alin (um 95 sm), fann ég höfuðkúpu af manni í svörtu sandlagi, leitaði svo betur fyrir mér og fann vonum bráðara hálsliðina, sem rétt voru áfastir við höfuðkúpuna; lá beinagrindin frá landsuðri til útnorðurs á þann veg, að höfuðið var í landsuður, en fótleggirnir í vestur-útnorður; leit svo út sem líkaminn hafi verið lagður á höm á hægri síðu, lá hægri handleggurinn undir langs með síðurifjunum, en hinn vinstri lá ofan á brjóstbeinunum; fótleggirnir voru víxllagðir; jaxlar voru í höfuðkúpunni, en kjálkarnir voru sundurbrotnir, og tönnur voru hvergi finnanlegar. Rúma þverhandarbreidd í norður frá hægri axlarlið, sem niður sneri, fann ég tréstykki, 2½ þumlung að lengd (um 8 sm), í lögun eins og hnífskaft og eins að digurð; járnryð var á öðrum endanum, eins og járnhólkur hefði þar á verið. Ég braut í sundur skaftið, sem var fúíð, en í sárið var að sjá sem hefði verið í því birki eða fúinn og blautur viður; innan í miðju skaftinu hafði járnþípa verið, að vídd sem fjaðrapípa í minna lagi. Klöpp, 28. júním. 1854.

Brynjólfur Jónsson. 2. kuml. „Nokkru vestar en þau bein lágu, sem nú var lýst, fann ég undirskrifaður 13. d. maím. í vor mannsbein, er svo lágu, að höfuðið sneri í útnorður, en fótleggirnir í landsuður, með þeim umbúnaði, að hellur voru á rönd reistar til beggja hliða og hellulag ofan á. Bein þessi voru svo meyr orðin, að eigi héldu sér, og sum voru orðin að dufti.“

Gerðakoti, 29. júním. 1854.

Jón Jónsson.

Heimilt virðist að telja legstaði þessa með fornum kumlum bæði vegna hnífsins (er svo virðist verið hafa) og umbúnaðar líkanna. Kumlin snúa sitt á hvað og því varla gerð samtímis. Bendir það til kumlateigs, en síður, að hér hafi verið grafin lík af einhverri tilviljun. Lega líksins í 1. kumli minnir á legu líksins í 1. kumli á Hafurbjarnarstöðum. Hellulagningin í 2. kumli er einnig eins og í barnskumlinu þar. “ segir í bókinni Kuml og haugfé. Líklegt er að kumlin hafi fundist innan áhrifasvæði ljósleiðara.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 254; KEKH 2000

GK-045:011 tóft kálgarður

A 316988 N 392531

Á túnakorti frá 1919 eru tveir kálgarðir merktir áfastir hvor öðrum um 100 m suðaustan bæjar 001. Vesturhlið garðanna er reist upp við túngarð GK-044:006. Kálgarðurinn er 80 m SSA við bæ 001, miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 8-10 m norðaustar.

Slétt, grasivaxið svæði er fyrir vestan kálgarðinn. Til austurs er malarvegur og slétt tún.

Kálgarðurinn er grjóthlaðinn, um 40 x 16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Túngarður 006 er



Kálgarður GK-045:011, horft til suðausturs.



Uppmæling af kálgarði GK-045:011, þúst 018 og útihúsi 019.

fyrir sunnan og norðan kálgarðinn og afmarkar vesturhliðina. Kálgarðarnir eru opnir til austurs, líklega vegna rasks. Veggirnir eru um 2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Víða sjást tvö umfór af grjóti í þeim.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-045:012 heimild um útihús

A 316971 N 392552

Á túnakorti frá 1919 er útihús merkt liðlega 80 m suðaustan bæjar 001. Vesturveggur úthússins var upp við túngarð GK-044:006. Á þessu svæði er malarvegur og ljóst að útihúsinu var raskað við framkvæmd hans. Miðlína ljósleiðara er fast sunnan við áætlaða staðsetningu tóftarinnar.

Útihúsið er komið undir veg inn á milli sléttra túna.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-045:018 þúst óþekkt

A 317008 N 392519

Stór þúst er 6 m vestan við útihús 019 og 70 metrum norðvestan við gerði GK-044:089. Malarvegur liggur að bæjarhól 001 milli þústarinnar og útihúss 019. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara liggur yfir austurhluta þústarinnar.

Óræktað grasivaxið tún og víðsýnt til allra átta. Nokkrir rekaviðsdrumbar liggja í austanverðum hólnum. Hringlaga, nokkuð ílangur hól um 1,5 metri á hæð og 16x12 m að stærð. Í miðjum hólnum má greina smá dæld en engin skýr merki um útihús eða mannvirki. Hóllinn er ekki merktur inn á túnakort frá 1919.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Þúst GK-045:018, horft til vesturs.



Útihús GK-045:019, horft til norðvesturs.

GK-045:019 tóft útihús

A 317020 N 392530

Fast austan við malarveg sem liggur frá norðvestri til suðausturs og 20 m norðan við þúst 018 er tóft. Hún er ekki sýnd á túnakorti frá 1919. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 8 m vestar.

Óræktað grasivaxið tún og víðsýnt til allra átta.

Tóftin er 11 x 7 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Tóftin er grjóthlaðin en mikið hrun er úr veggjum. Tóftin er full af grjóti og spýtnabraki. Tvö stór björg í norðurvegg sem skera sig úr hinu hleðslugrjótinu. Nyrðra hólfid er um 3 x 3 m að innanmáli en hið syðra 3 x 1 m. Ekki mótast fyrir opi á yfirborði inn í þau.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-045:020 garðlag túngarður

A 316979 N 392560

Sigið, útflatt garðlag liggur til austurs frá túngarði GK-044:006. Líklega er um eldri útgáfu túngarðsins að ræða eða skiptingu innan þess. Miðlína ljósleiðara er 4 m vestar, hinumegin við vegslóða.

Slétt, grasivaxið tún. Víða eru hólar og lautir í því. Heimatún Gerðakots og Hvalsness var sameiginlegt. Túngarðurinn er 40 m langur og um 6 m á breidd. Hann er algróinn, siginn og 0,3 m á hæð. Túngarðurinn myndar gróinn hrygg í túninu en var ekki skoðaður utan áhrifasvæðis ljósleiðara.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-048 Nýlenda



Bæjarhóll Nýlendu GK-048:001_01, horft til suðurs.

1847: Jarðardýrleiki óviss, sögð undirsett Hvalsnesi (GK-044), samkvæmt JJ, 86.

Jarðarítök: Jörðin átti reka- og þangfjörur innan Hvalsneslands, segir í örnefnalýsingu Hvalsness (Ö-Hvalsnes MP, 2).

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Nýlendu.

1919: "Túnin slétt mestöll, einkum á Busth., létt greiðfært." Tún (Nýlenda), 1.3 hekt., garðar 1200 m².

GK-048:001_01 Nýlenda bæjarhóll bústaður
A 317323 N 392988

Á túnakorti frá 1919 er Nýlenda merkt með átta steinhúsum og einu timburhúsi sem eru umkringd þremur kálgorðum á öllum hliðum ef frá er talið

austurhlíð. For er vestanmegin norðurkálgarðs. Stafnar bæjarins snéru að öllum líkindum til norðvesturs. Núverandi bæjarhús eru á sama stað og eldri hús.

Slétt tún eru allt umhverfis bæjarhólinn.

Engin ummerki bæjarhóls og -húsa sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-048:001_02 heimild um kálgarð

A 317308 N 392971

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan og suðvestan við bæ 001. Hann skiptist í tvö hól en öll ummerki hans eru horfin af yfirborði. Þar er nú malarplan að stórum hluta. Miðlína ljósleiðara liggur í gegnum vestari hluta kálgarðsins upp á bæjarhólinn.

GK-048:006 hús útihús

A 317382 N 393075

Á túnakorti frá 1919 er útihús teiknað liðlega 100 m norðaustan við bæ 001, merkjum við Busthús GK-048. Húsið sést enn og er undir þaki. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 10 m norðaustar, við malarveg að Busthúsum.

Slétt, ræktað tún.

Húsið er um 5 x 5 m að grunnfleti og dyr til eru suðvesturs. Þakið er grasivaxið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Fyrirhugaður ljósleiðari mun lítið raska heimatuni Nýlendu GK-048.

GK-048:012 gerði kálgarður


Um 45 m suðaustan við bæ 001 og 8 m norðaustan við malarveg sem liggur að bænum er kálgarður.

Óræktað grýtt tún sem er notað sem beitarhagi fyrir hesta.

Kálgarður er 23x15 m að stærð, hlaðinn úr grjóti og skiptist í tvö hól. Aðeins lítill hluti suðvesturhorns garðsins lendir innan úttekta svæðis fyrirhugaðs ljósleiðara.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

A 317369 N 392925



GK-049 Busthús

1686: 10 hdr., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.


1695: 10 hdr., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.

1703: "Jarðardýrleiki veit enginn til vissu, en eftir einum gömlum manni er haft, að hún hafi verið v [5]," konungseign. "Á þessari jörðu er ekki fyrirsvor og fátækraflutningur nema að helmgíngi við lögbýlissjarðir og er því hálfenda kölluð; meina sumir hún hafi verið bygð af Hvalsnesslandi," segir í JÁM III, 47-48.

1847: Jarðardýrleiki óviss, bændaeign, samkvæmt JJ, 86.

Býlið Hólmakrukka innar jarðarinnar, samkvæmt örnefnaskrá, Ö-Busthús MP,1.

Uppmæling af kálgarði GK-048:012.



Ljósleiðari mun liggja eftir suður- og norðurhluta heimatúns Busthúsa GK-049.

nema í fjörunni og þó lítið. Vatnsból af skorti og fordjarfast af sjávaryfirgáangi. Heimræði hefur verið árið um kring, en er nú að mestu af, því að lending og skipsuppsátur fordjarfast af sjávaryfirgáangi,” segir í JÁM III, 37.

GK-049:001_01 Busthús bæjarhóll bústaður

A 317371 N 393109



Bæjarhóll GK-049:001_01, horft til vesturs.

Á túnakorti frá 1919 er Busthús merkt með sjö steinhúsum, einu timburhúsi, tveimur kálgörðum til norðurs og suðurs og einni for. Á túnakorti Kirkjubólshverfis segir: «Bæinn Kirkjuból flutti Gunnar - sonur Erlendar á Stafnesi (ár) að Busthúsum, þangað sem nú er hann.» Ekkert íbúðarhús er á bæjarhólnum, einungis sumarbústaður. Stafnar bæjarins snéru til suðvesturs.

Langur, gróinn hóll. Greinilegt að uppsöfnun mannvistarlega er undir sverði.

Bæjarhóllinn er 48 x 28 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 1 m á hæð. Ekki sjást minjar á hólnum en nokkrar dældir eru þar auk beinna bakka. Mikið rof er í suðurhlíð bæjarhólsins, þar sem kálgarður 001_02 var.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-049:001_02 heimild um kálgarð

A 317348 N 393109

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður suðvestan við bæ 001. Hann er horfinn af yfirborði og gróíð flatt svæði er þar nú. Miðlína ljósleiðara liggur í gegnum austurhluta kálgarðsins

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

GK-049:010 garðlag túngarður

A 317355 N 393095

Samkvæmt túnakorti frá 1919 skildi túngarður á milli túna Nýlendu GK-048 og Busthúsa. Hann sést enn, fast suðvestan við bæjarhól 001 og úthús GK-048:006 er í því miðju, þ.e. túngarðurinn liggur að því.

Gróin tún. Vegur að sumarbústað liggur skammt austan við túngarðinn. Áætlað er að plægja ljósleiðarann við veginn, um 6-10 m frá túngarðinum.

Túngarðurinn er tæplega 110 m að lengd, 0,5-0,8 m á hæð og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er 1,5 m á breidd og það sést í grjóthleðslur efst. Þar má greina 1-3 umför sem eru gróin að ofan. Mikið af fiskibeinum eru í túngarðinum, skammt norðan við útihús GK-048:006, innan túns Nýlendu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Túngarður GK-049:010, horft til suðausturs.



Garðlag GK-049:011, horft til suðvesturs.

GK-049:011 hleðsla varnargarður

A 317489 N 393182

Garðlag, líklega varnargarður, liggur til suðvesturs frá kálgarði GK-050:016, nánast á merkjum milli Busthúsa og Landa GK-050. Garðlagið er mögulega hluti af sama garði og getið er á túnakorti og talið fornt. Leið GK-631:015 lá eftir því samkvæmt túnakortinu. Garðlagið var einungis rakið innan áhrifasvæðis ljósleiðara en nær lengra til suðurs. Miðlína ljósleiðra er fast við austurenda garðlagsins.

Garðlagið er vestan við veg að Skinnalóni. Slétt tún eru til allra átta.

Garðlagið er 13 m langt, 3-4 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Það er algróið og sigið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-049:012 hleðsla kálgarður

A 317410 N 393069

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður/sáðslétta syðst í heimatúninu um 50-60 m suðaustan við bæ 001. Syðsti hluti kálgarðsins sést enn, hleðsla ber honum vitni. Malarvegur að sumarbústað liggur þvert í gegnum kálgarðinn, austan við hleðsluna. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er fast við austurenda hleðslunnar.

Slétt tún eru til allra átta.

Hleðslan var hluti af syðsta vegg kálgarðsins. Hún er 14 x 2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er 0,2 m á hæð. 1 umfar af grjóthleðslu sést enn en aðrir hlutar kálgarðsins eru komnir í tún.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Garðlag GK-049:012, horft til suðvesturs.

GK-049:013 heimild um traðir

A 317381 N 393092

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir að bæ 001 að sunnan. Þær lágu til norðurs frá leið/garðlagi GK-631:015. Miðlína ljósleiðara er 8 m austar, vestan við malarveg að bænum.

Slétt tún er þar sem traðirnar lágu.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-049:014 tóft varnargarður

A 317467 N 393035



Varnargarðurur er fast vestan við þjóðveg sem liggur í átt að Hvalsnesi GK-044, utan við heimatúnið líkt og það var afmarkað 1919. Stefna túngarðsins fylgir þjóðveginum. Miðlína ljósleiðara er eftir garðlaginu endilöngu.


Grýtt og gróið svæði, víðsýnt til allra átta.

Túngarðurinn liggur meðfram þjóðveginum frá norðri til suðurs og sést á um 120 m löngum kafla. Hann er hlaðinn úr grjóti, greina má 1-3 umför og eru hleðslurnar tvöfaldar. Hann er hæstur til suðurs en lækkar svo smám saman til norðurs uns hann hverfur alveg.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Garðlag GK-049:014, horft til norðausturs.

GK-050 Lönd



1686: 13 hdr., 90 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.

1695: 13 hdr., 90 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.

1703:
“Jarðardýrleiki óviss [...] annars þykja sumir heyrt hafa hún væri x [10],” að dýrleika, konungseign, með hjáleigunni F a l k a h ú s , samkvæmt JÁM III, 48-49.

Ljósleiðari mun liggja að bænum í Löndum eftir miðju heimatúninu.

1847: Jarðardýrleiki 13 3/4 hdr., kirkjueign, segir í JJ, 86.

1553: Fógetareikningar. “Jtem Torckell aff Landum viij alne vattmell.” DI XII, 577.

Býlin Akraar, byggt 1885, og Fálkhús koma fyrir í örnefnaskrá. Þar er þess einnig getið að Gömlu-Lönd voru flutt undan sjó um 1888 (Ö-Lönd AG, 1). Í örnefnalýsingu Másbúða - Nesja er greint frá því að býlið Akrahóll, innan Landa, hafi verið reist um aldamótin 1900 (Ö-Másbúðir-Nesjar MP, 4-5).

Jarðarítök: Jörðin brúkar torfristu, stungú og útigang í Melabergslandi. Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenningum, samkvæmt JÁM III, 48.

1889: “Þess skal getið að jörðin Lönd á hagbeiti í jarðarinnar landi (Nesja),” segir í Landamerkjabréfi Nr. 2 (Veðmálalabók).

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Lönd ásamt Ökrum.

1919: “Tún slétt (af sandi).” Tún (Lönd, Á), 2.5 hekt., garðar 700 m2. Tún (Lönd, Daði), 0.44 hekt., garðar 700 m2. Tún (Lönd Kristján), 0.7 hekt., garðar (+Lofstaðir) 700 m2. Tún (Lönd +Akrar), 1.2 hekt., garðar 700 m2. Tún (Akrahóll), 0.22 hekt., garðar 650 m2. Tún (Másbúðir), 0.2 hekt., garðar 650 m2. Öll torfan samtals 5.25 hekt., og garðar 4100 m2.

1703: “Fjörugrasatekja nokkur. Sölvaðfjara að nokkru gagni. Murukjarnar nokkur á vortíma, sem brúkað er til að næra pening í heyskorti. Túnin spillast af sandi og sjáfarágangi. Engjar eru öngvar [...]. Vatnsból, sem áður hefir verið. Fordjarfaði sjáfarflóð í fyrra, og hefur ábúandinn síðan grafið annan brunn, sem þó þrýtir vatn,” segir í JÁM III, 48.

GK-050:003 Lönd bæjarhóll bústaður

A 317597 N 393374

Á túnakorti frá 1919 er bærinn Lönd merktur með þremur timburhúsum og þremur steinhúsum, þar af eitt með áfastri skemmu. Stafnar bæjarins snéru líklega til norðvesturs, þar var kálgarður. Núverandi íbúðarhús er á sama stað og bærinn á túnakortinu.

Gróin tún eru til allra átta frá bænum.

Fjölmarginar byggingar eru á bæjarhólnum og ljóst að raskið er töluvert.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakorti 1919


GK-050:006 tóft útihús

A 317712 N 393357

Á túnakorti frá 1919 er útihús merkt tæpum 100 m austan bæjar 003, skammt vestan við landamerki Nesja GK-051. Tóftin er áföst túngarði 027 og er innan túns. Hún virðist yngri en túngarðurinn og byggð við hann.



Tóft GK-050:006, horft til suðurs.



Uppmæling af útihúsi GK-050:006.

Tóftin er 11x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Suðurveggur tóftarinnar er sambyggður túngarði 027. Tóftin skiptist í þrjú hólf sem öll eru opin til norðvesturs og snúa eins. Miðjuhólfid er stærst og greinilegast. Innanmál þess er 3 x 1,7 m. Tóftin er algróin, hlaðin úr torfi og grjóti en ekki er hægt að greina fjölda umfara í veggjum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-050:007 Akrahóll heimild um býli

A 317647 N 393292

Á túnakorti frá 1919 er hjáleigan Akrahóll merkt um 90 m austan bæjar 003. Á bænum eru fimm steinhús, tveir kálgarðar norðan við þá og for. Í túninu eru tveir kálgarðar samhliða hvor öðrum. Túngarður 027 liggur meðfram suðurhluta túnsins.

“Í suðausturhorni túnsins eru Akrar, byggt 1885. Svo er Akrahóll, þar sem kotið var byggt. Það hét, eins og fyrr segir, Akrar, en svo var það byggt rétt austan undan húsinu, og þar var nefnt Akrahóll,” segir í örnefnaskrá. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara fer yfir austurhluta bæjarins líkt og hann er sýndur á túnakorti frá 1919.

Slétt tún.

Öll ummerki býlisins eru horfin af yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Lönd AG, 1

GK-050:008 þúst túngarður



Þúst GK-050:008. horft til vesturs.

A 317635 N 393320

Á túnakorti frá 1919 er sýndur túngarður sem umlykur tún Akrahóls 007 og skilur frá túni Landa 003. Túngarðurinn er horfinn sem og kálgarðar sem voru í suðausturhorni túnsins. Miðlína ljósleiðara liggur þvert í gegnum áætla staðsetningu túngarðsins við þúst, fast vestan við veg að bæ 001. Þústin er um 50 m sunnan við bæ 003 og 30 m norðan við Akrahól 007. Ekki er ljóst hvort að þústin tilheyrir túngarðinum en það er talið líklegt.

Slétt tún til allra átta.

Öll ummerki túngarðsins eru horfin innan áhrifasvæðis ljósleiðara. Þústin er algróin, 1 m á hæð og 2 m í þvermál.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919

GK-050:009 heimild um traðir

A 317623 N 393348

Á túnakorti frá 1919 er merkt leið sem liggur frá Löndum 003 í suðurátt og endar við Akrahól 007. Miðlína ljósleiðarans er 5 m til norðvesturs sunnan við bæ 003 en þverar traðirnar skammt norðan við Akrahól 007.

Traðirnar voru skammt norðvestan við núverandi veg að bænum en eru komnar í tún.

Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-050:016_01 hleðsla kálgarður

A 317497 N 393193



Kálgarður GK-050:016_01, horft til austurs.

Á túnakorti frá 1919 er ógirt svæði, líklega kálgarður, merkt tæpum 210 m sunnan bæjar 003. Suðurhlið svæðisins er upp við túngarð 027. Miðlína fyrhugaðs ljósleiðara er 8 m vestan við hleðslurnar.

Gróið, flatt svæði. Grunnt er niður á grjót en svæðið er líklega ekki sléttað.

Illa varðveittar hleðslur eru innan kálgarðsins á tveimur stöðum. Nyrðri hleðslan er 10,5 x 7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, Hún er hlaðin úr stóru grjóti, er 1 m á hæð að innan en 0,3 m á hæð að utan. Það má greina 1-2 umför í hleðslunni sem líklega var hluti af hólfi innan kálgarðsins. Syðri hleðslan er nánast U-laga, 11 x 8 m og snýr norður-suður. Veggirnir eru 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þeir eru algrónir og hvergi sér glitta í grjót.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-050:016_02 brunnur brunnur

A 317518 N 393174

Brunnur er um 4 m austan við syðri hleðslu 016. Holan er eggлага, 2 x 1,6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Brunnurinn er 1-1,5 m á dýpt og um 4-6 umför af grjóti sjást í honum. Ekki er ljóst hvort að brunnurinn var dýpri eða hvort búið sé að fylla upp í hann. Brunnurinn er 14,5 m austan við miðlínu ljósleiðara.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Brunnur GK-050:016_02, horft til norðurs.



Uppmæling af minjum GK-050:016.

GK-050:023 heimild um leið

A 317590 N 393366

Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá bæ 003 í vesturátt að eldri bæjahól 001 í Löndum og endar þar. Austurendi leiðarinnar lendir innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðra en var ekki rakin utan þess. Miðlína ljósleiðarins er 8 m austur.

Malarplan og húsbyggingar eru þar sem leiðin lá.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-050:024 heimild um leið

A 317598 N 393358

Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá Löndum 003 í suðurátt að og endar við krossgötur ekki langt frá Akri 011. Norðurendi leiðarinnar er innan áhrifasvæðis ljósleiðara, miðlínan er beint yfir honum.

Malarvegur og húsbyggingar eru þar sem leiðin lá.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-050:027 garðlag túngarður

A 317556 N 393178

Á túnakorti frá 1919 er túngarður merktur sem umlykur austur, suður- og vesturhlið heimatúns bæjar 003. Garðurinn aðskilur tún Bursthúsa GK-050 og Landa að sunnan og að norðan skilur hann að Nesjatún GK-058. Suðurhlið túngarðsins lendir innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara á þremur stöðum og einum stað að vestan. Miðlínan er 0-11 m frá túngarðinum.

Gróin tún eru til vesturs en óræktuð svæði til austurs. Túngarðurinn var rakin syðst og austast í heimatúninu, samtals á um 440 m löngum kafla. Túngarðurinn sést vel og liggur meðfram þjóðveginum frá suðvestri til norðausturs. Greina má 3-6 umför af grjóti í honum og hann er 0,5-1,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919




Túngarður GK-050:027, horft til SSV.

GK-050:046 tóft kálgarður

A 317679 N 393271

Kálgarður er um 100 m suðaustan við bæ 003, fast utan við heimatúnið. Núverandi heimreið að bænum er fast til norðausturs og þjóðvegur fast til suðurs. Kálgarðurinn er að öllum líkindum ekki mjög forn. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er fast til suðausturs og norðausturs. Rafstöð er skammt sunnan við



Uppmæling af kálgrøði GK-050:046.

kálgarðinn.

Gróið, flatt svæði. Víða kemur grjót upp úr sverði.

Kálgarðurinn er 32 x 15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Enn má sjá tvö-prjú hól en líklega voru þau fleiri. Veggirnir eru gerðir úr stóru grjóti, 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. 2-3 umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Gras vex yfir hluta veggjanna.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-051 Másbúðir (Nesjar)



Heimarún Nesja GK-051.

1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með hjáleigunum Gömlu Nesjar, Nordurnesjar og Melaberg (GK-052, í eyði í yfir 100 ár), samkvæmt JAM III, 49-51.

1847: 35 5/12 hdr., bændaeign, segir í JJ, 86.

1919: Hjáleigan Mýrarhús merkt inn á túnakort.

1541. Minnisgreinar Gizurar biskups. "afhent af geymslumanninum j masbudum vjc og xx fiskar." DI X, 691.

1551: Norðlingar hefna Jóns Arasonar. "Þaðan fóru þeir til Mársbúða, og drápu þar annan [danskan eftirlegumann], er þar lá, en annar slapp, því hann skaut einn af þeim til dauðs meður einni baun, er hann lét fyrir byssuna, og svo komst hann í Skálholt," segir í Biskupa-annálum Jóns Egilssonar, StSÍ I, 99. Sjá einnig Biskupasögur II, 256.

1552: Fógetareikningar. "Jtem Tollöffuer ij Maasbo ij skatt viij alne vadmell." DI XII, 420. Sjá einnig Fógetareikninga 1553, DI XII, 580.

Nesjar voru komnar í ábúð árið 1758 og var síðasti ábúandinn Jón Jónsson f. 1847, samkvæmt örnefnaskrá. Að auki er þess að getið að útgerð lagðist af á jörðinni árið 1920 (Ö-Másbúðir-Nesjar MP, 4-5, 7).

Jarðarítök: 1703. Jörðin brúkar skóg til kolagjörðar í almenningi. Hvalsneskirkja

á eyðijörðina Norðurnesjar innan Másbúðarlands. Að auki leigir jörðin Melabergsjörð af konungi til grasnytja, samkvæmt JÁM III, 50-51. 1889. “Þess skal getið að jörðin Lönd á hagbeit í jarðarinnar landi (Nesja),” segir í Landamerkjabréfi Nr. 2 (Veðmálabók).

Norður-Nesjar:

Um 1270: “Þetta er hvalskipte rost hvelinga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn viija hlut eigv flavik ok nesjar. hvoratveggv. er þar v stada skipte. aa þar flavik iij hlvt enn nesia[r] ij: helmingar skipte er med nesivm.” DI II, 78-79.

1445: “[Seljandi jarðarinnar reiknar] at hualsnesi fylgdi tuer jarðer nes ok Melaberg ok stedi onnur firir omagavist. enn adra etti kirkian ok Þar til tolf kugilldi. kynni [kaupandi] at spyria at helge gudinason hefði fleire peninga tekit kirkiunnar vegna aa hualsnesi Þa skyllði [seljandi] Þa til leggja.” DI IV, 665-666.

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Nesjar ásamt samnefndri þurrabúð og Mýrarhúsum.

1919: “Tún slétt (af sandi).” Tún (Nesjar), 3.7 hekt., garðar 1260 m². Tún (Mýrarhús), 3.7 hekt., garðar 580 m². Tún (þb. Guðm.), 3.7 hekt., garðar 770 m². Öll torfan samtals 11.1 hekt., og garðar 2610 m².

1703: “Fjörugrasatekja nokkur. Sölvatekja lítil. Rekavon nokkur. Hrognkelsafjara nokkur. Murukjarnar þeir eini, sem reka seint um vor, og þó oft til að næra á kvikfjenað í heyskorti. Heimræði árið um kríng og lendíng góð [...] [o]g geta þessi skip naumlega viðhaldist fyrir voveiflegum og sífelldum sjáfaryfirgáangi, sem að bæði grandar vergögnum, húsum og skipum. Tún fordjarfast stórkostlega af sands og sjáfar ágáangi, og hefur sjórinn fyrir innan sjötíu ár brotið sig gegnum túnið á tvo vegu, þar sem áður var svarffast land, so að nú stendur bærinn á umflotinni eyju, og fer þetta landbrot árlega í vöxt, so að nú er þar ekki fært yfir með stórstraumsflæði nema með brú, sem að brim brýtur af um vetur, og er það eitt með stærstum meinum ábúandans, sem á fastaland þarf að sækja mesta hluta síns heys um sumar, item vatn, grasnautn alla peningsins nytkan um sumur og þvilíka tilfæring. So að heima við bæinn er vatn ekkert vetur nje sumar nema fjöruvatn eina, sem margoft á vetur ekki næst af fjöruþáangi. Hagar ögnvir vetur nje sumar nema fjaran, og það sem ábúandinn leigir af eftirskrifaðri eyðijörð. Torfrista og stúnga engin nema á eyðijörðinni,” segir í JÁM III, 50.

“Fit; hefir þar verið kúahagi Nesjamanna,” segir í örnefnaskrá (Ö-Másbúðir-Nesjar MP, 1).

“Rúm 50 ár eru síðan lauk útgerð á Músúðarhólma. Hefir brimið glíngrað við gangbrautirnar síðan, án nokkurs viðnáms af mannanna hendi, enda svo eyddar orðnar, að aðeins má sjá, hvar þær hafa verið. Hólminn er að fjarlægjast fastalandið, hægt en öruggt,” segir í örnefnaskrá (Ö-Másbúðir-Nesjar MP, 7).

GK-051:002_01 *Nesjar* bæjarhóll bústaður A 317690 N 393456

Á túnakorti frá 1919 er bærinn Nesjar merktur með níu steinhúsum, einni timburskemma og einu for.

“Suður frá Melabergi er bær, sem heitir á Nesjum.” (mg)

“Mið á Landasundi var Keilir um austasta bæjarhúsið í Nesjum, sem var Austurbæjarbaðstofan. Húsið, er nú stendur, var byggt nákvæmlega á rústum baðstofunnar,” segir í örnefnaskrá Landa.

“[...] að Nesjum var baðstofa “öll á grind með innanþiljuðu stofuhúsi niðri,” segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson. Bærinn var á sama stað og núverandi íbúðarhús og þaðan til austurs. Stafnar bæjarins snéru til suðvesturs.

Gróin tún eru til allra átta.

Bæjarhóllinn er um 58 x 60 m að stærð og sést lítt sem ekkert á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 252; Ö-Lönd MP, 1; Ásgeir Ásgeirsson, 58

GK-051:002_02 heimild um kálgarð A 317708 N 393372

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður suðvestan við bæ 002. Norðausturhluti hans er innan áhrifasvæðis ljósleiðara, áætluð lega strengsins fer þvert í gegnum kálgarðinn þar. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin innan áhrifasvæðisins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-051:023 garðlag túngarður A 317680 N 393430

Á túnakorti frá 1919 er túngarður merktur sem umlykur tún bæjar 002 að undanskildum norðurhluta þess. Garðurinn skilur að tún Nesja 002 og Landa GK-050. Garðurinn tengist túngarði GK-050:027 til suðurs. Túngarðurinn var skráður um 17 m norðvestan við tóft GK-050:006 og fast suðvestan við



malarveg sem liggur upp að bæ 003. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 4 m vestan við túngarðinn. Túngarðurinn liggur meðfram malarvegi í grónu ræktuðu túni.

Um 30 m af túngarðinum eru innan úttektarsvæðis. Þar liggur hann frá suðaustri til norðvesturs og teygir sig í átt að sjónum. Hann er 1 m á hæð, grjóthlaðinn og um 2 m á breidd.

Heimildir: Túnakort 1919

GK-052 Melaberg

Túngarður GK-051:023, horft til suðurs.

1686: 35 hdr., 50 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.

1695: 35 hdr., 50 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.

1703: "Jarðardýrleiki óviss, konungseign, "Eyðijörð, hefur legið í auðn yfir hundrað ár," segir í JÁM III, 51.

1847: Jarðardýrleiki óviss, bændaeign, "eptir skýrslu prestsins hlýtur hún þó að vera í bygð," segir í JJ, 86. Jarðarítök: Jörðin leigð til Másbúða. Lönd hefur þar torfristu og hagabeit, samkvæmt JÁM III, 51.

1445: "[Seljandi jarðarinnar reiknar] at hualsnesi fylgdi tuer jarðer nes ok Melaberg ok stedi onnur firir omagavist. enn adra etti kirkian ok Þar til tolf kugilldi. kynni [kaupandi] at spyria at helge gudinason hefði fleire peninga tekit kirkiunnar vegna aa hualsnesi Þa skyldi [seljandi] Þa til leggja." DI IV, 665-666.

1919: Á túnakorti er hjáleigan Lindarbær merkt innan jarðarinnar og eyðibýlið Hóll.

"Ýmsir bjuggu á Melabergi á 19. öld, en stundum var það í eyði þá. Það var talin kotjörð og ábúendur jafnan fátækir. Hefir svo verið fram að síðustu áratugum, þar til dugnaðarmenn þar búandi, fyrst Kort Elisson að nokkru og þó enn fremur Hjörtur Helgason, hafa með nútíma tækni gjört það að stórbýli," segir í örnefnaskrá Másbúða og Nesja (Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 3-4).

Jarðarítök: Jarðarítök: Lönd brúkar torfristu og stungú í jörðinni, samkvæmt JÁM III, 48.

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Melaberg ásamt Lindarbæ.

1919: "Túnin slétt mestöll." Tún (Melaberg), 1.4 hekt., garðar 420 m². Tún (Lindarbær), 0.7 hekt., garðar 420 m². Tún (Hól), 0.12 hekt., garðar 140 m². Öll torfan samtals 2.2 hekt., og garðar 980 m².

1703: "Þessi jörð er aldeiliss yfirfallin af sandi og grjóti, so þar ekkert eftir nema lítil grasnautn, sem Másbúða og Landamenn brúka so sem fyr er getið. Item brunnur góður, en lending engin. Þar með mega þeir á Löndum og Másbúðum ómögulegar missa þessarar beitar, annars mundi báðar þær jarðir valla eður ekki byggjast. Rekavon er í meðallagi, en hefur um stundur ekki til viljað," segir í JÁM III, 51. "Þar hafa verið slétt tún og fögur, en nú eru flatar þær lítt ræktandi sökum mosa; þó hefir jörðin verið keypt, bærinn byggður upp og tún umgirt."

GK-052:006 garðlag túngarður

A 318614 N 394129



Á túnakorti frá 1919 er túngarður sem umlykur tún bæjar 001. Túngarðurinn sést enn afmarka vesturhlið heimatúnsins en var eingögnu rakinn innan áhrifasvæðis ljósleiðara. Hann sést norðan við núverandi heimreið að bænum, 5 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis.

Slétt, ræktað tún til austurs en þjóðvegur til vesturs.

Túngarður sést norðan við heimreiðina að Melabergi. Ekki er ljóst hver varðveisla hans er utan áhrifasvæðis. Hann er algróinn, 1-1,5 m á breidd og 0,8-1 m á hæð. Lílkega er túngarðurinn grjóthlaðinn en gróið yfir hleðslur. Túngarðurinn var rakinn á 11 m löngum kafla.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

Túngarður GK-052:006, horft til norðurs.

GK-052:054 tóft kálgarður


Kálgarður er um 200 m vestan við bæ 001, fast vestan við þjóðveg.

Kálgarðurinn er á sléttum grasbala við veginn. Sendinn fjara er skammt vestar.

Kálgarðurinn er 28 x 7 m að stór og snýr NNA-SSV. Hann er byggður upp við náttúrulega hæð til austurs, þar eru lágir klettar. Op er í suðvesturhorni. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og eru 1,2 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

A 318624 N 394223



GK-053 Fúlavík (Fuglavík)

1686: 50 hdr., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.


1695: 50 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.

1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með fjórum hjáleigum kenndar við þann sem þar býr (þá Jón, Þorsteinn, Árnór og Christian), Steinmodarhúsi og Vatnagardi, samkvæmt JAM III, 53-54.

1847: 50 hdr., bændaeign, með hjáleigunni Hamrakoti (GK-054), samkvæmt JJ, 86.

Um **1270:** Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þaðann eigv syðvr biasker j miðjann eyktiar holm. Þaðann fra fvlavik xl fadma a sanndinn fra kollvholmrv.” DI II, 77.

Um **1270:** “Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvíkinga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn viija hlut eigv fvlavik ok nesiar. hvoratveggv. er þar v stada skipte. aa þar fvlavik iij hlvt enn nesia[r] ij: helmingar skipte er med nesivm.” DI II, 78-79.



1418: Guðmundur Arason greiðir

Ljósleiðari mun fara þert í gegnum austurhluta heimatúnsins.

Þorgerði Ólafsdóttur “so miked i Jörðum og lausagotse. sem hier seiger. Jtem Kyrkiubol j Rosmhvalanese. fúlavik. Þorersstader. Rafnkelstader firir .j. hundrad hundrada.” DI IV, 265. Sjá einnig bréf 14.09.1428, DI VI, 41.

1919: Á túnakorti frá 1919 eru hjáleignar Fjósa-, Móa- og Norðurkot merktar auk þurrabúðarinnar Klapparkots.

Býlið Bjarghús og rústir nýbýlisins Hóla eru nefndar í örnefnaskrá (Ö-Fuglavík AG, 1).

Jarðarítök: jörðin brúkar kolskóg í almenningi. Heimabóndinn nýtir grasnytjar af hjáleigunum

Steinmóðarhúsi og Vatnagarði, segir Í JÁM III, 52, 54.

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Fuglavík, tvö býli, ásamt Fjósakoti, Móhúsum, Klapparkoti, Norðurkoti. 1919: "Túnin slétt og að mestu sléttuð nema 1/2 Hamrakotstúnið, þýft og nokkuð grýtt." Tún (Fuglavík), 3.9 hekt., garðar 1270 m². Tún (Fjósakot), 1.1 hekt., garðar 450 m². Tún (Norðurkot), 1.25 hekt., garðar 920 m². Tún (Klapparkot), 0.05 hekt., garðar 340 m². Tún (Móakot), 0.14 hekt., garðar 410 m². Öll torfan samtals 6.44 hekt., og garðar 3390 m².

1703: "Tún eru graslítill mjög og grýtt til stórmeins. Engjar öngvar. Hagar mjög litlir vetur og sumar [...]. Torfrista og stúnga í grýtttri jörðu. Eldiviðartak af fjöruþangi. Lýngrif nokkurt. Fjörugrasatekja nokkur. Rekavon nokkur. Hrognkelsafjara að litlu gagni. Sölvafjara í betra lagi bæði mönnum og fjenaði til nytsemdar. Murukjarni nokkur, brúkast þó ekki," segir Í JÁM III, 52.

GK-053:001_01 *Fuglavík* bæjarhóll bústaður

A 318720 N 395380



Bæjarhóll Fuglavíkur GK-053:001_01, horft til vesturs.

Á túnakorti frá 1919 er Fuglavík merkt með fjórum steinhúsum, stöku timburhúsi, einni timburskemmu og einum kálgarði til norðausturs. Bærinn stendur enn á sama stað og húsin á túnakortinu og stafnar snéru til suðvesturs. Bæjarhóllnum var raskað með byggingu þess en mannvist er án efa undir sverði. Fyrirhugaður ljósleiðari mun liggja í gegnum norðausturhluta bæjarhólsins.

Gróin tún og malarvegur eru við bæjarhólinn.

Bæjarhóllinn er um 50 x 38 m að stærð og snýr NNV-SSA. Enn má greina uppsöfnun til austurs, þar er bæjarhóllinn um 1 m en aðrar hliðar eru óljósari sökum rasks.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919

GK-053:001_02 heimild kálgarður

A 318734 N 395377

Kálgarður var norðaustan við bæ 001_01. Hann er horfinn og slétt tún eru þar nú. Fyrirhugaður ljósleiðari mun liggja beint í gegnum nyrsta hluta kálgarðsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-053:018 garðlag túngarður

A 318812 N 395379



Túngarður GK-053:018, horft til suðurs.

Túngarður er merktur á túnakorti frá 1919 og umlykur hann austur-, norður- og vesturhliðar Fuglavíkurshverfis. Garðurinn skilur að land og sjó til norðurs og þar segir "[s]jógarður 1. m á hæð, kambur utan hærri." Op er fyrir sunnan á suðurhlið garðsins þar sem leið 025 þræðir í gegn. Túngarðurinn var skráður innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara, austan við bæinn. Hann sést enn, milli tveggja malarvega. Túngarðurinn er 9 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara.

Gróid tún. Víða eru hólur og lægðir í því.

Túngarðurinn var rakinn á 50 m löngum kafla. Hann er grjóthlaðinn, 1,5-2 m á beidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann er hruninn en greina má 1-2 umför á stöku stað.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-053:020_01 *Norðurkot* bæjarhóll býli

A 318783 N 395440

Á túnakorti frá 1919 er hjáleigan Norðurkot merkt með tíu steinhúsum, einni timburskemmu og tveim kálgorðum, röskum 100 m norðan bæjar 001. Samkvæmt túnakorti var bærinn mitt á milli núverandi

íbúðarhúss til norðvesturs og útihúsa til suðausturs. Ljóst er að mikið rask er á bæjarhólnum. Stafnar bæjarins snéru til norðvesturs.

Gróin tún eru til allra átta.

Bæjarhóllinn er um 50 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Erfitt er að sjá upphækkun sökum rasks en án efa er enn mannvist undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-053:020_02 heimild um kálgarð

A 318780 N 395432

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður 020_02 suðvestan við bæ 001. Hann er horfinn innan áhrifasvæðisins, þar er nú malarplan. Ljósleiðarinn mun enda skammt sunnan við kálgarðinn, miðlínar er 2 m sunnar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-055 Bæjarsker/Býjasker

1686: 45 hdr., 100 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.

1695: 45 hdr., samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.

1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með hjáleigunum Sidstakoti, Midkoti (GK-058), Holkoti (GK-056), Barusgierde (GK-057), eyðihjáleigurnar Hialltakoti, Lambhúsi, Nordurkoti, Krossabrecku og Glæser auk tveggja ónefndra hjáleiga, segir í JÁM III, 55-58.

1847: 45 5/6 hdr., bændaeign, með hjáleigunum Hólkoti, Báruskeri og Norðurkoti, samkvæmt JJ, 87.

“Eyvindr [frændi Steinunnar gömlu] bjó nokkura vetr síðan í Heiðabæ ok fór síðan á Rosmhvalanes til Bæjarskerja [...]” segir í Landnámabók, ÍF I, 391.

Um **1270:** Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “ok þar vr sionhending j hinn hæsta stein aa markskerri. Þaðann eigv sydvir biasker j midiann eyktiar holm.” DI II, 77.

Um **1270:** “Þetta er hvalskipte rost hvelinga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekv millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn vij hlvt eiga biasker ok kirkiv niardvik halfan hvort.” DI II, 78-79.

1367: “lxvi. Kirkia hins heilaga Olafs kongs ad Byiaskerium a. etcetera. les wilchinsbok “; Hítardalsbók DI III 221

1370: “Og af ollum bæium sudur Þadan [frá Hvalsnesi] til Voga allar skyldur [til Hvalsness] vtan af Biaskerium oc Þeim tveimur kotum sem Þar fylgir jordunni. tekst Þar af heima tiund. af Hvalsnesi skal syngia til Biaskeria annan huern dag helgan.” DI III, 256-257 [Hvalness]

1397: “Kirkia hins heilaga Olafs konungs ad Biaskerium [...]” DI IV, 105.

1444: Skúli Loptsson selur Hallsteini Höskuldssyni Þingnes í Borgarfirði fyrir 60 hdr. “hier j mot gaf nefndur hallzsteinn halfa iord er heiter biasker er stendr aa Rosthualanesi firir halfan fiorda tug hundratha [...]”. DI IV, 658-659.

1488: Guðmundur Skúlason prestur selur Ólafi biskupi og heilagri Hólakirkju: “haalfa jord er heiter biaskier er liggur aa rosthualanesi j hualsnes kirkiv sokn fyrir fiorvtigi hvndrada [...]”. DI VI, 637.

1489: “medkienning Sniolf(s) prests ad hann hafe luckt peninga fyrir Biaskier Gudmunde Skulasine.” DI VI, 659. Sjá einnig bréf 22.07.1491, DI VI, 758.

1490: Dómur útnefndur af Diðrik Þíning “aa biaskeria þingi”. DI VI, 719.


1517: Ögmundur ábóti í Viðey selur Hannesi Eggertssyni Kirkjuból í Selárdal, Suðureyri og Tungu í Tálknafirði fyrir “[...] halfa Biaskier oc Þoristadi er liggia aa Hrosshvalanesi [...]”. DI VIII, 608. Sjá einnig bréf 14.9.1517, DI VIII, 637 og bréf 7.7.1519, DI VIII, 699.

1525: Máldagi Hóladómkirkju. “(Þ)etta jarda gödz atti holakirkia j sama tima. [...] biasker half.” DI IX, 301-302.

1539: Dómur tólf mann útnefndra “aa biaskerivm aa rosmhvalanesi.” DI X, 474.

1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Beerskeeriom v legekör. [...]” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-1550, DI XII, 157; 1550, DI XII, 176; 1552, DI XII, 403.

1552: Skýrsla um jarðeignir sem Jón biskup seldi frá Hólastól. “Biasker half xxc.” DI XII, 459-460.



*Ljósleiðarinn mun liggja sunnarlega innan heimatúns
Bæjarskershverfis.*

ónefndum eyðihjálegum, samkvæmt JÁM III, 55-58. “Meðan fjörupang var eina eldsneytið, var Eyrin óþrjótandi náma og fengu margir aðrir en eigendur að njóta góðs af því, fyrir litla eða enga þóknun,” segir í örnefnaskrá (Ö-Bæjarsker MP, 2).

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Bæjarsker, tvö býli, ásamt Laufás, Syðstakoti, tveimur Miðkotum og Hólshúsum.

1919: “Túnin mestöll slétt og sléttuð[,] blettir aðeins hér og þar smáþýfðir.” Tún (Býjasker A), 2.6 hekt., garðar 1320 m². Tún (Býjasker V), 2.6 hekt., garðar 1280 m². Tún (Hólshús), 1.15 hekt., garðar 300 m². Tún (Syðstakot), 1.4 hekt., garðar 1830 m². Tún (Laufás), 0.33 hekt., garðar 400 m². Öll torfan samtals 8.08 hekt., og garðar 5130 m².

1703: “Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu valla nýtandi. Fjörugrasatekja nokkur. Hrognkelsafjara nokkur. Murukjarnar og söl er brúkaðar fyrir pening [...] lending slæm, önnur langt frá í flæðiholma og þar fyrir mjög bæði hætt fyrir skip og erfið [...]. Tún gánga mjög af sjer fyrir sandi og sjáfaragangi. Engjar eru öngvar. Land graslítið, mestalt grjót og sandur. Flæðihætt mjög. Eldiviðartak ekkert nema af fjörupángi. Vatnsból slæmt og þrýtur stundum,” segir í JÁM III, 55.

“Ofan við túnið er kúagerði,” segir í örnefnaskrá AG. Þar kemur jafnframt fram að örnefnið Hesthúshóll sé á jörðinni (Ö-Bæjarsker AG, 2). “Sölvatangi. Langt rif, sem er milli sundanna. Sölvatekja,” segir í örnefnaskrá MP (Ö-Bæjarsker MP, 3).

“Á milli Sáðgerðir og Bæjarskerja átti að hafa verið svo mikill stöð, að fénaður, sem þar var á beit, sást ekki. Nú er þar sandur ein og sjávarrót.

1550: Skrá um eignir Hóladómkirkju. “Hafa þessar jarðer. sem hier epter skrifast. logast og j burttu sellst fra Holakirkju aa medan biskup Jon hefur halldit kirkiuna. [...] Býasker half .xx. c.” DI XI, 872.

1703: “[...] staðfestu þennan framburð og sönnuðu með eiði, eptir uppátekt Páls [Beyers] og tilnefnd sýslumanns, á Býjaskerja-, Kálfatjarnar- og Kópavogspingum, 2 lögréttumenn.” Vallaannáll, Annálar I, 451. “Á Býjaskerjum [...], er það ekki full 46 hndr. með 5 hjáleigum (aðrar 5 höfðu einhvörn t(íma) áður fyrr verið byggðar). [...] Á fyrri dögum skyldu hafa verið margar hjáleigur fyrir utan þær, sem nú eru byggðar, sem nú sjást engin merki til, hvar staðið hafa” segir í sýslu og sóknalýsingum, 80, 97.

1919: “Stakkagerði, þ. búð eyðilög f. nák. 20 árum,” segir á túnakorti. Þar eru einnig hjáleigurnar Hólahús og Syðstakot merktar sem og þurrabúðin Laufás.

Þurrabúðin Setberg, eyðibýlið Háber og þrjú nýbýli, Vinaminni, Reynistaður og Sólbakki er nefnd í örnefnaskrá (Ö-Bæjarsker AG, 1-2).

Örnefnið lögrétta er á jörðinni (Ö-Bæjarsker AG, 2).

Jarðarítök: Jörðin brúkar skóg til kolagerðar í almenningi. Að auki nýtir heimabóndinn grasnytjar af hjáleigunum Lambhúsi, Norðurkoti, Krossbrekku og tveimur

GK-055:024 garðlag túngarður

A 319056 N 396639

Á túnakorti frá 1919 er túngarður teiknaður sem umlykur Bæjarskershverfi ef frá er talið suðurhlíð þess. Op er á túngarðinum norðaustarlega þar sem leið 027 þræðir þar í gegn. Katrín Gunnarsdóttir skráði túngarð á Bæjarskeri árið 2008: A. “Garðurinn er um 460 m frá bæjarstæði Bæjarskeri [sic] í austur eftir

götuslóðanum. Þar liggur hann til suðurs eftir túnjaðrinum fyrir ofan tóftirnar sem eru austast í túni frá bæjarstæðinu. Garðurinn er í smásveigum í landinu og liggur að landamerkjum Hólshúss í suður. Þessi sami garður liggur síðan norðan við götuslóðann að Bæjarskeri, liggur á óbyggðu svæði fyrir vestan Stafnesveg vestan við húsin nr. 24-28, og er á landamerkjum Bárugerðis og Bæjarskers. [...] Garðurinn er grjóthlaðinn [sic] og liggur í smásveigum í landinu.” Hnit: N 64°01.701; V 22°42.267. B. “Túngaðurinn liggur norður-suður eftir túnjaðrinum, sem liggur að sjávarkambinum fyrir neðan og vestan bæjarstæði Bæjarskers. Hann liggur eftir túnstæðinu meðfram landinu sem tilheyrir Bæjarskeri. [...] Garðurinn er grjóthlaðinn og grasivaxinn að ofan og nokkuð á hliðum. Í garðinn hafa verið settir tréstaugar og gaddavír.” Hnit: N 64°01.676; V 22°42.609.

Slétt tún er innan heimatúnsins er óræktuð svæði og íbúðabyggð utan hans.

Túngaðurinn er innan áhrifasvæðis ljósleiðara við heilsárshúsið Paradísarkot, Péturskort er einnig merkt þar við. Túngaðurinn sést á milli þessarra húsa en var ógreinilegur sökum mikils gróðurs þegar skrásetjarar voru á ferðinni. Hann er um 0,3 m á hæð, 2 m á breidd og grjóthlaðinn. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 6 m til suðausturs.

Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2008, 17-18, 27

GK-055:063_01 *Syðstakot* heimild um býli

A 318949 N 396620

Á túnakorti frá 1919 er hjáleigan Syðstakot merkt liðlega 240 m sunnan bæjar 001. Bæjarröðin samanstendur af sex steinhúsum, einu timburhúsi, tveimur forum og tveimur kálgörðum. Í túni eru teiknuð þrjú steinhús, átta kálgarðar og leið sem liggur frá Syðstakoti til vesturs að kálgörðum í túni og endar þar Að auki er garðlag teiknað sem myndað keilulaga tún milli austan Syðstakots. Hugsanlega er um leifar gamals kálgarðs að ræða.


“Síðstakot, hjáleiga. Jarðardýrleiki óviss. Við til húsabótar leggur heimabóndinn,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Syðstakot er líkt og nafnið bendir til sunnarlega í heimatúni Bæjarskers. Núverandi íbúðarhús er fast austan við húsin sem sýnd eru á bæjarhólnum. Stafnar bæjarins snéru til suðurs. Fyrirhugaður ljósleiðari liggur yfir vesturhluta bæjarhólsins.

Rætuð tún og tjarnir eru á þessu svæði. Bakarður íbúðarhússins er á öllum bæjarhólum.

Bæjarhóllinn er um 40x25 m að stærð og snýr austur-vestur. Erfitt er að sjá upphækkun á yfirborði sökum mannvirkja ern líkast eru enn mannvistarlög undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; JÁM III, 55



Ljósleiðari mun raksa bæjarstæði Syðstakots GK-055:063 nokkuð.

GK-055:063_02 heimild um kálgarð

A 318931 N 396602

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við bæ 001_01. Traðir 001_04 lágu þvert í gegnum miðjan kálgarðinn. Öll ummerki hans eru horfin, þarna er nú bakgarður og bílaplan. Ljósleiðari mun liggja þvert í gegnum austur- og vesturhluta kálgarðsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-055:063_03 heimild um útihús

A 318956 N 396594

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var pró fast suðaustan við kálgarð 001_2, mitt á milli ljósleiðarans sem áætlað er að faro á tveimur stöðum að bæjarhól 001_01. Hún er horfin, þarna er nú bakgarður og gróið svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-055:063_04 heimild um traðir

A 318951 N 396586

Samkvæmt túnakorti lágu traðir 001_04 að bænum að suðaustan og í gegnum kálgarð 001_02. Öll ummerki þeirra eru horfin í gróið tún og rask við núverandi íbúðarhús.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-055:063_05 heimild um leið

A 318913 N 396598

Samkvæmt túnakorti lá leið til suðvesturs frá bæ 002, út heimatúnið innan þess hluta sem Syðstakort hafði til umráða. Leiðin liggur þvert í gegnum vesturhluta áhrifasvæðis ljósleiðra en sést ekki þar innan. Leiðin var ekki rakin utan þess.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-055:064_02 garðlag túngarður

A 318959 N 396431



Túngarður GK-055:064_02, horft til ANA.

Túngarður afmarkaði túnblett umhverfis Laufás 064_01 samkvæmt túnakorti frá 1919. Suðurhluti hans er enn varðveittur innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara, miðlínin er 5 m sunnar.


Vírgirðing er fast við garðlagið. Allt umhverfis eru gróin tún.

Túngarðurinn er 42 m að lengd en var ekki skoðaður utan áhrifasvæðisins. Líklega er þetta undirhleðsla undir girðingu og er norðan við malarveg að Fjörुकoti. Steyptir stöplar eru í túngarðinum utan áhrifasvæðisins. Túngarðurinn er 0,5-1 m á breidd, 0,3 m á hæð og það glittir í 1-2 umför ef grjóthleðslu. Túngarðurinn er hlaðinn úr stóru grjóti.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-055:066_01 Stakkagerði bæjarhóll býli

A 319017 N 396651



Uppmældar minjar við Stakkagerði GK-055:066.

“Stakkagerði, þ. búð eyðilög f. nák. 20 árum,” segir í túnakorti frá 1919 sunnan bæjar 001. Nákvæm staðsetning er ekki merkt.

“Í Syðstakotstúni ofan við garðinn, ca. 20 faðma frá, er byrgi fyrir fisk. Þar nyrzt er svo Stakkagerði. Þar var býli og kálgarður,” segir í örnefnaskrá. Stakkagerði er líklega þar sem svokallað Paradísarkot er í dag, þ.e. heilsárshús sunnarlega í heimatúni Bæjarskers. Mikið rask er við húsið en það mótar óljóst fyrir tóft þar fast austar, milli þess og húsgrunns (Péturskots) nokkuð norðar. Hvort að þetta er býlið er ekki vitað. Gróið tún er allt umhverfis Paradísarkot. Tóftin er 10,5 x 6,5 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún er grasivaxin og miðlína fyrirhugaðs ljósleiðra er fast austar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Bæjarsker AG, 1

GK-055:066_02 garðlag kálgarður

A 319019 N 396668

Kálgarður var sunnan við Stakkagerði 066_01 samkvæmt túnakorti frá 1919. Syðsti hluti hans lendir innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara en kálgarðurinn var ekki skoðaður þess utan. Kálgarðurinn var skoðaður á svæði sem er 24x10 m og snýr austur-vestur. Suðurveggurinn er sveigður og hún sést vel á túnakorti. Garðlagið er 2 m á breidd, 0,4 m á hæð og það glittir í 2-3 umför af grjóti.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-055:066_03 tóft kálgarður

A 319019 N 396668

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískiptur kálgarður, suðaustast í heimatúni Bæjarskers. Kálgarðurinn

var fast suðaustan við votlendi sunnan við Paradísarkot. Ekki er vitað hver nýtti kálgarðinn en vegna nálægðar við Stakkagerði fellur hann þar undir. Mikill gróður var á svæðinu þegar skrásetjari var á ferðinni og kálgarðurinn sést betur á loftmyndum. Hann er 29 x 16,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru grjóthlaðnir og um 0,5 m á hæð. Miðlína ljósleiðara liggur þver í gegnum kálgarpinn, á sama stað og vegur að húsinu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-058 Norðurkot (Miðkot)

1703: “[G]ömul hjáleiga [Frá Býjaskeri], hefur í v [fimm] ár legið í eyði [...]. Þessa hjáleigu segist heimabóndinn aftur byggja muni, þó grasnautn sje lítil [...]. Þó segir hann þetta kunni ei að vara, hvað lítið sem hjer eftir spillir sjór eður sandur heimatúninu framar en nú er,” segir í JÁM III, 57.

1847: Jarðardýrleiki óviss sögð undirsett Býjaskeri, samkvæmt JJ, 87.

1919: Samvæmt túnakorti var tvíbyli á jörðinni.

1919: “Túnin mestöll slétt og sléttuð[,] blettir aðeins hér og þar smápýfðir.” Tún (Miðkot V), 1.1 hekt., garðar 500 m². Tún (Miðkots S), 1 hekt., garðar 670 m². Öll torfan samtals 2.1 hekt., og garðar 1170 m².



Norðurkot GK-058:001. Bærinn er fast norðan við áhrifasvæði ljósleiðara.

GK-058:001_02 hleðsla kálgarður

A 318850 N 396730

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við bæ 001_01, miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara liggur fast norðan við suðurvegg hans. Fjárhús voru innan vesturhluta kálgarðsins en þau rifin nýlega. Suðurveggur kálgarðsins er 29 m að lengd og austurhliðin tæplega 12 m en sést mun betur á loftmynd en á vettvangi. Veggurinn er 2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Hann er algróin en víða glittir í grjót.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-058:001_03 heimild um útihús

A 318862 N 396736

Samkvæmt túnakorti var þró innan kálgarðs 001_2, um 8 m norðan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara. Hún er horfin af yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Kálgarður GK-058:001_02, horft til vesturs.



Garðlag GK-058:012, horft til suðvesturs.

GK-058:012 garðlag vörslugarður

A 318891 N 396627

Á túnakorti frá 1919 er túngarður sem skilur að tún Miðkots GK-058 og Syðstakots, sunnan við bæinn.

Op er fyrir miðju garðsins þar sem leið GK-631:022 þræðir í gegn en hún lá á milli þessarar bæja. Túngarðurinn var eingöngu rakinn innan áhrifasvæðis ljósleiðara en er mun lengri. Túngarðurinn liggur þvert í gegnum áhrifasvæðið.

Grasivaxið, ræktað tún.

Túngarðurinn var rakinn á 34 m löngum kafla en hlið er á sama stað og ljósleiðarinn mun fara í gegn og þannig hægt að forða raski. Hann er grjóthlaðinn, 2 m á breidd og 0,4–0,6 m á hæð. Sjá má 3–4 umför af grjóti en vírgirðing er fast norðan við túngarðinn innan áhrifasvæðis.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-072 Þóroddstaðir

1686: 16 hdr., 80 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 122.

1695: 16 hdr., 80 ál., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 122.

1703: Jarðardýrleiki óviss., konungseign, með tveimur hjáleigum sem báðar heita Þorustadakot, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 66.

1847: 16 2/3 hdr., bændaeign, um tíma í eyði, segir í Jarðartali Johnsens, 87.

Um **1270:** Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þa eigv hafar biarnnasader ok kolbeinstader ok kirkiubol sydvir at ose þeim er fram er fra borg kirkivbols. [...] Þadan eigv vtskaler til hiallzins aa fitivm sionhending fram j kross þann er þar er klappadur j hamrinum: fram vndann. Eigv hier j þorodzstader fímtvnginn.” DI II, 77.

1370: Máldagi Hvalsneskirkju. “þangad liggia þesser iiij bæer ad tiundum oc lysitollum oc ollum skylldum. þoristader.” DI III, 256.

1418: Guðmundur Arason greiðir Þorgerði Ólafsdóttur “so miked i Jördum og lausagotse. sem hier seiger. Jtem Kyrkiubol j Rosmhvalanese. fulavik. Þorersstader. Rafinkelstader firir .j. hundrad hundrada.” DI IV, 265. Sjá einnig bréf 14.09.1428, DI VI, 41.

1517: Ögmundur ábóti í Viðey selur Hannesi Eggertssyni Kirkjuból í Selárdal, Suðureyri og Tungu í Tálknafirði fyrir “[...] halfa Biaskier oc Þoristadi er liggia aa Hrosshvalanesi [...]” DI VIII, 608. Sjá einnig bréf 14.9.1517, DI VIII, 637.

1516: “[...] Þvrridur Þordardotter oc Birger sonvrhennar handlagdi Hannes Eggertssyni með fvlv handabandi fiorvtiger alnar ens xv. hundraz j jordine Þorodzstodvm er liggvr aa Rasthvalanesi [...]” DI VIII, 584.

1547–1548: Fógetareikningar. “Jtem met Tuorestedom ij legekör. [...]” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548–1549, DI XII, 142; 1549–1550, DI XII, 157; 1550, DI XII, 176; 1552, DI XII, 403.

Í örnefnaskrá kemur fram að býlin Hraunprýði og Þverspyrna voru innan Þórustaðarlands (Ö-Þórustaðir, 2).

Jarðarítök: Skógarítak til kolagerðar brúkar jörðin í Almenningi innan Kirkjubólslands. Að auki á jörðin skipstöðu og uppsátur í Kirkjubólslandi, segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 66.

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Þórustaði.

1919: “Túnin mestöll slétt – af sandi. Hvítur foksandur frá sjó við flesta beina og undir túngörðum utan og innan – flög sjást líka og sandblettur, helst á Hafurbjarn.st.” Tún (Þórustaðir), 4.5 hekt., garðar 1470 m².

1703: “Torfrista og stúnga í lakasta máta fyrir sandi og grjóti [...]. Eldiviðartak af fjöruþangi hjálplegt. Fjörugrasatekja nokkur [...]. Rekavon nokkur [...]. Murukjarnar öngvir nema af reka á útmánuðum [...]. Tún jarðarinnar fordjarfast af sandi til stórmeina og hefur ábúandinn bæði kostnað og erfiði fyrir að láta moka sandinn og varna spjöllum, sen sýnilegt merki votta. Engjar öngvar. Útihagar í lakasta móti bæði sumar og vetur. Vatnsból er lítið mjög, og þarf um sumur að vatna pening á annari jörð,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 66–67.

Örnefni: «Rétt upp frá túni er Kúamói Þar var kúm beitt, en ekki fé,» segir í örnefnaskrá (Ö-Þórustaðir, 1).

GK-072:001 Þóroddstaðir bæjarhóll bústaður
 Á túnakorti frá 1919 eru Þóroddsstaðir/Þórustaðir merktir með tíu steinhúsum og tveimur kálgörðum. Katrín Gunnarsdóttir skráði bæjarstæði Þóroddsstaða árið 2009: “Húsið sem stendur þarna í dag er við endann á vegslóðanum sem liggur í vestur frá veginum frá Sangerði [sic] í Garð. [...] Þarna stendur nú uppsteypt íbúðarhús og útihús. [...] Samkvæmt túnakorti frá 1919 er matjurtagarður fast sunnan við bæjarhús Þóroddsstaða. Sunnan við núverandi byggingar bæjarhús Þóroddsstaða [sic] er nú bílastæði og afgirtur garðblettur heim við húsið.” Bæjarhóllinn er mikið raskaður. Á honum miðjum eru núverandi íbúðarhús, útihús og pallur. Erfitt er að áætla uppsöfnun mannvistarlaga en hóllinn er um 45 m í þvermál og líklega uppsöfnun enn undir sverði. Fyrirhugaður ljósleiðari mun liggja að húsinu í gegnum suðausturhluta bæjarhólsins.

A 319131 N 400807



Bæjarhóll GK-073:001, horft til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2009, 8

GK-073 Kirkjuból

1686 og **1695:** 66 hdr., 80 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 123.

1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með hjáleigunum Sandhólakoti, Nýjabæ, Móakoti, Busthúsi, Fjósakoti, Götu, Vallarhúsi, Kvíarvöllum (GK-074) og tveimur ónefndum hjáleigjum, samkvæmt JÁM III, 68-72.

1847: 67 2/3 hdr. 1847. Bændaeign, með hjáleigunum Kvíavöllum og Fitjum (GK-075) auk þeirra voru Vallarhús, Busthús og Sandhólakot hjáleigur 1705 og 1803, samkvæmt JJ, 87.

Um **1200:** Kirknaskrá Páls, DI XII 9

Um **1270:** Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þaðann eigv vtskaler til skagaflesiar: Þa eigv hafar biarnnasader. ok kolbeinstader ok kirkiubol sydvir at ose þeim er fram er fra borg kirkivbols. ok j þann as er þar geingvr fram vndan aa þar j kolbeinstader fiordvng ok annann hafar biarnna stader enn halftt kirkivbol. [...] Jtem eiga vtskaler allar veidar sydvir j lambarif, enn krokvr ok midhvs þridivng. enn kirkivbol ad svnnann, enn fiskreka allann at miofa tanga.” DI II, 77.

Um **1270:** “Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn fimta hlvt aa kirkivbol hafar biarnnarstader ok kolbeinstader. aa kirkivbol jafnn micid hinvm badvm: enn hinn londinn halft hvort vid annat.” DI II, 78

1367: “a xlc j heimalande fiordung j geirfuglaskere. vidreka allann a Skarda vrd.” DI III 221

1379: “a xl hvndrada j heima landi.” DI III, 342-343

1397: “a xlc j heimalandi. fiordung j geirfuglaskeri.” DI IV, 103-104


1418: Guðmundur Arason greiðir Þorgerði Ólafsdóttur “so miked i Jördum og lausagotse. sem hier seiger. Jtem Kyrkiubol j Rosmhvalanese. fulavik. Þorersstader. Rafinkelstader firir .j. hundrad hundrada.” DI IV, 265. Sjá einnig bréf 14.09.1428, DI VI, 41.

1433: “Kirkiu bols brenna sudr [...] Margriet koms ut um onshusit med skærum sinum.” Gottskálksannáll, Isl. Ann, 370

1477: “Peturs kirkia a kirkiubole a xl hvndrad j heimalandi.” DI VI, 126

1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Kyrckebolet landskyldt xij vetter fiske [...]” DI XII, 117. Sjá einnig Fógetareikninga 1548, DI XII, 123; 1548-1549, DI XII, 144; 1549-1550, DI XII, 158; 1550, DI XII, 178, 182; 1552, DI XII, 404, 407, 421, 423-424; 1553, DI XII, 564, 581, 595.

1551: Norðlingar hefna Jóns Arasonar, drepa Kristján skrifara og menn has á Kirkjubóli. “Þá Danska á Kirkjubóli dysjuðu þeir fyrir norðan garð; tveir af þeim hétu Sefrínar: Sefrín Kock og Sefrín Ama [...]”



Ljósleidari mun liggja yfir norðurhluta heimatúna í Kirkjubólshverfi.

er sameign Kirkjubóls, Hafurbjarnarstaða og Kolbeinsstaða, segir í örnefnaskrá (Ö-Kirkjuból, 2, 7). Hafurbjarnarstaðir, Kolbeinsstaðir og Þórustaðir brúka skógarítak í Almennungi. Því til viðbótar fá Þórustaðir skipstöðu og uppsátur í Kirkjubólslandi, samkvæmt JÁM III, 66, 73, 75. “Kirkjuból hefur verið fremsti bærinn fyrir sunnan Skagann, og er hann enn byggður, en fluttur lengra upp frá sjó. Rústir forna bæjarins eru á hól við sjóinn og sjást enn, þó ekki gjörla, því að þar er mjög sandi orpið og um turnað. Kirkja var og þar, og sér enn rústir hennar, þó eigi glögglega, því allt er komið í sand. Vilchins máldagi kallar þessa kirkju Péturskirkju, og átti hún sem hlunnindi fjórðung í Geirfuglaskeri, en hálft kirkjan í Vog. Bænhús stóð hér fram á daga Árna lögréttumans Jónssonar. Ekki vita menn til, að hér hafi nokkru sinni blásið upp mannabein, og engin legstaður eða rúnasteinn er hér sjáanlegur. Ívar Hólm hirðstjóri á að hafa búið á Kirkjubóli.”

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Kirkjuból ásamt Landhól, Vallarhúsum, Vallholti, Þingholti og Hólabrekku.

1919: “Túnin mestöll slétt - af sandi. Hvítur foksandur frá sjó við flesta beina og undir túngörðum utan og innan - flög sjást líka og sandblettur, helst á Hafurbjarn.st.” Tún (Kirkjuból), 4,3 hekt., garðar 1750 m². Tún (Vallarhús), 4,2 hekt., garðar 660 m². Tún (Sandhóll), 2,9 hekt., garðar 700 m². Tún (Vallholt), 0,01 hekt., garðar 800 m². Tún (Þingholt), 0,14 hekt., garðar 860 m². Tún (Hólabrekka), 0,2 hekt., garðar 720 m². Öll torfan samtals 11,75 hekt., og garðar 5490 m².

1703: “Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenníngum. Torfrísta og stúnga engin nema í sendinni jörðu lítt nýtandi [...]. “Fjörugrasatekja nokkur, fer þó mjög til þurðar fyrir því að menn frá öðrum jörðum sækja þangað grös. Sölvatekja hefur verið temmilega góð, fer og til þurðar, því frá öðrum jörðum er til sókt. Elddiviðartak af fjörupáangi var bjargleg alt so lengi að ekki var til sókt frá öðrum jörðum, en nú

segir í Biskupa-annálum Jóns Egilssonar (StSÍ), 99. Sjá einnig Skarðsannál, Annálar I, 124.

1551: “[Kristján skrifari og menn hans] grafnir heima hjá hálfkirkjunni á Kirkjubóli”; Bsk II, 256

1553: Máldagi Kirkjubólskirkju. “Kirkian a Kirkiubole a xlcj heimalandi. Fiordvng j Geirfuglaskeri.” DI XII, 665.

1555: Konungsboð. “Sameledis er forschreffne Torofler Öyelssen begierenndis. att wij wille vnnde hanom enn gaard wed naffin Kierckebole. thaa giffue wij teg tillckiennde att wij ere tillfredz. att hannd fanger same gaard.” DI XIII, 7.

Um **1570** og síðar: “Kirkian a Kirkiuböle a xLc. i heimalandi. Fiordung i Geirfuglaskiere” DI XIV, 639.

1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 61, 64, 66

1919: Á túnakorti eru rústir ónefnd kots, þurabúðin Vallarkot sem og hjáleigurnar Hólabrekka, Sandhóll, Vallarhús og Þingholt merktar.

Býlið Rafnhús og þurabúðin Efstibær eru nefnt í örnefnaskrá (Ö-Kirkjuból, 7).

“Í minnum þeirra manna, sem nú lifa, fylgdu því 9 hjáleigur, hvar af nú eru ekki nema tvær til: Kvíavellir [GK-074] og hálfbýlið Fitjar [GK-075], “ segir í sýslu og sóknalýsingum, 77.

Jarðarítök: Jörðin á einn fjórða part í Almennungi innan jarðarinnar. Það

síðan umboðsmaður forpachtaranna leyfði öðrum fjörunnar nautn á þessum fyrirskrifuðum þángtekju hlunnindum þykist ábúandinn [...] líða skort á eldiviðartaki sínu, og bágindi meir en áður á sölvatekjunn [...] Rekavon í betra lagi [...]. Murukjarnar, bjöllur og ætipönglar fást þar um vortíma og kemur það peningi til næringar í heyskorti. [...]. Tún jarðarinnar liggja undir stórum skaða af sandi, sem ábúandinn hefur margoft með stóru erfiði og kostnaði látið moka saman, til að varða við eyðileggingu jarðarinnar. Engar öngvar. Hagar mjög litlir vetur og sumar nema fjaran” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 68-69.


“[H]efur sandur þessi fokið mjög upp á túnin og spillt grasrót, svo að illbyggilegt mátti heita, þar til á síðustu árum að útlandur áburður og betri viðleitni hefur gert byltingu í grasvexti á þessum slóðum,” segir í örnefnalýsingu (Ö-Kirkjuból, 4).

GK-073:055 tóft kálgarður

A 320308 N 402194

Kálgarður er fast suðaustan við meint bæjarstæði Þingholts 025. Kálgarðurinn er fast vestan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara og 10 m vestan við malarveg.

Gróið svæði. Kría verpir á þessu svæði sem líklega er einnig nýtt til beitar.



Uppmæling af kálgarði GK-073:055.



Kálgarður GK-073:055, horft til suðvesturs.

Kálgarðurinn er 33 x 8 m að stærð, er einfaldur og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 1-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Víða er gróið yfir vegghleðslurnar en það glittir í 2-4 umför af grjóti.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-073:056 garðlag túngarður

A 319587 N 401401

Gamall fornlegur túngarður er innan heimatúns Kirkjubóls, milli Kvíavalla GK-074 og Vallholts 018. Túngarðurinn var einungis skoðaður innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara, sunnan við veg að Hafurbjarnarstöðum GK-077.

Grasivaxið tún er til allra átta.

Túngarðurinn er 4,5-5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann sást illa sökum gróðurs þegar skrásetjarar voru á ferðinni. Túngarðurinn nær lengra til suðvesturs en var einungis rakinn á 13 m löngum kafla. Miðlína ljósleiðara er 2 m norðan við enda túngarðsins en hann er horfinn af yfirborði þar vegna vegargerðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-073:057 garðlag túngarður

A 319687 N 401300

Túngarður liggur í sveig til suðvesturs um 100 m suðaustan við túngarð GK-076:016. Hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1919 og líklega yngri sé tekið mið af ástandi hans. Hann var eingöngu rakinn innan áhrifasvæðis ljósleiðara en nær lengra til beggja átta. Túngarðurinn liggur þvert í gegnum úttekarsvæðið. Slétt, grasivaxið tún.

Túngarðurinn afmarkaði að öllum líkindum austurmörk túnsins. Hann var rakinn á tæplega 60 m löngum kafla og liggur VSV-ANA. Hann er gerður úr einfaldri hleðslu sem er hrunin. Garðlagið er 0,5 m á breidd, 0,2-0,3 m á hæð og grjótið er skófum vexið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Túngarður GK-073;056, horft til vesturs.



Túngarður GK-073:057, horft til norðausturs.

GK-074 Kvíavellir

1703: Jarðardýrleiki óviss. Sögð tíunda hjáleiga frá Kirkjubóli, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 72.

1919: Á túnakorti er jörðin sögð í eyði.

1703: “Eldiviðartak erfitt og lítið, því fleiri sækja til fjörunnar en jarðarinnar ábúendur,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 73.



Uppmælingar á bæjarhól GK-074:001.



Kálgarður GK-074:001_02, horft til norðvesturs.

GK-074:001_02 hleðsla kálgarður

A 319526 N 401434

Hluti af kálgarði norðan við bæ 001 er innan áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara. Nyrsti hlutinn er innan áhrifasvæðisins, miðlinan er 13-15 m norðar. Kálgarðurinn er ekki sýndur á túnakorti frá 1919. Norðurveggurinn er 23 m að lengd, 2 m á breidd og 0,7-1,2 m á hæð. Fimm umförf af grjóthleðslu sjást í veggnum sem eru grjóthlaðinn. Op er norðvestast á veggnum. Bæjarhóllinn er skammt vestar, utan svæðis en kálgarðurinn virðist ná að honum engu að síður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-076 Kolbeinstaðir

1686: 16 hdr., 80 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 123.

1695: 16 hdr., 80 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 123.

1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með stakri ónefndri hjáleigu, skv. Jarðabók Árna Magnússonar

og Páls Vídalíns III, 74-75.

1847: 16 2/3 hdr., bændaeign, skv. Jarðartali Johnsens, 87.

Um **1270:** Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þaðann eigv vtskaler til skagaflesiar: Þa eigv hafar biarnnasader. ok kolbeinstader ok kirkiubol sydvir at ose þeim er fram er fra borg kirkivbols. ok j þann as er þar geingvr fram vndan aa þar j kolbeinstader fiordvng ok annann hafar biarnna stader enn halftt kirkivbol.” DI II, 77.

Um **1270:** “Þetta er hvalskipte rost hvelinga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn fimta hlvt aa kirkivbol hafar biarnnarstader ok kolbeinstader. aa kirkivbol jafnn micid hinvm badvm: enn hinn londinn halft hvort vid annat.” DI II, 78

1395: “Þessar jarder aa klauvstrid j alvfvsse. [...] Kolbeinstader. j. c.” DI III, 597.

1513: Guðlaugur Sigurðsson selur Árna ábóta og klaustrinu í Viðey “jordena alla Kolbeinstadi xxc at dyrleika er liggvr aa Rosthvalanesi j Kirkivbols kirkivsokn [...]” DI VIII, 415.

1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Kolbeinstedom ij legekör. [...]” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-1550, DI XII, 156; 1550, DI XII, 176; 1552, DI XII, 403-403; 1553, DI XII, 577.

1919: Á túnakorti er tvíbýli sagt vera á Kolbeinsstöðum.

Býlin Ófeigskot og Ásgarður koma fram í örnefnaskrá. Þar er tómthúsið Sléttuból einnig getið, byggt um 1900 og talið hafa farið í eyði 1916 (Ö-Kirkjuból, 8).

Jarðartitök: Jörðin á skógarítak í Almenni í Kirkjubólslandi. Vergögn brúkuð í Hafurbjarnastaðalandi samkvæmt JÁM III, 75. Í örnefnaskrá Kirkjubóls segir að jörðin eigi einn fjórðapart af Almenni, ásamt Kirkjubóli og Hafurbjarnarstöðum (Ö-Kirkjuból, 4).

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Kolbeinsstaði, tvö býli.

1919: “Túnin mestöll slétt - af sandi. Hvítur foksandur frá sjó við flesta beina og undir túngörðum utan og innan - flög sjást líka og sandblettur, helst á Hafurbjarn.st.” Tún (Kolbeinsstaðir), 2.6 hekt., garðar 800 m².


1703: Torfrísta og stúnga ekki nema í sendinni jörðu lítt nýtandi [...]. Eldiviðartak af fjörupangi so valla við hjálpast má vegna ágánga annara manna sem frá öðrum býlum úr Garði til að sækja fyrir utan ábúandans leyfi. Fjörugrasatekja og sölvatekja nægileg til heimilisnautnar. Rekavon lítil [...]. Murukjarni enginn nema af reka, brúkast þó til að næra pening á í heyskorti [...]. Lending spillist af grjóti, sem sjávargángur ber í vörina með stórflæðum, og þarf með erfiði burt að taka, so vörin fordjarfist ekki. Túnin spillast að neðanverðu af sandi, en að ofanverðu blæs grjót upp í túnin, so að snart muni úr gánga, sje ekki því betur varðað. Engjar eru öngvar. Útigángur lítill sumar og vetur,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 75.

GK-076:001_01 Kolbeinsstaðir bæjarhóll bústaður

A 319671 N 401495

Á túnakorti frá 1919 eru Kolbeinsstaðir merktir með níu steinhúsum, einni for og einum kálgarði. Bæjarhóll Kolbeinsstaða sést enn og er áberandi. Á honum miðjum er íbúðarhús, líklega á sama stað og eldri hús sem sýnt er á túnakorti.

Heimatúnið er grasivaxið og nýtt til beitar



Uppmælingar á bæjarhól GK-076:001.



Bæjarhóll GK-076:001_01, horft til norðurs.

Hóllinn sést vel til norðurs, hann er grasivaxinn, flatur að ofan og um 1-1,5 m á hæð. Bæjarhóllinn er 50x40 m að stærð, snýr norður-suður og mikil mannvist er enn undir sverði. Fyrirhugaður ljósleiðari mun liggja í gegnum vesturhluta bæjarhólsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-076:001_02 hleðsla kálgarður

A 319665 N 401497

Kálgarður var vestan við bæjarhólinn og sést enn. Hann er L-laga innan áhrifasvæðisins, 13x12 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1-1,5 m á breidd, 0,3-0,8 m á hæð og sjá má 1-4 umför af grjóthleðslu í þeim. Hóll er til VSV frá kálgarðinum og mannvist án efa þar undir sverði. Hóllinn er 1-1,3 m á hæð og skagar fram í túnið. Miðlína ljósleiðara er 5 m til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Kálgarður GK-076:001_02, horft til austurs.



Öskuhagur GK-076:001_04, horft til vesturs.

GK-076:001_03 heimild um útihús

A 319669 N 401480

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró sunnan við bæ 001_01, 8 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara. Þróin var grafin niður í hól, líkast til hluta bæjarhólsins. Öll ummerki hennar eru horfin af yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-076:001_04 öskuhagur

A 319667 N 401472

Í rofi í suðurjarði bæjarhóls 001_1 sáust brennd bein, bæði úr dýrum og fiskum auk ösku. Öskuhagur bæjarins er í brekku til suðurs frá bænum en líklega utan áhrifasvæðis ljósleiðara. Beinín eru blönduð við gulan sand og hóllinn er um 1,3 m á hæð á þessu svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-076:016 garðlag túngarður

A 319600 N 401399



“Túnmörk jarðarinnar eru; að norðan, frá markasteini [019] við tún Hafurbjarnarstaða liggur túngarður [015] til austurs, er girðir af túnið alla leið upp fyrir þurrabúðarbylið Efstabæ [073:056], beygist þá túngarðurinn til suðurs, þar til kemur að jarðfastri klöpp með mark innan til [017] við túngarðinn, skammt fyrir sunnan þurrabúðarbylið Suðurkot, beygjast svo mörkin í vestur beint á fornaldargarðlag, er aðskilur tún jarðarinnar frá túni Kviavallanna, þá áfram eftir garðlaginu, meðan sömu stefnu heldur, að merktum steini [018] sunnan til við Brunn [020] (vatnsból jarðarinnar), beygjast þá túnmörkin til norðurs að þeim upphaflega áminnzta markasteini, síðast umgetin

Túngarður GK-076:016, horft til norðurs.

markstefna aðskilur tún jarðarinnar frá túni Hafurbjarnarstaðanna. Einkennismark á áminnztum steinum er LM, er þýðir landamerki,” segir í örnefnaskrá Kirkjubóls. Túngarðurinn sést á túnakorti frá 1919.

Slétt, grasivaxið tún.

Túngarðurinn var eingöngu rakinn innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara en sést liggja lengra til suðurs. Miðlína ljósleiðarans er 7 m vestar. Túngarðurinn var rakinn á 30 m löngum kafla, er 2,5-3,5 m á breidd og 0,5 m á hæð. Hann er algróinn og er án efa hluta af fornaldargarðlagi sem minnst er á í örnefnaskrá.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Kirkjuból, 3

GK-076:029_01 þúst útihús

A 319656 N 401487

Tvær þústir eru um 20 m SSV við bæ 001, neðan við bæjarhólinn. Miðað við staðsetningu þústarinnar er um útihús að ræða. Saman mynda þústirnar ílangan hrygg sem liggur niður frá bænum. Lag þeirra gefur til kynna að mannvist sé undir sverði. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 4-5 m norðar.

Grasivaxið, slétt tún.

Þúst 1 er norðvestar. Hún er 6,5 x 3,1 m að stærð, 0,6 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er algróin, slétt með beinar hliðar.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

GK-076:029_02 þúst útihús

A 319642 N 401484

Þúst 029_02 er um 5 m suðvestar og örlítið neðar.

Hún er 8,5 x 4 m að stærð og örlítið stærri en nyrðri þústin. Ástand hennar er álíka en er örlítið hærri, um 0,7 m alls.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Þústir GK-076:029, horft til vesturs.

GK-077 Hafurbjarnarstaðir

1686: 29 hdr., 20 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 123.

1695: 29 hdr., 20 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 123.

1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með tveimur ónefndum hjáleigum (ein í eyði), skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 73.

1847: 29 1/6 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðartali Johnsens, 87.

Um **1270:** Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þaðann eigv vtskaler til skagafflesiar: Þa eigv hafar biarnnasader. ok kolbeinstader ok kirkiubol sydvir at ose þeim er fram er fra borg kirkivbols. ok j þann as er þar geingvr fram vndan aa þar j kolbeinstader fiordvng ok annann hafar biarnna stader enn halftt kirkivbol.” DI II, 77.

Um **1270:** “Þetta er hvalskipte rost hvelinga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekvir millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn fimta hlvt aa kirkivbol hafar biarnnarstader ok kolbeinstader. aa kirkivbol jafnn micid hinvm badvm: enn hinn londinn halft hvort vid annat.” DI II, 78.

1395: “Þessar jarder aa klauvstrid j alvfvsse. [...] Hafvrbiarnnarstader. iiij. c.” DI III, 597.

1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Hafferbiernestedon iij legekör. [...]” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-1550, DI XII, 156; 1550, DI XII, 176; 1552, DI XII, 402; 1553, DI XII, 577, 590.

1703: Jarðarítök: Jörðin brúkar skóg til kolagerðar í Almenningi innan Kirkjubólslands. Kolbeinststaðir nýta vergögn á jörðinni. Að auki nýtur heimabóndinn grasnytja af ónefndi hjáleigu (í eyði), skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 73-75. Jörðin á hluti í Almenningi innan Kirkjubólslands, ásamt Kirkjubóli og Kolbeinsstöðum (Ö-Kirkjuból, 7).

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Hafurbjarnarstaði.

1919: “Túnin mestöll slétt – af sandi. Hvítur foksandur frá sjó við flesta beina og undir túngörðum utan og innan – flög sjást líka og sandblettur, helst á Hafurbjarn.st.” Í vesturhluta á sama korti er sjávarbrot teiknað og þar segir: “[h]ér er hvorki bakki né garður til hlífðar. Sjósandur (var tjörn).” Tún (Hafurbjarnastaðir), 5 hekt., garðar 1040 m².


1703: Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu valla nýtandi [...]. Eldiviðartak af fjörubangi laklegt vegna ágánga og yfirtroðslu annara, sem frá öðrum jörðum tilsækja. Sölva og grasatekja nægileg [...]. Rekavon nokkur. Murukjarni fæst þar um vortíma, og kemur það peningi til næríngar í heyskorti [...]. Lendingu skemmir sjór með stórflæðum, og þarf með erfiði burtu að ryðja, ef ekki skal uppsátrið fordjarfast. Túnin spillast árlega af sandi og þurfu ábúendur margoфт fólk til að kaupa, til að moka sandinn af með stórum kostnaði og erfiði. Öngvu að síður liggur þó jörðin undir skaðavon fyrir þeim sandságangi. Engjar eru öngvar. Útihagar litlir bæði vetur og sumar,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 73-74.

Örnefni: «Neðan við Hafurbjarnarstaði er Kálfhagi,» segir í örnefnaskrá (Ö-Kirkjuból, 7).

Gk-077:001 *Hafurbjarnarstaðir* bæjarhóll

bústaður

A 319571 N 401551



Á túnakorti frá 1919 eru Hafurbjarnarstaðir teiknaðir með sjö steinhúsum. «Næst norðan við Kviavelli eru Hafurbjarnarstaðir, sem voru nyrzti bærinn í hverfinu,» segir í örnefnaskrá Kirkjubóls. Núverandi íbúðarhús er á sama stað og eldri bæjarhús, stafnarnir snéru líkast til suðausturs.

Ræktuð tún eru til allra átta.

Bæjarhóllinn er um 30 m í þvermál, brekka er til suðurs frá honum. Hóllinn er þakinn byggingum og engin uppsöfnun sjáanleg á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Kirkjuból, 7-8

Uppmælingar á bæjarhól GK-077:001.

Gk-077:002 heimild um útihús

A 319584 N 401537

Á túnakorti frá 1919 er eitt timburhús, með tveimur áföstum skemmum, merkt um 20 m austan bæjar 001. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er beint yfir áætlaðri staðsetningu útihússins.

Slétt, ræktað svæði. Trjám er plantað skammt sunnar, á brekkubrún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-077:023 þúst óþekkt

A 319582 N 401491



Þúst er 50 m sunnan við bæ 001, innan heimatúns Hafurbjarnastaða. Líkast er um einhvers konar útihús að ræða en það þarfnast staðfestingar. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 3 m norðan við þústina.

Heimatúnið er grasivaxið en komið í órækt.

Þústin er 12x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grasivaxin og 0,4 m á hæð. Hvergi glittir í mannvirki á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Þúst GK-077:023, horft til suðurs.

GK-631 Fornleifar á fl. en 1 jörð

Fornleifar á fleiri en einni jörð í Rosmhvalaneshreppi

GK-631:008 heimild um leið

A 316678 N 390925

Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur í austurátt frá Stafnesi GK-040:001 til Nýlendu GK-042:001. Þaðan sveigur hún í norðurátt og liggur til Hólakots GK-043:001 þar sem hún endar. Leiðin er horfin af yfirborði, þar eru nú slétt tún, byggingar og malbikaður vegur.

Leiðin er innan áhrifasvæðis ljósleiðara milli Stafness og Nýlendu og var ekki skoðuð utan þess.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-631:009 heimild um leið

A 316692 N 390857

Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur í austurátt frá Stafnesi GK-040:001 til Glaumbæjar GK-041:001 þar sem hún endar. Miðlína ljósleiðara er 7-10 m sunnan við áætlaða staðsetningu leiðarinnar.

Gróin tún eru þar sem leiðin lá.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-631:010 heimild um leið

A 316773 N 390987

Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur í suðurátt frá Nýlendu GK-042:001 og endar í suðurmörkum Glaumbæjarlands, við túngarð GK-040:027.

Leiðin liggur þvert í gegnum áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara og var ekki skoðuð utan þess.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-631:011 heimild um leið

A 316751 N 391123

Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá garðlagi Nýlendu GK-042:005 í vesturátt að bæ GK-042:001 og sveigir þar í norðurátt til Bala GK-040:090 og endar í Litlabæ GK-040:091. Leið GK-043:013 tvístrast við Bala 040:090 og leið GK-043:012 við Litlabæ 040:091. Leiðin lá þvert í gegnum áhrifasvæði ljósleiðara vð Bala og Nýlendu.

Gróin tún, malarvegir og byggingar eru þar sem leiðin lá innan áhrifasvæðis ljósleiðara.

Öll ummerki leiðarinnar eru horfin af yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-631:015 heimild um leið

A 317456 N 393206

Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá krossgötum í suðvesturátt og heldur áfram í gegnum tún Burstahúsa. Á túnakortinu segir: «gatan er á garðlagsvegg miklum». Leiðin/garðlagið er utan áhrifasvæðis ljósleiðara að mestu en sunnan við Busthús GK-049:001 og vestan við túngarð GK-050:027 mun ljósleiðarinn fara þvert í gegnum áætlaða legu minjanna.

Slétt tún.

Leiðin var eingögnu skoðuð innan áhrifasvæðis ljósleiða en sést ekki þar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-631:016 heimild um traðir

A 318735 N 395403

Á túnakorti frá 1919 eru traðir merktar frá Fuglavík GK-053:001 og liggja í norðausturátt að Klaufarkoti (GK-053:040 og endar þar. Leiðin liggur eftir norðurhluta áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara milli bæjar 053:001 og Norðurkots og sveigir síðan til austurs.

Slétt gróin tún og vegur er þar sem traðirnar lágu.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-631:021 heimild um leið

A 316951 N 392570

Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá Gerðakoti GK-045:001) í norðátt að Smiðshúsum GK-044:045 og endar þar. Suðurhluti leiðarinnar er hlaðinn samkvæmt merkinu á túnakortinu. Veglsóði er á sama stað og er yngri. Öll ummerki um eldri leið eru horfin af yfirborði.

Slétt tún eru til allra átta.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-631:022 heimild um leið

A 318914 N 396640

Á túnakorti frá 1919 er leið teiknuð milli Miðkots GK-058:001 og Syðstakots GK-055:063. Leiðin liggur þvert suður-norður í gegnum áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara. Hún lá í gegnum hlið á túngarði GK-058:012 og áætlað er að ljósleiðari fari þar í gegn.

Grasivaxið tún.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1919

5. Helstu niðurstöður og samantekt

Stór hluti úttekarsvæðisins sem rannsakað var sumarið 2021 er innan heimatúna við strandlengjuna en landslag og landshættir innan þess eru þó fjölbreytilegir. Í gegnum aldirnar þróaðist þéttasta byggðin í hreppnum meðfram ströndinni og samnstanda heimatúnin víða af hverfum, þ.e. einu eða fleiri stórbýli og fjölda smærri býla og þurrabúða sem víða raðast í eins konar kraga umhverfis höfðuðbýlin, innan heimatúns. Ekki er ljóst hvenær hjáleigu- og þurrabúðabyggð tekur að þéttast að ráði innan úttekarsvæðisins en færð hafa verið rök fyrir því að svipuð byggð annars staðar á Reykjanesskaga kunni að eiga rætur sínar allt aftur á 12.-13. öld.² Stafnesstorfan er gott dæmi um byggðarmynstur á svæðinu, innan hennar eru þekkt a.m.k. 24 býli. Sum þeirra voru orðin að lögbýlum árið 1847 og sum sennilega löngu fyrr. Svipaða sögu má segja um Hvalsnes, þar sem heimildir eru um a.m.k. 10 býli og á Bæjarskeri eru þau um að lágmarki 15 talsins. Þessi mikli fjöldi býla tengist sjósókn en á öllum ofangreindum jörðum var mikið útræði í gegnum aldirnar og voru þar innan svæðis voru sumar af helstu verstöðvum landsins.

Eins og áður segir voru samtals skráðar 129 fornleifar á 87 minjastöðum innan úttekarsvæðisins. Minjarnar sem skráðar voru tengjast flestar búsetu, landbúnaði og samgöngum. Úttekarsvæðið er að mestu í heimatúnum og úthögum en ekki við strandlengjuna sem útskýrir skort á minjum tengdum sjósókn. Flestar minjarnar voru innan heimatúns Stafness, Hvalsness, Bæjarskers og Kirkjubóls. Ástand fornleifanna innan úttekarsvæðisins er með ágætum. Enn má sjá ummerki um 60% fornleifanna og um 40% eru horfin. Þessi varðveisla vekur athygli, ekki

Ástand minja innan áhrifasvæðis ljósleiðara



Ástand fornleifa innan áhrifasvæðis.

síst vegna þess að ljósleiðarinn liggur í gegnum mörg heimatún þar sem túnasléttun er mikil.

Minjarnar eru allar skilgreindar í stórhættu en rétt er að ítreka að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifanna og síður en svo víst að þær verði fyrir raski vegna væntanlegra framkvæmda. Hættumatið er einungis ábending um að ef ekki verði hugað að minjum eru talsverðar líkur á því að þær gætu orðið fyrir hnjaski í framkvæmdunum. Fornleifar voru eingöngu skráðar innan úttektarsvæðis, garðlög og leiðir eru eingöngu rakin að hluta af þessum sökum. Hér neðar er samantekt um þær minjar sem skáðar voru innan úttektarsvæðisins.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Minjastaðir	Fjarlægð frá miðlínu (m)
GK-040:001_1	Stafnes	bæjarhóll	bústaður	sést til	2	0
GK-040:001_2		heimild	kálgarður	horfið		0
GK-040:002	Lögrétta	tóft	þingstaðir	hleðslur signar	1	6
GK-040:025	Lodda	bæjarhóll	býli	sést til	1	0
GK-040:027		heimild	túngarður	horfið	1	0
GK-040:039	Kvísarhóll	heimild	öskuhaugur	horfið	1	
GK-040:090_1	Bali	bæjarhóll	bústaður	sést til	8	5
GK-040:090_2		heimild	útihús	horfið		13
GK-040:090_3		heimild	útihús	horfið		7
GK-040:090_4		heimild	kálgarður	horfið		7
GK-040:090_5		heimild	útihús	horfið		7
GK-040:090_6		heimild	útihús	horfið		7
GK-040:090_7		heimild	kálgarður	horfið		0
GK-040:090_8		garðlag	túngarður	hleðslur signar		0
GK-040:097		garðlag	kálgarður	hleðslur signar	1	5
GK-040:150		tóft	kálgarður	hleðslur standa grónar	1	2
GK-041:001	Glaumbær	bæjarhóll	bústaður	sést til	1	0
GK-042:001_1	Nýlenda	bæjarhóll	bústaður	sést til	2	0
GK-042:001_2		heimild	kálgarður	horfið		0
GK-043:001	Halakot	bæjarhóll	bústaður	sést til	1	9
GK-043:003		heimild	útihús	horfið	1	1
GK-043:006		heimild	kálgarður	horfið	1	0
GK-043:008		heimild	leið	horfið	1	13
GK-044:001_1	Hvalsnes	bæjarhóll	bústaður	sést til	3	0
GK-044:001_2		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar		0
GK-044:001_3		heimild	útihús	horfið		0
GK-044:002_1		hús	kirkja	undir þaki	2	0
GK-044:002_2		heimild	leið	sést til		0
GK-044:004		heimild	útihús	horfið	1	9
GK-044:005_1		heimild	útihús	horfið	1	5
GK-044:006		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	1
GK-044:009		hús	skóli	undir þaki	1	1
GK-044:031_1	Garðbær	bæjarhóll	býli	sést til	2	6
GK-044:031_2		heimild	kálgarður	hleðslur signar		8

GK-044:032_1	Hlið	tóft	býli	hleðslur standa grónar	3	10
GK-044:032_2		tóft	kálgarður	hleðslur standa grónar		1
GK-044:032_3		heimild	traðir	horfið		0
GK-044:041		heimild	brunnur	horfið	1	1
GK-044:044_1	Smiðhús	bæjarhóll	bústaður	sést til	5	1
GK-044:044_2		heimild	kálgarður	horfið		2
GK-044:044_3		heimild	útihús	horfið		14
GK-044:044_4		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar		10
GK-044:044_5		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar		8
GK-044:066		heimild	traðir	horfið	1	0
GK-044:089		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar	1	0
GK-044:090		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	3
GK-045:001_1	Gerðakot	bæjarhóll	bústaður	sést til	8	0
GK-045:001_2		hleðsla	heygarður	hleðslur signar		1
GK-045:001_3		tóft	útihús	sést til		1
GK-045:001_4		tóft	útihús	hleðslur signar		4
GK-045:001_5		tóft	útihús	hleðslur signar		15
GK-045:001_6		tóft	útihús	hleðslur signar		17
GK-045:001_7		tóft	útihús	hleðslur signar		0
GK-045:001_8		tóft	útihús	hleðslur signar		4
GK-045:002		heimild	útihús	horfið	1	0
GK-045:006		heimild	legstaður	horfið	1	
GK-045:011		tóft	kálgarður	hleðslur signar	1	7
GK-045:012		heimild	útihús	horfið	1	1
GK-045:018		þúst	óþekkt	sést til	1	0
GK-045:019		tóft	útihús	hleðslur signar	1	8
GK-045:020		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	4
GK-048:001_1	Nýlenda	bæjarhóll	bústaður	sést til	2	0
GK-048:001_2		heimild	kálgarður	horfið		0
GK-048:006		hús	útihús	Undir þaki	1	9
GK-048:012		tóft	kálgarður	hleðslur signar	1	7
GK-049:001_1	Busthús	bæjarhóll	bústaður	sést til	2	0
GK-049:001_2		heimild	kálgarður	horfið		0
GK-049:010		garðlag	túngarður	hleðslur útflattar	1	3
GK-049:011		garðlag	varnargarður	hleðslur útflattar	1	0
GK-049:012		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	0
GK-049:013		heimild	leið	horfið	1	4
GK-049:014		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	2
GK-050:003	Lönd	bæjarhóll	bústaður	sést til	1	0
GK-050:006		tóft	útihús	hleðslur signar	1	5
GK-050:007	Akrahóll	heimild	býli	horfið	1	12
GK-050:008		þúst	útihús	sést til	1	0
GK-050:009		heimild	leið	horfið	1	6

GK-050:016_1		hleðsla	kálgarður	hleðslur útflattar	2	8
GK-050:016_2		brunnur	brunnur	sést til		15
GK-050:023		heimild	leið	horfið	1	5
GK-050:024		heimild	leið	horfið	1	0
GK-050:027		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	15
GK-050:046		tóft	kálgarður	hleðslur signar	1	2
GK-051:002_1	Nesjar	bæjarhóll	bústaður	sést til	2	0
GK-051:002_2		heimild	kálgarður	horfið		0
GK-051:023		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	6
GK-052:006		garðlag	túngarður	hleðslur útflattar	1	8
GK-052:054		tóft	kálgarður	hleðslur signar	1	11
GK-053:001_1	Fuglavík	bæjarhóll	bústaður	sést til	2	0
GK-053:001_2		heimild	kálgarður	horfið		0
GK-053:018		garðlag	túngarður	hleðslur útflattar	1	0
GK-053:020_1	Norðurkot	bæjarhóll	bústaður	sést til	2	13
GK-053:020_2		heimild	kálgarður	horfið		0
GK-055:024		hleðsla	túngarður	hleðslur signar	1	7
GK-055:063_1	Syðstakot	bæjarhóll	bústaður	sést til	5	0
GK-055:063_2		heimild	kálgarður	horfið		2
GK-055:063_3		heimild	útihús	horfið		7
GK-055:063_4		heimild	traðir	horfið		0
GK-055:063_5		heimild	leið	horfið		0
GK-055:064		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	5
GK-055:066_1	Stakkagerði	tóft	býli	hleðslur signar	3	1
GK-055:066_2		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar		8
GK-055:066_3		hleðsla	kálgarður	hleðslur útflattar		2
GK-058:001_2		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar	2	0
GK-058:001_3		heimild	útihús	horfið		10
GK-058:012		garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	1	0
GK-072:001	Þóroddsstaðir	bæjarhóll	bústaður	sést til	1	0
GK-073:055		tóft	kálgarður	hleðslur signar	1	0,5
GK-073:056		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	4
GK-073:057		garðlag	túngarður	hleðslur útflattar	1	0
GK-074:001_2		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar	1	7,5
GK-076:001_1	Kolbeinsstaðir	bæjarhóll	bústaður	sést til	4	0
GK-076:001_2		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar		5
GK-076:001_3		heimild	útihús	horfið		8
GK-076:001_4		öskuhaugur		sést til		
GK-076:016		garðlag	túngarður	hleðslur útflattar	1	0
GK-076:029_1		þúst	útihús	hleðslur útflattar	2	5
GK-076:029_2		þúst	útihús	hleðslur útflattar		7
GK-077:001	Hafurbjarna- staðir	bæjarhóll	bústaður	sést til	1	1
GK-077:002		heimild	útihús	horfið	1	1

GK-077:023		púst	útiþús	sést til	1	3
GK-631:008		heimild	leið	horfið	1	0
GK-631:009		heimild	leið	horfið	1	11
GK-631:010		heimild	leið	horfið	1	0
GK-631:011		heimild	leið	horfið	1	0
GK-631:015		heimild	leið	horfið	1	0
GK-631:016		heimild	leið	horfið	1	10
GK-631:021		heimild	leið	horfið	1	0
GK-631:022		heimild	leið	horfið	1	0

Fornleifar innan úttektarsvæðis.

Minjar tengdar búsetu og landbúnaði

Samtals voru skráðar 97 fornleifar sem kalla má búsetu- eða landbúnaðarminjar. Flestar fornleifarnar eru innan heimatúna sunnan við Sandgerði líkt og fyrr var getið.

Þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir, jafnvel allt frá landnámsöld myndast gjarnan reisulegir hólur, svokallaðir bæjarhólur. Slíkir bæjarhólur eru að stærstu leyti samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóð á kynslóð ofan og í þeim er gjarnan marga forngripi að finna. Bæjarhólur teljast því að jafnaði á meðal merkustu minjastaða hverrar jarðar. Innan úttektarsvæðis voru skráðir 22 bústaðir (bæjarhólur), þar af eru 17 lögbylí. Talsvert rask hefur átt sér stað í gegnum tíðina á mörgum bæjarhólunum t.d. með húsbyggingum en flest lögbylíanna eru enn í ábúð eða húsin nýtt sem heilsárshús.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand				
GK-040:001_1	Stafnes	bústaður	sést til	GK-053:020_1	Norðurkot	bústaður	sést til
GK-040:090_1	Bali	bústaður	sést til	GK-055:063_1	Syðstakot	bústaður	sést til
GK-041:001	Glaumbær	bústaður	sést til	GK-072:001	Þóroddsstaðir	bústaður	sést til
GK-042:001_1	Nýlenda	bústaður	sést til	GK-076:001_1	Kolbeinsstaðir	bústaður	sést til
GK-043:001	Halakot	bústaður	sést til	GK-077:001	Hafurbjarna- staðir	bústaður	sést til
GK-044:001_1	Hvalsnes	bústaður	sést til	GK-040:025	Lodda	býli	sést til
GK-044:044_1	Smiðhús	bústaður	sést til	GK-044:031_1	Garðbær	býli	sést til
GK-045:001_1	Gerðakot	bústaður	sést til	GK-044:032_1	Hlið	býli	hleðslur standa grónar
GK-048:001_1	Nýlenda	bústaður	sést til	GK-050:007	Akrahóll	býli	horfið
GK-049:001_1	Busthús	bústaður	sést til	GK-055:066_1	Stakkagerði	býli	hleðslur signar
GK-050:003	Lönd	bústaður	sést til				
GK-051:002_1	Nesjar	bústaður	sést til				
GK-053:001_1	Fuglavík	bústaður	sést til				

Bústaðir og býli innan skráningarsvæðis.

Fyrirhugaður ljósleiðari mun oftast en ekki liggja þvert yfir hluta bæjarhólanna, að íbúðarhúsunum. Ekki er ljóst hvort að í einhverjum tilfellum verður notast við eldri lagnaskurði í framkvæmdunum en með þeim hætti væri hægt að takmarka raskið mikið. Verði eldri rör eða lagnir ekki notuð er ljóst að fyrirhuguð framkvæmd mun hafa mikil áhrif á þennan merka minjaflokk. Dæmi um bæjarhól í mikilli hættu er bæjarhóll Hvalsness GK-044:001 en ljósleiðarinn mun liggja beint í gegnum hann miðjan. Mikið jarðrask er á hólnum en um leið ljóst að þar leynist enn mikil mannvist undir sverði. Líklegt er að Minjastofnun Íslands fari fram á að gripið verði til einhverra mótvægisáðgerða á þessum stað þar sem óhjákvæmilegt virðist að bæjarhóllinn verði fyrir miklu raski. Bæjarhóll Loddu GK-040:025 sést enn og fyrirhugað er að leggja ljósleiðarann þvert yfir hólinn. Engin hús eru á hólnum sem er grasivaxinn og sléttur. Fyrirsjáanlegt er að ljósleiðarinn muni valda miklu raski á bæjarhólnum verði legu hans ekki hnikað til á þessum stað.

Yngstu fornleifarnar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis eru ýmsar hleðslur frá 20. öld. Þessar hleðslur voru flestum tilvikum kálgarðar. Alls voru skráðir 30 kálgarðar, bæði innan og utan heimatúnanna. Kál- og kartöflurækt virðist hafa blómstrað á 20. öld innan skráningarsvæðis ef marka má fjölda kálgarða á túnakortum frá 1919. Sennilega hefur þessi umsvifamikla ræktun þá verið tiltölulega ný af nálinni, enda talið að jarðrækt hafi fyrst fæst í aukana á svæðinu á 19. öld eftir viðavrandi uppblástur allt frá 13. öld og fram á þá 19.. Þegar sóknarlýsing Útskálaprestakalls var rituð árið 1839 var sóknarpresturinn í það minnsta ekki upprifinn yfir kálrækt samsveitunga sinna en um hana ritaði hann: „Kálgarðarækt er á sumum stöðum vel stunduð, en víða líka miklu verr en vera ber.“³ Flestir voru kálgarðarnir sem skráðir voru skammt utan við heimatúnin og við bæina. Sumir þessara kálgarða eru enn í notkun. Ummerkin eru misgreinileg og umfangsmikil eins og gefur að skilja. Í mörgum tilfellum ætti að vera auðvelt að forðast rask á þeim með aðgát og skipulagningu á hönnunarstigi. Á þessu eru þó nokkrar undartekningar og er kálgarður GK-044:001_2 sem er sunnan við bæinn á Hvalsnesi ein þeirra. Kálgarðurinn sést vel og er umtalsverð uppsöfnun mannvistarlaga innan hans og sést útveggur til suðurs einnig vel. Kálgarðurinn er utan í bæjarhólnum og því á viðkvæmum stað. Fyrirhugað er að leggja ljósleiðara þvert í gegnum kálgarðinn með tilheyrandi jarðraski. Verði ekki hægt að færa ljósleiðarann frá kálgarðinum er líklegt að til einhverra mótvægisáðgerða komi. Hið sama má segja um kálgarð GK-048:001_2, þar á ljósleiðari að liggja syðst í gengum kálgarð sem enn er vel varðveittur. Auðvelt er að hnika ljósleiðaralögn til svo kálgarðurinn verði ekki fyrir raski.

Sá minjaflokkur sem setur hvað mestan svip á skráningarsvæðið eru ýmiskonar garðlög en samtals voru skráðir 17 túngarðar og einn varnargarður innan þess. Stór hluti þeirra var merktur inn á túnakort frá 1919 en haldið var áfram að hlaða tún- og kálgarða fram eftir öldinni. Fjöldi garða helgast sennilega fyrst og fremst af þéttri byggð, en ljóst er að þéttbýlt hefur verið þar um aldir innan heimatúnanna og því mikilvægt að marka eignar- og afnotabletti með afgerandi hætti. Garðlögin þjónuðu ýmsum hlutverkum. Sumir garðanna hafa verið hlaðnir um túnskika sem tilheyrðu ákveðnum býlum, aðrir voru hlaðnir milli jarða og hafa þá oft einnig þjónað

3 Jón Þ. Þór. 1998: 91; SSGK. 1839: 172.

hlutverki túngarða, enn aðrir voru hlaðnir undir girðingar og í sumum tilfellum er hlutverk garðanna einfaldlega óþekkt. Sumum af görðunum hefur verið haldið við allt til þessa. Í slíkum tilfellum er gjarnan erfitt er að ráða af yfirborðsummerkjum hvort garðurinn sé gamall að stofni til eða ekki því jafnvel þótt garðlag sé nýlegt að sjá getur það hafa verið endureist á fornum grunni. Af þessu sökum voru öll hlaðin garðlög á svæðinu skráð. Ekki er alltaf auðvelt að skrá og flokka garðlögin, enda mynda þau flókið kerfi og eru misgömul. Ekki var heldur alltaf auðvelt að ákveða hvaða garðlög tilheyrðu sama mannvirki eða byggingarstigi sökum þess að úttektarsvæðið var aðeins mjótt belti í gegnum flókið menningarlandslag og talsverður hluti mannvirkja utan svæðis.

Þrír garðar sem virðast fornir og líkjast hinum forna Skagagarði GK-080:036 eru innan áhrifasvæðis ljósleiðara. Norðarlega innan Kirkjubólstorfunnar voru skráðir tveir túngarðar skammt frá hvor öðrum, GK-073:056 og GK-076:016. Hvorugur er sýndur á túnakorti og eru án efa talsvert eldri en báðir hafa án efa afmarkuð heimatún eða landamerki. Í örnefnalýsingu Kirkjubólstorfunnar kemur fram að garðarnir séu fornaldargarðar en könnunarskurði þyrfti til þess að staðfesta það. Þriðji garðurinn GK-049:011 er í landi Busthúsa, sunnan við Sandgerði. Á túnakorti jarðarinnar er minnst á fornan garð sem leið GK-631:015 liggi eftir. Hluti þessa garðs er innan úttektarsvæðis. Allir þessir meintu forngarðar eru aflíðandi og útflattir. Rúnnadar línur eru sjaldséðar meðal yngri garða á svæðinu sem yfirleitt eru með skörpum hornum og afmarka ferhyrnd svæði.

Aðeins einn af þeim túngörðum sem þekktir voru innan úttektarsvæðisins var horfinn. Það er túngarður GK-040:027 en hann afmarkaði austurhlið Stafnestorfunnar. Ummerki um alla hina túngarðana 16 sjást ennþá sem verður að teljast góð varðveisla. Hægt er að forðast rask á þeim öllum með tilfærslu á ljósleiðaralagnar á hönnunarstigi og með því að láta ljósleiðarann liggja í gegnum hlið á görðunum eða yfir röskuð svæði.

Samtals voru skráð 29 útihús innan úttektarsvæðis. Þær útihúsatóftir sem eru varðveittar vitna ekki um umfangsmikinn skepnubúskap, enda virðist hann nánast hafa verið aukabúgrein á þessu svæði þar sem vægi sjósóknar var griðarmikið. Sökum legu úttektarsvæðis fundust takmörkuð ummerki um sjósókn innan þess og gefa minjar innan þess því í raun ekki rétta mynd af minjadreifingu og einkennum þessa svæðis í heild. Í tilfelli útihúsanna var aðeins vitað um nákvæmt hlutverk í einu tilfelli, heygarður GK-045:001_2 og sýnir það vel hversu mikill fróðleikur um sögu hreppsins hefur glatast á undanförunum áratugum. Upplýsingar um húsin eru flestar fengnar af túnakortum frá 1919. Ríflega helmingur húsanna er horfinn af yfirborði, alls 15 útihús. Eitt hús stendur undir þaki, útihús GK-048:006 en hlutverk þess er engu að síður óþekkt. Hluti af þessum húsum voru þrær en ein eða fleiri slíkar voru á hverri jörð. Í þær var safnað saman öllum úrgangi sem féll til á bæjum og borið á túnin á vorin.

Þrátt fyrir að útihúsin séu talin í stórhættu vegna framkvæmda væri líklega hægt að forða raski á flestum útihúsunum sem enn sjást með aðgát og tilfærslu á hönnunarstigi.

Samgönguminjar

Innan úttektarsvæðis voru skráðar 18 fornleifar sem tengjast samgöngum og eru þær allar horfnar vegna jarðræktar. Umræddar minjar eru ýmist leiðir sem flokka mætti sem styttri leiðir innan heimatúna eða traðir, eða á milli bæja.

Á túnakortum frá 1919 eru teiknaðar traðir að bæjum á svæðinu og eru þrjár slíkar innan úttektarsvæðis en í öllum tilfellum eru yfirborðsummerki um þær horfin. Á túnakortunum eru merktar götur innan heimatúnanna sem gjarnan liggja í átt til sjávar og á milli bæjanna. Alls eru 15 slíkar innan úttektarsvæðisins. Í upphafi 20. aldar er því greinilegt að þungamiðjan í samgönguneti svæðisins var meðfram sjónum, traðir sameinast gjarnan öðrum leiðum innan heimatúna og í mörgum tilvikum sem stefna þessar götur til sjávar. Ólíklegt er að grípa þurfi til mótvægisáðgerða þar sem ljósleiðaralögn mun liggja yfir þessar horfnu leiðir.

Aðrar minjar

Margvíslegar annars konar minjar voru skráðar við úttektina og vísast að mestu til fornleifaskráningar um einstaka minjastaði. Vert er að minnast á fjóra minjastaði sem láta lítið yfir sér við fyrstu sýn en gætu engu að síður verið mjög merkir. Innan úttektarsvæðis voru skráðir tveir öskuhaugar, annar við Loddu GK-040:025 en hinn á Kolbeinsstöðum GK-076:001_4. Öskuhaugur Loddu kallast Kvíslarhóll GK-040:039, nákvæm staðsetning hans er óþekkt en teljast verður líklegt að hann lendi innan úttektarsvæðis. Ummerki um öskuhaug á Kolbeinsstöðum GK-076:001_4 fundust í rofi í gróðurþekjuna sem myndast hefur vegna ágangs kinda. Í rofinu má sjá 0,1-0,2 m þykkt lag af fiskibeinum við auk brenndra beina og ösku. Öskuhagurinn sést ekki á yfirborði.

Einn legstaður GK-046:006, er þekktur innan úttektarsvæðis (auk kirkjugarðsins á Hvalnesi GK-044:002 sem enn er í notkun). Árið 1854 var grafið fyrir nýbylí á bæjarhól Gerðakots GK-045:001 og komu þá í ljós tvær beinagrindur, lagðar á hlið og hnífur með annarri þeirra. Umbúnaður grafanna bendir til að um kuml sé að ræða. Ekki er vitað hvar nákvæmlega kumlin fundust á bæjarhólnum en líklegt er að kumlateigur hafi verið á svæðinu og ljóst að ljósleiðaralögn mun liggja á svipuðum slóðum og beinin fundust á.

Lögrétta GK-040:002 er athyglisverður minjastaður, skammt sunnan við bæjarhól Stafness GK-040:001. Tóftin var friðlýst árið 1930 og ljóst að áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara er innan friðhelgi hennar sem samkvæmt lögum er 100 m út frá ystu mörkum. Nafn tóftarinnar bendir til þess að þinghald hafi verið á Stafnesi en tóftin er vel varðveitt, hringlaga með fjórum opum. Þetta er eini friðlýsti minjastaðurinn innan áhrifasvæðis. Þrátt fyrir að ljósleiðaralögn liggi ekki í gengum tóftina er hún innan friðhelgi hennar og því ljóst að leita verður til Minjastofnunar með það hvort halda megí ráðgerðri legu til streitu eða hvort færa verði hana til

vegna friðhelginnar.

Mat á gildi minjastaða

Lagt var mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru innan úttektarbeltis við skráningu. Hér verður farið yfir gildismatið og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvort talið er líklegt að grípa þurfi til mótvægisáðgerða vegna sömu minja.

Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu. Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum minjaflokkum og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar.

Í laganna skilningi eru allar minjar, 100 ára og eldri, friðaðar. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum fornleifar. Allar fornleifar hafa því eitthvert gildi enda eru þær vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum minja.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi fornleifa eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisáðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands er þessi misseri unnið að gerð slíkra staðla og byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum sem nú eru í vinnslu. Við mat á gildi fornleifa er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástands og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Í umfjöllun hér neðar er gerð tilraun til að leggja mat á minjagildi fornleifa sem skráðar voru innan áhrifasvæði ljósleiðara, með áðurgreindum fyrirvörum. Minjagildi fornleifa var skipt í fjóra flokka:

- a) **Mjög mikið minjagildi:** Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu gjarnan í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa einstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.
- b) **Mikið minjagildi:** Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft

mikið staðbundið minjagildi.

- c) **Nokkurt minjagildi:** Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.
- d) **Lítið minjagildi:** Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa og njóta því ekki friðunar samkvæmt lögum.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í yfirvofandi hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisáðgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna fornleifanna. Um margar fornleifanna gildir að líklega sé hægt að komast hjá raski á þeim með því að merkja þær vel á framkvæmdartíma eða færa legu ljósleiðarans.

Hægt er að grípa til ýmissa mótvægisáðgerða vegna þeirra fornleifa sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og verða hér nefndar þær helstu sem líklegt er talið að gerð verði krafa um:

- **Merking:** Í sumum tilfellum kann að verða nauðsynlegt að merkja minjastaði innan áhrifasvæðis svo að þeir verði ekki skemmdir af vangá. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki við umferð vinnuvéla o.þ.h.
- **Vöktun:** Vakta þarf viðkvæm svæði á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum á svæðum þar sem ekki eru greinilegar yfirborðsminjar en talið er líklegt að minjar kunni að leynast undir sverði. Á slíkum svæðum má búast við því að fornleifar kunni að koma í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til línustæði og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar (eða staðsetning þeirra ekki það vel þekkt) að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.
- **Könnunarskurðir og borkjarnasýni:** Rannsókn kann að þykja nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmdanna. Fyrsta stig slíkra rannsókna er gjarnan gerð könnunarskurða og/eða taka borkjarnasýna. Góð dæmi um slík svæði eru heimatún og tún/svæði við gömul býli og sel. Þetta eru tilmæli sem gjarnan er gripið til þegar ljóst er að framkvæmdir ganga nærri eða skemma minjar og ólíklegt að til þessa komi í ljósleiðaralögn.
- **Fornleifauppgröftur:** Í þeim tilfellum sem ljóst er að minjastaður muni alveg hverfa og mikilvægar minjar eru taldar undir sverði er stundum gerð krafa um heildaruppgröft þótt algengara sé að slík krafa sé ekki gerð fyrr en á grundvelli niðurstaðna könnunarskurða. Þetta eru tilmæli sem gjarnan er gripið til þegar ljóst er að framkvæmdir ganga nærri eða skemma minjar og ólíklegt að til þessa komi í ljósleiðaralögn.

Þar sem ljóst þykir, að ekki verði hjá því komist að raska fornminjum, fer það mjög

eftir ástandi og eðli fornleifanna hvort líklegt er talið að gerðar verði kröfur um umfangsmeiri mótvægisáðgerðir og þá í hverju þær kunni að felast. Talið er ólíklegt að mótvægisáðgerða verði krafist þar sem öll yfirborðsummerki um fornleif eru horfin og ekki er von til þess að mannvistarleifar finnast undir sverði. Getur það átt við götur, vörður, byrgi, mógrafir, kolagrafir (og aðra námustaði). Þar sem framkvæmdir koma til með að raska mannvirkjum á borð við töftir og garðlög er líklegt að að gerð verði krafa um að gera könnunarskurði í þau til þess að ákvarða aldur og eðli fornleifanna. Ríkari rannsóknarkrafa er almennt þar sem um bústaði er að ræða eða aðrar umfangsmiklar minjar en algengt er að fyrsta krafa á slíkum stöðum kveði einnig á um könnunarskurði sem þá ákvarða hvort frekari kröfur verði gerðar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæða þar sem talið er líklegt að óþekktar minjar leynist undir sverði má búast við að lögð verði til vöktun fornleifafræðings á framkvæmdatíma. Á það m.a. við um svæði eins og gömul heimatún eða svæði næst gömlum býlum. Á grundvelli þeirra forsendna sem raktar eru að ofan verður gerð grein fyrir mati á minjagildi minjastaða og tillögum að mótvægisáðgerðum fyrir minjar. Á mörgum stöðum gætu áhrifin hins vegar verið óbein og oft verður hægt að komast hjá beinu raski á þeim með merkingu og upplýsingagjöf. Mótvægisáðgerðir taka þó mið af minjagildi fornleifanna.

Í skýrslunni var gerð tilraun til að leggja mat á gildi hvers minjastaðar og voru niðurstöðurnar þær að 44 fornleifar hefðu mjög mikið gildi, 49 mikið gildi, 32 töldust hafa nokkurt minjagildi og þrjár fornleifar lítið. Hátt hlutfall fornleifanna teljast því hafa mjög mikið og mikið minjagildi sem helgast af þeirri staðreynd að ráðgerð lega ljósleiðara er um heimatún þar sem þétt hefur verið búið um aldaðir.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand	Minjagildi	Mótvægisáðgerðir	Fjarlægð frá miðlínu
GK-040:001_1	Stafnes	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-040:001_2		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	0
GK-040:002	Lögrétta	þingstaðir	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking/Vöktun	6
GK-040:025	Lodda	býli	sést til	Mjög mikið	Könnunar-skurður/rannsókn	0
GK-040:027		túngarður	horfið	Mikið	Engar	0
GK-040:039	Kvísarhóll	öskuhaugur	horfið	Mjög mikið	Engar	
GK-040:090_1	Bali	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	5
GK-040:090_2		útihús	horfið	Mikið	Engar	13
GK-040:090_3		útihús	horfið	Mikið	Engar	7
GK-040:090_4		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	7
GK-040:090_5		útihús	horfið	Mikið	Engar	7
GK-040:090_6		útihús	horfið	Mikið	Engar	7
GK-040:090_7		kálgarður	horfið	Mikið	Merking	0
GK-040:090_8		túngarður	hleðslur signar	Mikið	Merking/Vöktun	0
GK-040:097		kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	5
GK-040:150		kálgarður	hleðslur standa grónar	Nokkurt	Merking	2
GK-041:001	Glaumbær	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-042:001_1	Nýlenda	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-042:001_2		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	0

GK-043:001	Halakot	bústaður	sést til	Mjög mikið	Merking	9
GK-043:003		útiús	horfið	Mikið	Engar	1
GK-043:006		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	0
GK-043:008		leið	horfið	Nokkurt	Engar	13
GK-044:001_1	Hvalsnes	bústaður	sést til	Mjög mikið	Könnunar- skurður/rannsókn	0
GK-044:001_2		kálgarður	hleðslur signar	Mikið	Könnunar- skurður/rannsókn	0
GK-044:001_3		útiús	horfið	Mikið	Vöktun	0
GK-044:002_1		kirkja	Undir þaki	Mjög mikið	Engar	0
GK-044:002_2		leið	sést til	Nokkurt	Engar	0
GK-044:004		útiús	horfið	Mikið	Engar	9
GK-044:005_1		útiús	horfið	Mikið	Engar	5
GK-044:006		túngarður	hleðslur signar	Mikið	Merking/Vöktun	1
GK-044:009		skóli	Undir þaki	Nokkurt	Engar	1
GK-044:031_1	Garðbær	býli	sést til	Mjög mikið	Vöktun	6
GK-044:031_2		kálgarður	hleðslur signar	Mikið	Vöktun	8
GK-044:032_1	Hlið	býli	hleðslur standa grónar	Mjög mikið	Vöktun	10
GK-044:032_2		kálgarður	hleðslur standa grónar	Mikið	Vöktun	1
GK-044:032_3		traðir	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-044:041		brunnur	horfið	Nokkurt		1
GK-044:044_1	Smiðhús	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	1
GK-044:044_2		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	2
GK-044:044_3		útiús	horfið	Mikið	Engar	14
GK-044:044_4		kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	10
GK-044:044_5		kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	8
GK-044:066		traðir	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-044:089		kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	0
GK-044:090		túngarður	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	3
GK-045:001_1	Gerðakot	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-045:001_2		heygarður	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking/Vöktun	1
GK-045:001_3		útiús	sést til	Mjög mikið	Merking	1
GK-045:001_4		útiús	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	4
GK-045:001_5		útiús	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	15
GK-045:001_6		útiús	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	17
GK-045:001_7		útiús	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	0
GK-045:001_8		útiús	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	4
GK-045:002		útiús	horfið	Mikið	Engar	0
GK-045:006		legstaður	horfið	Mjög mikið	Engar	
GK-045:011		kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	7
GK-045:012		útiús	horfið	Mikið	Engar	1
GK-045:018		óþekkt	sést til	Nokkurt	Merking	0
GK-045:019		útiús	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	8
GK-045:020		túngarður	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	4

GK-048:001_1	Nýlenda	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-048:001_2		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	0
GK-048:006		útihús	Undir þaki	Mjög mikið	Engar	9
GK-048:012		kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	7
GK-049:001_1	Busthús	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-049:001_2		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	0
GK-049:010		túngarður	hleðslur út-flattar	Mikið	Merking	3
GK-049:011		varnargarður	hleðslur út-flattar	Mjög mikið	Merking/Vöktun	0
GK-049:012		túngarður	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking/Vöktun	0
GK-049:013		leið	horfið	Nokkurt	Engar	4
GK-049:014		túngarður	hleðslur signar	Lítið	Merking	2
GK-050:003	Lönd	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-050:006		útihús	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	5
GK-050:007	Akrahóll	býli	horfið	Mjög mikið	Vöktun	12
GK-050:008		útihús	sést til	Nokkurt	Merking	0
GK-050:009		leið	horfið	Nokkurt	Engar	6
GK-050:016_1		kálgarður	hleðslur út-flattar	Lítið	Merking	8
GK-050:016_2		brunnur	sést til	Nokkurt		15
GK-050:023		leið	horfið	Nokkurt	Engar	5
GK-050:024		leið	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-050:027		túngarður	hleðslur signar	Mikið	Merking	15
GK-050:046		kálgarður	hleðslur signar	Lítið	Merking	2
GK-051:002_1	Nesjar	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-051:002_2		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	0
GK-051:023		túngarður	hleðslur signar	Mikið	Merking	6
GK-052:006		túngarður	hleðslur út-flattar	Mikið	Merking	8
GK-052:054		kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	11
GK-053:001_1	Fuglavík	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-053:001_2		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	0
GK-053:018		túngarður	hleðslur út-flattar	Mikið	Merking/Vöktun	0
GK-053:020_1	Norðurkot	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	13
GK-053:020_2		kálgarður	horfið	Mikið	Engar	0
GK-055:024		túngarður	hleðslur signar	Mikið	Merking	7
GK-055:063_1	Syðstakot	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-055:063_2		kálgarður	horfið	Mikið	Vöktun	2
GK-055:063_3		útihús	horfið	Mikið	Engar	7
GK-055:063_4		traðir	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-055:063_5		leið	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-055:064		túngarður	hleðslur signar	Mikið	Merking	5
GK-055:066_1	Stakkagerði	býli	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	1
GK-055:066_2		kálgarður	hleðslur signar	Mikið	Engar	8

GK-055:066_3		kálgarður	hleðslur útflat-tar	Mikið	Merking	2
GK-058:001_2		kálgarður	hleðslur signar	Mikið	Vöktun	0
GK-058:001_3		útihús	horfið	Mikið	Engar	10
GK-058:012		túngarður	hleðslur standa grónar	Mikið	Merking	0
GK-072:001	Þóroddsstaðir	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-073:055		kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	0,5
GK-073:056		túngarður	hleðslur signar	Mjög mikið	Merking	4
GK-073:057		túngarður	hleðslur út-flattar	Mikið	Merking/Vöktun	0
GK-074:001_2		kálgarður	hleðslur signar	Mikið	Merking	7,5
GK-076:001_1	Kolbeinsstaðir	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-076:001_2		kálgarður	hleðslur signar	Mikið	Merking	5
GK-076:001_3		útihús	horfið	Mikið	Engar	8
GK-076:001_4			sést til	Mjög mikið	Merking	
GK-076:016		túngarður	hleðslur út-flattar	Mjög mikið	Merking/Vöktun	0
GK-076:029_1		útihús	hleðslur út-flattar	Mikið	Merking	5
GK-076:029_2		útihús	hleðslur út-flattar	Mikið	Merking	7
GK-077:001	Hafurbjarna-staðir	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	1
GK-077:002		útihús	horfið	Mikið	Engar	1
GK-077:023		útihús	sést til	Mikið	Merking	3
GK-631:008		leið	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-631:009		leið	horfið	Nokkurt	Engar	11
GK-631:010		leið	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-631:011		leið	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-631:015		leið	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-631:016		leið	horfið	Nokkurt	Engar	10
GK-631:021		leið	horfið	Nokkurt	Engar	0
GK-631:022		leið	horfið	Nokkurt	Engar	0

Minjagildi fornleifa innan úttektarsvæðis.

Áhrif framkvæmda á fornleifar

Eins og áður segir voru skráðar 128 fornleifar á 86 minjastöðum innan áhrifasvæðis ljósleiðara og má því gera ráð fyrir að framkvæmdin gæti einhver áhrif haft á þær allar, með einum eða öðrum hætti. Á mörgum stöðum gætu áhrifin hins vegar verið óbein og oft verður hægt að komast hjá beinu raski með breytingu á hönnun ljósleiðara, með einfaldri merkingu minjastaða og upplýsingagjöf (sjá nánar í töflu til hliðar). Ef litið er yfir svæðið heildstætt má draga fram

tvö minjasvæði þar sem áhrif geta verið veruleg og þarfnast því sérstakar umfjöllunar. Þessi svæði eru heimatúnið í Stafnestorfu (alls 23 fornleifar), heimatúnið í Hvalsnestorfu (alls 38 fornleifar). Eftirfarandi viðmið liggja til grundvallar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar:

- Í 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), segir „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“
- Í lögum um menningarminjar nr. 80 frá 2012 kemur hugtakið búsetulandslag fyrir: (1. gr., 2. mgr.): „Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag [...]“ Í greinargerð með lögnum segir: „Sú skilgreining á menningarminjum sem tekin er upp í 2. mgr. er víðari og jafnframt skýrari en í gildandi lögum. Þannig er menningar- og búsetulandslag bætt við upptalninguna til að undirstrika mikilvægi þess að vernda minjaheildir og blandaðar minjar en ekki einungis stakar minjar.“

Áhrifasvæði ljósleiðara liggur meðfram austurmörkum heimatúnsins í Stafnesi og samanlagt eru sex bæjarhólar innan þess auk Lögrétu og öskuhaugs Loddu. Í bæjarhólum og bæjarstæðum er geymd saga daglegs lífs fyrri kynslóða og þar er flesta forngripi að finna. Reynsla úr fornleifaskráningu hefur sýnt að í og við heimatún sé minjadreifing hvað þéttust. Nokkrar líkur eru einnig því á að áður óþekktar minjar komi í ljós innan heimatúnsins þrátt fyrir að úttektarsvæðið sé fremur mjótt. Umhverfis aldursfriðaðar minjar er 15 m helgunarsvæði en í tilfelli friðlýstra minja er sama svæði 100 m. Leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands áður en farið í framkvæmdir innan þessa helgunarsvæða. Öll útihús innan túnsins eru þó fallinn og búið að raska flestum bæjarhólunum sem rýrir minjagildi túnsins eitthvað.

Á Hvalsnesi gildir er svipaða sögu að segja og í Stafnesi, þ.e. öll útihús eru fallin en enn má sjá bæjartóftir á fjórum bæjarhólum auk gamalla túngarða sem ekki eru sýndir á túnakortum. Bæjartóftir á Hliði GK-044:032_1, Garðbæ GK-044:031_1, Smiðshúsum GK-044:044_ og Gerðakoti GK-045:001_1 sjást enn auk bæjarhóla. Ágangur sjávar hefur haft áhrif en heilt á litið má segja að búsetuminjar séu þar heillegar sem gefur svæðinu aukið vægi og veldur því að krafa um mótvægisáðgerðir verður ríkari. Líklegt má telja að gerð verði krafa um vöktun eða merkingu við minjastaði á þessum svæðum.

Niðurstaða: Innan úttektarsvæðisins voru skráðar 129 fornleifar á 86 minjastöðum. Allir staðirnir teljast til fornleifa og njóta verndar sem slíkir en minjagildi þeirra er misjafnt. Einn friðlýstur minjastaður er innan úttektarsvæðis, tóft svokallaðar Lögrétu sést enn í heimatúni Stafness. Ljóst er að minjar innan úttektarsvæðisins eru merkar og í þeim er fólgin áhugaverður

vitnisburður um sögu byggðarlagsins alls. Allra markverðustu minjarnar teljast líklega, auk bæjarstæða og -hóla, vera fornir garðar og samgöngukerfi sem geyma áhugaverða sögu sem ekki hefur verið lesið í, nema að hluta.

Mögulegt er að komast hjá raski á nánast öllum minjastöðum innan úttektarsvæðins með tilfærslu á ljósleiðara, merkingu á minjastöðum og vöktun. Í skýrslunni var gerð tilraun til að leggja mat á gildi hvers minjastaðar og voru niðurstöðurnar þær að 44 minjastaðir hefðu mjög mikið gildi, 49 mikið gildi, 32 nokkurt minjagildi og þrír staðir lítið. Þetta háa minjagildi stafar af þeirri staðreynd að ráðgerður ljósleiðari liggur um forn heimatún þar sem byggð hefur verið þétt um aldir. Áhrif ljósleiðaralagnar er einna merst á tveimur minjasvæðum innan úttektarsvæðis, annars vegar þar sem ljósleiðari mun liggja um heimatúnið í Stafnesi (alls 28 fornleifar) og hins vegar innan heimatúnsins á Hvalsnesi (alls 38 staðir). Þrátt fyrir að návígi ráðgerðar ljósleiðaralagnar og minja sé mikið má ætla að með viðeigandi mótvægisáðgerðum þurfi framkvæmdir við ljósleiðaralögn í Suðurnesjabæ ekki að hafa verulega neikvæð áhrif á fornleifar á svæðinu.

Heimildir

Annálar 1400–1800. Annales islandici posteriorum sæculorum. I–VIII. bindi. 1922–1987. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ásgeir Ásgeirsson. 1998. *Við opið haf: Sjávarbyggð á Miðnesi 1886–1907.* Sandgerði: Sandgerðisbær.

Birna Lárusdóttir. 2008. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Rafnkellsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna).* FS404-08011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2017. *Garður á Reykjanesi: fornleifaskráning vegna deiliskipulags.* FS662-17241. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Biskupa sögur. I.–II. bindi. 1858. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Björn Lárússon. 1967. *The old Icelandic land registers.* W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1902, bls. 31–52.

Brynjúlfur Jónsson. 1908. „Nýfundinn rúnasteinn á Hvalsnesi.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1908, bls. 48–52.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I–XVI. 1853–1976. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Einar Bjarnason. 1971. „Rúnasteinar og mannfraði.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1971, bls. 46–73.

Friðlýsingaskrá: Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornminjar.* Reykjavík: Fornleifanefnd.

Gísli Brynjólfsson. 1984. „Byggðir Suðurnesja.“ *Árbók Ferðafélgs Íslands* 1984. *Reykjanesskagi vestan Selvogsgötu.* Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

ÍF: *Íslensk fornrit.* I–XVII. bindi. 1935–2002. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III.* 1990. Reykjavík:[án útgefanda].

Jón Þ. Þór. 1998. *Gerðahreppur 90 ára.* Reykjavík: Gerðahreppur.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Katrín Gunnarsdóttir 2008. *Fornleifaskráning í landi Bæjarskers vegna nýs deiliskipulags.* [Án útgáfustaðar]: [Án útgefanda].

Katrín Gunnarsdóttir. 2009. *Fornleifaskráning í landi Sandgerðis vegna nýs deiliskipulags í landi Þóróddsstaða*. Sandgerði: Katrín Gunnarsdóttir.

KEKH 2000: Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning.

Kristborg Þórsdóttir o.fl. 2010 *Fornleifaskráning í sveitarfélaginu Garði II: Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík*. FS445-08012. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Magnús Grímsson. 1940. „Fornminjar á Reykjanesskaga.“ *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II, Ýmsar ritgerðir*. Reykjavík, bls. 243-62.

Minjastofnun Ísland, Minjavefsjá. 2021. Slóðin er: <https://www.map.is/minjastofnun/#>

Ólafur Ásgeirsson. 1986. „og hér til gef ég þér jörðina er Hvalsnes heitir....“ Um jarðeigendur á Suðurnesjum á miðöldum.“ *Árbók Suðurnesja 1984-1985*, bls. 23-54.

PP: Sveinn Níelsson. 1869. *Presta tal og prófaste á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2019. *Fornleifaskráning í Garði á Reykjanesi: Verndarsvæði í byggð*. FS737-19011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Rauðskinna: *Rauðskinna*. I.-XII. hefti. 1929-1961. Jón Thorarensen safnaði. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja,.

Skipulagsstofnun. 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.

SSGK: *Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855*. 2007. Reykjavík: Sögufélag.

StSÍ I: *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju*. I. bindi. 1856 Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

ÞJÁ: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, I.-VI. bindi*. 1961. Jón Árnason safnaði, ný útg. Reykjavík: Þjóðsaga.

Óútgefnar heimildir

Ferlir. „Stafnes - mót Hvalsnesi II.“ Sótt 13.3.2017 af <http://www.ferlir.is/?id=9178>

Ferlir. „Másbúðarhólmi - Hvalsnes - Stafnes - lögréttur.“ Sótt 13.3.2017 af <http://www.ferlir.is/?id=6191>

Ferlir. „Leiran - Garður.“ Sótt 08.05.2022 af <https://ferlir.is/leiran-gardur/>

Ferlir. „Stóri-Hólmur - Steinunn Gamla.“ Sótt 08.05. 2022 af <https://ferlir.is/stori-holmur->

Túnakort 1919: Túnakort fyrir Rosmhvalaneshrepp frá því um 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

ÞP 10777: Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns. Skrá 81a, „Aukaspurning um rústir Svar nr. 10777/1992-5. 3.5.1993. Sótt af <http://www.sarpur.is/adfang.aspx?AdfangID=542355>

Ö-Busthús Aths.: Busthús. Athugasemd. 1980. Halldóra Ingibjörnsdóttir skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Busthús MP: Örnefnaskrá Busthúsa. 1960. Magnús Þórarinsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bæjarsker AG: Örnefnaskrá Bæjarskers. á.á. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bæjarsker Aths.: Bæjarsker. Halldóra Ingibjörnsdóttir skráði. á.á. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bæjarsker MP: Örnefnaskrá Bæjarskers. 1960. Magnús Þórarinsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Fuglavík AG: Örnefnaskrá Fuglavíkur. á.á. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Fuglavík MP: Örnefnaskrá Fuglavíkur. 1960. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvalsnes AG: Örnefnaskrá Hvalsness. á.á. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvalsnes Aths.: Hvalsnes. 1980. Athugasemdir og viðbætur. Halldóra Ingibjörnsdóttir skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvalsnes GG: Örnefnaskrá Hvalsness. 1973. Gísli Guðmundsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvalsnes MP: Örnefnaskrá Hvalsness. 1960. Magnús Þórarinsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Innleira: Örnefnaskrá Innleiru. 1977. Ari Gíslason skráði eftir handriti Kristjáns Eiríkssonar. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kirkuból: Örnefnaskrá Kirkjubóls. 1978. Magnús Þórðarson skráði með viðbótum Ara Gíslasonar sem og athugasemdum Halldóru Ingibjörnsdóttur, Sigríður Jóhannsdóttir felldi skrárnar saman. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Lönd AG: Örnefnaskrá Landa. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Lönd Aths.: Lönd. Athugasemdir. 1980. Halldóra Ingibjörnsdóttir skráði. Reykjavík:

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Lönd MP: Örnefnaskrá Landa. 1960. Magnús Þórarinnsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Másbúðir – Nesjar AG: Örnefnaskrá Másbúða og Nesja. á.á. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Másbúðir – Nesjar MP: Örnefnaskrá Másbúða og Nesja. 1960. Magnús Þórarinnsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stafnes AG: Örnefnaskrá Stafness. á.á. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stafnes Aths.: Stafnes. 1980. Athugasemdir og viðbætur. Halldóra Ingibjörnsdóttir skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stafnes MP: Örnefnaskrá Stafness. 1960. Magnús Þórarinnsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki I: Minjakort

Yfirlit yfir úttektarsvæðið

Skýringar

- Fornleifar
- Skráð svæði
- Úttektarsvæði



Kort 1

Skýringar

- Minjar
- ▨ Bæjarhóll
- ▨ Minjar úr grjóti
- ▨ Steypa
- ▨ Grasivaxnar minjar
- ▨ Þúst
- Fyrirhugaður ljósleiðari
- ▨ Úttektarsvæði

073055


Kort 2



Kort 3

Skýringar

- Minjar
- Bæjarhóll
- ▨ Minjar úr grjóti
- Steypa
- Grasivaxnar minjar
- Þúst
- Fyrirhugaður ljósleiðari
- Úttektarsvæði



Kort 4

053020_2 053020_1 053018 053001_1 053001_2 053016


052054 052006

0 100 200 300 400 m

©Loftmyndir

Skýringar


- Minjar
- Bæjarhóll
- ▨ Minjar úr grjóti
- Steypa
- Grasivaxnar minjar
- ⋯ Þúst
- Fyrirhugaður ljósleiðari
- ▭ Úttektarsvæði





Kort 7

- Skýringar**
- Minjar
 - ▨ Bæjarhóll
 - ▨ Minjar úr grjóti
 - ▨ Steypa
 - ▨ Grasivaxnar minjar
 - ▨ Þúst
 - Fyrirhugaður ljósleiðari
 - ▨ Úttektarsvæði



Viðauki II: Hnitaskrá ISN93

Samtala	X	Y
GK-040:001_1	316587	390833
GK-040:001_2	316606	390822
GK-040:002	316623	390878
GK-040:025	316667	390872
GK-040:027	316784	391264
GK-040:027	316828	391060
GK-040:090_1	316755	391099
GK-040:090_2	316773	391097
GK-040:090_3	316785	391107
GK-040:090_4	316800	391107
GK-040:090_5	316814	391103
GK-040:090_6	316811	391112
GK-040:090_7	316801	391125
GK-040:090_8	316816	391083
GK-040:097	316822	391151
GK-040:150	316776	391636
GK-041:001	316723	390859
GK-042:001_1	316756	391023
GK-042:001_2	316754	391008
GK-043:001	316745	391183
GK-043:003	316764	391216
GK-043:006	316758	391310
GK-043:008	316723	391106
GK-044:001_1	317145	392853
GK-044:001_2	317168	392836
GK-044:001_3	317163	392832
GK-044:002_1	317213	392799
GK-044:002_2	317213	392806
GK-044:004	317175	392876
GK-044:005_1	317213	392897
GK-044:006	316947	392554
GK-044:006	317019	392507
GK-044:006	317137	392987
GK-044:006	317250	392959
GK-044:009	317333	392888
GK-044:031_1	317117	392978
GK-044:031_2	317119	393006
GK-044:032_1	317143	393001
GK-044:032_2	317154	392992
GK-044:032_3	317147	392989


GK-044:041	317178	392820
GK-044:044_1	316929	392669
GK-044:044_2	316944	392675
GK-044:044_3	316942	39271
GK-044:044_4	316897	392739
GK-044:044_5	316925	392763
GK-044:066	317250	392929
GK-044:089	317058	392464
GK-044:090	317219	392920
GK-045:001_1	316916	392607
GK-045:001_2	316925	392609
GK-045:001_3	316927	392596
GK-045:001_4	316924	392604
GK-045:001_5	316918	392599
GK-045:001_6	316917	392592
GK-045:001_7	316936	392597
GK-045:001_8	316904	392577
GK-045:002	316928	392622
GK-045:011	316988	392531
GK-045:012	316971	392551
GK-045:018	317008	392518
GK-045:019	317020	392530
GK-045:020	316979	392560
GK-048:001_1	317323	392988
GK-048:001_2	317308	392971
GK-048:006	317382	393075
GK-048:012	317369	392925
GK-049:001_1	317371	393109
GK-049:001_2	317348	393109
GK-049:010	317355	393095
GK-049:011	317489	393182
GK-049:012	317410	393069
GK-049:013	317381	393092
GK-049:014	317466	393035
GK-050:003	317597	393374
GK-050:006	317712	393357
GK-050:007	317647	393292
GK-050:008	317635	393320
GK-050:009	317623	393348
GK-050:016_1	317497	393193
GK-050:016_1	317515	393169

GK-050:016_2	317518	393174
GK-050:023	317590	393366
GK-050:024	317598	393358
GK-050:027	317556	393177
GK-050:046	317679	393271
GK-051:001_1	317690	393456
GK-051:001_2	317680	393430
GK-051:023	317708	393372
GK-051:023	317737	393365
GK-052:006	318614	394129
GK-052:054	318624	394223
GK-053:001_1	318720	395380
GK-053:001_2	318734	395377
GK-053:018	318812	395379
GK-053:018	318823	395427
GK-053:020_1	318783	395440
GK-053:020_2	318780	395432
GK-055:024	319056	396638
GK-055:063_1	318949	396620
GK-055:063_2	318931	396602
GK-055:063_3	318956	396594
GK-055:063_4	318951	396586
GK-055:063_5	318913	396598
GK-055:064_2	318959	396431
GK-055:066_1	319017	396651
GK-055:066_2	319019	396668
GK-055:066_3	319023	396596
GK-058:001_2	318850	396730
GK-058:001_3	318862	396736
GK-058:012	318891	396627
GK-072:001	319131	400807
GK-073:055	320308	402194
GK-073:056	319587	401401
GK-074:001_2	319526	401434
GK-076:001_1	319671	401495
GK-076:001_2	319665	401497
GK-076:001_3	319669	401480
GK-076:001_4	319667	401472
GK-076:016	319600	401399
GK-076:016	319618	401378
GK-076:029_1	319656	401487
GK-076:029_2	319642	401484
GK-076:057	319687	401300
GK-077:001	319571	401551
GK-077:002	319584	401537

GK-077:023	319582	401491
GK-631:008	316677	390926
GK-631:009	316692	390857
GK-631:010	316772	390987
GK-631:011	316751	391123
GK-631:015	317456	393206
GK-631:016	318735	395403
GK-631:021	316951	392570
GK-631:022	318914	396640
GK-055:025_3	318975	396893
GK-056:001_1	318895	396842
GK-056:001_2	318905	396846
GK-056:001_3	318893	396848
GK-056:001_4	318874	396834
GK-056:001_5	318877	396844
GK-056:004	318937	396875
GK-056:005	318955	396878
GK-056:006	318926	396864
GK-056:007	318976	396880
GK-056:008	319019	396883
GK-056:013	318948	396881
GK-056:015	318919	396875
GK-056:018	319020	396868
GK-056:019	319049	396805
GK-056:020	319025	396812
GK-103:004	324185	398568
GK-103:034	324218	398577
GK-103:056	324188	398553
GK-103:073	324147	398450

Viðauki III: Viðbótarskráning 2022

Haustið 2021 vann Fornleifastofnun Íslands úttekt vegna ljósleiðara í Suðurnesjabæ fyrir Raftel ehf og var gerð sértök samantekt/skýrsla um þá skráningu⁴ vísast til fyrri útgáfu skýrslunnar um það verk. Á vordögum 2022 hafði verkefnastjóri hjá Mílu samband og fór þess á leit að línulögn yrði tekin út á með tilliti til fornleifa á tveimur svæðum til viðbótar. Annað þeirra var við Hólmsvöll (golfvöll í landi Stóra-Hólms) og hitt við lögbylið Hólkot, rétt sunnan við Sandgerði í Bæjarskershverfi. Samanlagt var úttektarsvæðið um 1 km á lengd og líkt og í fyrri skráningu 30



Skráningarsvæðið er norðvestarlega á Reykjanesi. Gulu svæðin voru skoðuð með tilliti fornleifa en innan svörtu svæðanna á að leggja ljósleiðara í fyrirliggjandi rör. Rauðir bringir afmarka svæði sem voru skráð 2022.

m á breidd. Fornleifastofnun hafði áður aðalskráð fornleifar innan sveitarfélagsins Garðs og Katrín Gunnarsdóttir aðalskráð svæðið sunnan við Sandgerði, stuðst var við eldri gögn eins og hægt var.⁵ Hér á eftir verða niðurstöður viðbótarskráningar teknar saman og samantektin birtist sem viðauki við eldri skýrslu frá 2021. Ítarlegri upplýsingar um fyrri skráningu eru í köflum skýrslunnar hér að framan sem var ekki breytt að frátöldum inngangi sem tók smávægilegum breytingum.

Skráningin 2022 fór fram í maímánuði og voru samtals skráðar fjórar fornleifar við Hólmsvöll og 16 við Hólkot. Samtals birtast því upplýsingar um 20 fornleifar á 16 minjastöðum í þessum viðauka. Allar fornleifarnar eru innan eða rétt við gömlu heimatún þessara bæja sem útskýrir hversu margar fornleifar komu í ljós á svæði

4 Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021.

5 Katrín Gunnarsdóttir. 2008, 2009; Kristborg Þórsdóttir, 2010.

sem var í raun tiltölulega lítið en minjadreifing er hvergi þéttari en í og við gömul heimatún. Eftirfarandi fornleifar voru skráðar vorið 2022:

GK-055 Bæjarsker/Býjasker⁶

GK-055:025_03 tóft útihús


A 318975 N 396893

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús frá Hólahúsum um 90 m austan við bæ 055:025_01, fast norðan við merki Hólkots GK-056. Heimatún alls Bæjarskershverfis var sameiginlegt og er útihúsið austarlega fyrir miðju þess. Tóftin er 2 m norðan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara.

Umhverfis er slétt, grasivaxið tún sem nýtt er til beitar. Vegslóði er fast sunnan tóftarinnar, í landi Hólkots.



Tóft GK-055:025_03, horft til austurs.




Uppmæling af tóft GK-055:025_03.

Tóftin er 9x8,5 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólfi. Bæði eru opin til vesturs. Nyrðra hólfið er stærra, 6x2 m, og snýr austur-vestur. Syðra hólfið snýr eins en er 3,5x2 m stórt. Veggirnir eru hlaðnir úr stóru grjóti og hægt að greina 3-5 umför í þeim, bæði að utan og innan. Austurhlið tóftarinnar er röskuð, veggir eru nánast horfnir þar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

GK-056 Hólkot



1703: Jarðardýrleiki óviss, sögð þriðja hjáleiga frá Býjaskeri (GK-055), samkvæmt JÁM III, 56.

1847: Jarðardýrleiki óviss, sögð undirsett Býjaskeri, samkvæmt JJ, 87.

1919: Háleigan Hólkot merkt á túnakorti frá 1919.

Í örnefnaskrá er Rústakots getið. Óvíst hvort um býli sé að ræða (Ö-Bæjarsker AG, 1).

Jarðarítök: Jörðin brúkar grasnytjar af eyðibýlinu Hjaltakoti innan Býjaskerslands, samkvæmt JÁM III, 57.

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir

Ljósleiðarinn mun liggja eftir norðurhluta heimatúnsins.

⁶ Nánari upplýsingar um Bæjarsker eru á bls. 49.

Hólkot ásamt Hábae.

1919: "Túnin mestöll slétt og sléttuð [,] blettir aðeins hér og þar smápýfðir." Tún (Hólkot), 1.8 hekt., garðar 1160 m².

GK-056:001_01 *Hólkot* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 er Hólkotsbærinn sýndur sem talsverð þyrping húsa eða sex sambyggð steinhús, stök timburskemma, ein grjót- og torfbygging [001_05], tvær forir [001_02 og 03] og einn kálgarður [001_04]. Bæjarhóllinn sést enn á þessum stað en ekkert hús er þar lengur uppistandandi. Talsvert þétt byggð var áður á hólum en bærinn var færður á seinni hluta síðustu aldar, núverandi íbúðarhús (byggt 1967) er 220 m austur. Minjum á bæjarhólum var rutt út eftir þann tíma. Enn má sjá steypa grunna og veggjabrot á sjálfum bæjarhólum hér og þar. Fyrirhugaður ljósleiðari mun liggja þvert yfir bæjarhólinn. Umhverfis er grasvaxið tún nýtt til beitar er allt umhverfis bæjarhólinn.

A 318895 N 396842



Bæjarhóll GK-056:001_01, horft til VSV.

Bæjarhóllinn er 30x25 m að stærð og snýr norður-suður. Erfitt er að áætla nákvæma stærð hans til austurs og suðurs, þar sem það svæði hefur verið sléttað út. Suðurhluti bæjarhólsins sést einna best, þar er brött brekka niður að steiptum grunni, sem líklega var fjós. Brekkan er 1 m á hæð og algróin. Annar steiptur grunnur er fast vestan við hólinn og sá þriðji ANA hans. Hóllinn er um 1-1,5 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-056:001_02 heimild um útihús

A 318905 N 396846

For (þró) 001_02 er sýnd um 5 m austan við bæjarhúsin 001_01 á túnakorti frá 1918. Forarþróin er horfin af yfirborði en var austarlega á bæjarhólum. Þróin var um 6 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-056:001_03 heimild um útihús

A 318893 N 396848

For 001_03 er sýnd um 3 m norðan við bæjarhúsin á túnakorti frá 1918. Forarþróin er horfin af yfirborði en var norðarlega á bæjarhólum. Þróin var samkvæmt kortinu nálega í miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-056:001_04 gerði kálgarður

A 318874 N 396834

Kálgarður 001_04 er sunnan við bæjarhól 001_01 og nyrsti hluti hans er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara, um 15 m frá miðlínu. Vesturhlíð kálgarðsins var eingöngu mæld, enda sú eina sem er innan áhrifasvæðis. Hleðslan er 0,5-1 m á breidd, 0,3 m á hæð og grjóthlaðinn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK056:001_05 heimild um útihús

A 318877 N 396844

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 001_05 fast vestan við bæjarhúsin, á bæjarhól 001_01. Það er horfið en á sama stað sést enn steiptur grunnur sem liggur undir skemmdum. Fyrirhugað er ljósleiðari mun liggja að þessum grunni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-056:004 heimild um útihús

A 318937 N 396875

Á túnakorti frá 1919 er rúst teiknuð um 60 m norðaustan bæjar 001 og 8 m VNV við úthús 005. Sé tekið mið af staðsetningu virðist líklegast að um úthús að ræða. Vegslóði að bæ 001 liggur beint yfir áttlaðri staðsetningu útihússins. Umhverfis er gróið tún nýtt til beitar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919

GK-056:005 hleðsla útihús

A 318955 N 396878

Á túnakorti frá 1919 eru merkt þrjú sambyggð steinhús, röskum 70 m norðaustan bæjar 001. Útihúsið er horfið og það eina sem gefur nú vísbendingu um staðsetningu þess, er hlaðinn veggur. Líklega var hann hluti af norðurhlið þeirra. Veggurinn er 1 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara, fast við vegslóða. Gróíð heimatún nýtt til beitar. Vegslóði er fast norðan við útihúsið.

Veggurinn er 10 m að lengd og snýr nánast austur-vestur. Hann er grjóthlaðinn, 0,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Greina má 1-2 umför af grjóti í honum. Aðrir hlutar úthússins eru horfnir, líklega vegna sléttunar og niðurrifs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919

GK-056:006 garðlag túngarður

A 318926 N 396864



Á túnakorti frá 1919 er merkt garðlag milli bæjar 001 og úthús 005. Garðurinn snýr austur-vestur og liggur meðfram austurhluta leiðar 013. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 3-4 m norðvestar. Líklega er garðurinn hluti af túngarði umhverfis Hólkot en að þessu sinni var aðeins kannaður sá hluti sem var innan áhrifsvæðis.

Umhverfis er gróíð heimatún nýtt til beitar. Vegslóði er fast norðan við túngarðinn.

Garðurinn er tæplega 25 m að lengd, 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann er grjóthlaðinn og hleðslurnar teknar að hrynja.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Túngarður GK-056:006, horft til VSV.

Heimildir: Túnakort 1919

GK-056:007 tóft útihús


A 318976 N 396880

Á túnakorti frá 1919 er útihús merkt um 100 m austan bæjar 001. Tóftin sést enn rúmum 1 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara. Norðurveggur úthússins þess er við traðir 013 og afmarkaði þær að öllum líkindum.

Vegslóði er fast norðan við tóftina. Hann liggur innan grasivaxins heimatúns sem nýtt er til beitar.



Tóft GK-056:007, horft til norðurs.



Uppmæling af útihúsi GK-056:007.

Tóftin er 18x7,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólfi og innan þeirra er rusl. Bæði hólfin eru opin til suðurs en hið eystra er mun stærra og líklega yngra sé horft til túnakortsins og

stærðarinnar á útihúsinu þar. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti, 0,5-1 m á hæð og í þeim má greina 4-6 umför af grjóti.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-056:008 heimild um kálgarð

A 319019 N 396883

Á túnakorti frá 1919 er kálgarður merktur tæpum 140 m austan bæjar 001. Austur- og norðurhliðar afmörkuðust af túngarði GK-055:024 sem umlykur tún Bæjarskershverfis. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 1-15 m sunnan við kálgarðinn.

Túngarður GK-055:024 afmarkaði kálgarðinn til austurs og norðurs. Ekki er ljóst hvað markaði hann til annarra átta. Slétt, gróid tún er á þessu svæði nú. Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Kálgarður GK-056:008 var á þessum slóðum.

GK-056:013 heimild um leið

A 318948 N 396881

Á túnakorti frá 1919 er leið sýnd sem lá í gegnum túnið endilangt. Leiðin lá austur-vestur frá útihúsi 012 til útihúss 005. Á austurhluta leiðarinnar er garðlag 006 sunnan hennar.

Austurhluti leiðarinnar var eingöngu skoðaður en hann er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara. Vegslóði liggur nú á svipuðum stað stað og leiðin gerði áður, fyrirhugað er að plægja ljósleiðarann þar ofan í.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-056:015 garðlag landamerki

A 318919 N 396875

Á túnakorti frá 1919 eru sýnd mörk á milli túna Hólkots 001 og Hólahúsa (GK-055:025). Línar eru mjórri á kortinu en sú línugerð sem venjulega var notuð til að sýna hlaðna garða en það kunna að vera mistök, alltént er hlaðinn garður á milli túnanna. Garðurinn var eingöngu rakinn innan áhrifasvæðs fyrirhugaðs ljósleiðara, miðlína hans er 5 m sunnar.

Garðurinn var rakinn á 40 m löngum kafla. Hann er 0,5 m á breidd, 0,3 m á hæð og vírgirðing er eftir honum endilöngum.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-056:018 tóft útihús

A 319020 N 396868



Útihús GK-056:018, horft til suðausturs.



Uppmæling af útihúsi GK-056:018.

Útihús var um 115 m austan við bæ 001, fast sunnan við kálgarð 008. Tóft hússins er austast í heimatúninu og er ekki sýnd á túnakorti frá 1919 og gæti ekki hafa verið byggt á þeim tíma. Tóftin er 3,5 m norðan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara.

Slétt, gróin tún eru á þessu svæði.

Tóftin er 6,3x5 m að stærð og er einföld. Hún snýr norðvestur-suðaustur og veggir eru grjóthlaðnir. Stórt grjót er notað í hleðslur sem eru 1 m á hæð. Hægt er að greina 4 umför af steinum í veggjunum. Tóftin er opin til norðvesturs. Í suðurvegg sést vatnskranir og ljóst að tóftin er ekki mjög forn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-056:019 þúst óþekkt

A 319049 N 396805

Um 160 m austan við bæ 001, utan heimatúnsins, er þúst sem er 2 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara. Búið er að setja jarðveg yfir þústina en miðað við lag hennar er alls ekki ólíklegt að þetta hafi verið kálgarður eða einhvers konar herslugarður.

Umhverfis er gróid svæði. Vegslóði er fast norðan við tóftina.

Þústin er 7,8x7 m, 0,3 m á hæð og snýr norður-suður. Hún er utan heimatúnsins, í bakgarði núverandi íbúðarhúss að segja má. Einföld grjóthleðsla sést utan með þústinni til austurs og vesturs en jarðvegur byrgir sýn að öðru leyti.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Þúst GK-056:019, horft til norðurs.



Hleðsla GK-056:020, horft til suðurs.

GK-056:020 hleðsla óþekkt

A 319025 N 396812

Óljós hleðsla er rúmum 20 m VSV við þúst 019 og 130 m austan við bæ 001. Hleðslan er skammt utan við heimatúnið. Hún er 12 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara.

Hleðslan er um 6 m að lengd og 0,2 m á hæð. Hún er gerð úr einfaldri röð af steinum. Líklega er þetta hluti af herslugarði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

GK-103 Stóri-Hólmur

1703, jarðadýrleiki óviss. JÁM III, 102. Konungseign. 1847, 45 hdr., Bændaeign, JJ, 88.

Jarðarinnar er getið í Þórðarbók Landnámu: "...þá fór hann [Gufi annar son Ketils] á Rosmhvalanes og vildi byggja at Gufuskálum. En þau Steinuðr keyptu saman, at hann skyldi á burt fara, er varmannastöð skyldi vera ávallt frá Hólmi." ÍF I, 66 nm.

Jarðarinnar Hólms á Rosmhvalanesi er getið í skrá yfir rekaskipti á Rosmhvalanesi frá um **1270**: "Jinn primis. Holmvr æ vidreka in j keflavik til motz cid njardvík." DI II, 76 og í skrá um hvalskipti á Rosmhvalanesi, einnig frá um 1270: "...þar af einn hlvt holmvr...", DI II, 78.

Þá er hennar getið í afgangareikningi Eggerts fógeta Hannessonar frá **1552**, DI XII, 418, 421, og í hlutabók og sjávarútgerðareikningi Eggerts hirðstjóra Hannessonar frá **1553**, DI XII, 578, 589. Jarðarinnar er einnig getið í jarðaskiptabréfi hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtstól frá **1563**, DI XIV, 156.

Heimildir geta hálfkirkju á Stóra-Hólmi:

HÓLMUR Á ROSMHVALANESI (G)
-Maríu og Þorláki - HÁLFKIRKJA

1367: “lxvii. Mariu kirkia og hinu heilaga Thorlaks Biskups að Holme a Rossmalanese a steindan duk les Vilchinsbok”; Hítardalsbók, DI III 221

1397: “a ij kyr. portio Ecclesiae v hundrud oc xx oc xij aurar”; Máld DI IV 105

1570 og síðar (Gíslamáldagar): “halfkirkian a Hollme i garde” DI XV, 638.

1598: “halfkirkja”; AM 263 fol. bl. 61

Árið 1703 eru sjö hjáleigur á jörðinni: Vesturhús [042], Ráðagerði [GK-109], Garðhús [GK-108] og Kötluhóll [006] sem og þrjár aðrar nafnlausar [044, 045, 046]. Einnig er Keflavík [GK-110] talin með jörðum Stóra-Hólms en samt ekki hjáleiga. JÁM III, 102-106. Árið 1847 eru eftirtaldar hjáleigur í byggð á Stóra-Hólmi: Litli Hólmur [GK-104], Borghús [GK-105], Nýlenda [GK-106], Rófa [GK-107], Garðhús, Ráðagerði. JJ, 89

1703: “Fóðrast kann iij kyr og i úngneyti ... Skóg til kolgjörðar hefur jörðin í almenníngum. Torfrista og stúnga bjargleg. Lýngrif nokkurt í eigin landi. Fuglveiði og eggver hefur til forna verið í bergi því, sem nú kallast Hólmborg ... er nú alls engin. Rekavon nokkur. Skelfiskfjara nokkur ... Eldiviðartak af fjörubangi nægjanlegt. Heimræði árið um kríng ... Túninu grandar sandur og sjáfargangur árlega. Engjar eru öngvar. Útigangur í betra lagi ... Vatnsból hverfur nokkrum sinnum til mikilla meina.” JÁM III, 102. Túnakort 1919: Tún 4,1 teigar, kálgarðar 720m².



Ljósleiðarinn mun liggja sunnan við bæinn Stóra-Hólm og raska kálgorðum þar.

GK-103:004 gerði kálgarður

A 324185 N 398568

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru sambyggðir kálgarðar um 10 m SSA við bæ 001. Stór hluti þeirra er utan áhrifasvæðis ljósleiðara og var sá hluti þeirra ekki kannaður af þeim sökum. Kálgarðurinn var stór og skiptist í nokkra hluta. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara liggur þvert í gegnum miðju kálgarðanna. Kálgarðarnir voru þar sem nú er golfvöllur.

Sléttað hefur verið úr kálgorðunum að miklu leyti en óljós ummerki um þá má enn sjá innan æfingasvæðis



Eystri veggur kálgarðs GK-103:004 er innan æfingasvæðis golfvallarins, horft til norðvesturs.



Vestari veggur kálgarðs GK-103:004 sést enn, horft til suðausturs.

golfvallarins. Garðurinn meðfram suðvesturhlið kálgarðanna stendur enn. Hann liggur frá suðausturhorni kálgarðs 001e að traðarvegg 056. Hann er um 75 m langur, er um 0,5 m á breidd og hæð. Í garðinum er mosavaxið grjót og mikill grasgróður. Um 27 m norðaustan við miðjan garð er útlatt garðbrot sem er um 24 m á lengd, liggur norðvestur-suðaustur. Það beygir til suðvesturs í norðvesturenda og er þar um 6 m langt. Garðbrotið er um 1,5 m breitt og um 0,1 m á hæð. Innan æfingasvæðis golfvallarins sést gróinn hryggur, 37 m að lengd og 4 m að breidd. Þetta er hluti af norðaustur hluta kálgarðsins. Saman eru garðarnir á svæði sem er um 75x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-103:034 heimild um legstað

A 324218 N 398577

Á heimasíðu Ferlis segir: «Ofar [en 060] var annar hóll, nú sléttadur. Þar vilja kunnugir menn meina að hafi verið dys Steinunnar landnámskonu.» Þar segir einnig á öðrum stað: «Í þessari ferð gekk Kristjana [Vilhjálmisdóttir] hiklaust að aflöngum lágum hól í túninu og staðnæmdist þar. Heimreiðin lá um hrygginn. Norðan hans er hóllinn (hryggurinn) hæstur. Miðlína fyrirhugaðs ljósleiðara er 7 m norðar. Meintur legstaður er á lágum hrygg inni á æfingagolfvelli Golfklúbbs Suðurnesja. Fast sunnan við hann er malarvegur sem liggur heim að síðasta bæ Stóra-Hólma.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: <http://www.ferlir.is/?id=4285>; <http://www.ferlir.is/?id=8456>; Ö-Innleira, 5.

GK-103:056 garðlag traðir

A 324188 N 398553

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir við vesturmörk Garðhúsatúns GK-108 til norðurs að Stóra-Hólmi 001. Þær eru fast vestan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara.

Garðlag er enn sýnilegt meðfram vegi að áhaldahúsi golfvallar. Það er í jaðri Kötluhólstúns 006 og sést illa og rennur saman við vegbrúnina.

Garðlagið er ekki sjáanlegt innan skráningarsvæðis en mögulegt er að það sé að kafi í grasi eða sjáist ekki innan áhrifasvæðis ljósleiðara.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

GK-103:073 hleðsla kálgarður

A 324147 N 398450



Stór kálgarður er um 150-200 m fyrir sunnan bæ 001 en hann er ekki er sýndur á túnakorti. Hann skiptist a.m.k. tvö stór hólf en einungis suðausturhlutinn var skoðaður í tengslum við fyrirhugaðann ljósleiðara sem mun liggja þar í gegn. Kálgarðurinn var eingöngu mældur upp innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara og nær mun lengra til norðvesturs.

Umhverfis er gróið svæði. Stutt er niður á grjót innan kálgarðsins.

Veggirnir eru 0,5-1 m á breidd, grjóthlaðnir og 0,2-0,5 m á hæð. Veggirnir eru hlaðnir úr stóru grjóti og hleðslur víða teknar að hrynja. Vegur liggur fast suðaustan við kálgarðinn, hleðslur sjást fast við veginn.

*Einn hluti af veggjum kálgarðs GK-103:073,
horft til norðvesturs.*

Þeir veggir sem voru mældir upp eru um 25-30 m á lengd.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Eins og áður segir voru samtals skráðar 20 fornleifar á 16 minjastöðum innan viðbótarsvæðanna sem könnuð voru vegna ljósleiðaralagnar vorið 2022. Allir staðirnir teljast

til fornleifa og njóta verndar sem slíkir en minjagildi þeirra er misjafnt. Allra markverðustu minjarnar teljast líklega vera bæjarhóll Hólkots, útihús innan heimatúnsins þar sem og meintur legstaður í Stóra-Hólmi.

Minjarnar sem skráðar voru tengjast flestar búsetu og landbúnaði enda var svæðið að mestu innan gamalla heimatúna. Að neðan fylgir samantekt um fornleifarnar sem skráðar voru. Á úttektarsvæðinu við Hólkot voru skráðar 16 fornleifar innan áhrifasvæðis ljósleiðara en hægt að forða raski á mörgum þeirra. Tvær fornleifanna teljast í landi Bæjarskers (en heimatúnið var sameignlegt) annars vegar túngarður GK-055:024 sem skráður var í fyrri úttekt og útihús GK-055:025_03. Hvorug fornleifanna ætti að verða fyrir raski vegna ljósleiðaralagnar. Ljósleiðarinn mun liggja yfir bæjarhól Hólkots GK-056:001_01, fast norðan við áætlaða staðsetningu útihúss 001_03. Engin yfirborðsummerki sjást um húsið. Aðrar minjar á bæjarhólnum (útihús 001_02, kálgarður 001_04, for 001_05) munu ekki verða fyrir raski vegna fjarlægðar frá fyrirhugaðri ljósleiðaralögn. Ljósleiðarinn verður plægður í veg sem liggur á sama stað og leið GK-056:013. Leiðin er horfin og ólíklegt að nokkur ummerki hennar hafi varðveist. Meðfram veginum eru garðlög GK-056:015, GK-056:006 og hluti af útihúsi GK-056:005. Þessir staðir ættu ekki að verða fyrir raski enda utan við veginn. Hið sama má segja um útihús GK-056:007, GK-056:018 og GK-055:025_03 sem eru fast við veginn. Túngarður GK-055:024 var rofinn þegar vegurinn var gerður og ekki er ljóst hvort að ummerki séu enn varðveitt þar undir sverði.⁷

Í landi Stóra-Hólms eru fjórar fornleifar innan áhrifasvæðis ljósleiðara. Kálgarðar GK-103:004 og GK-103:073 eru fast við veg að æfingasvæði golfvallarins. Veggir í báðum kálgorðunum munu verða fyrir raski og svigrúm til að færa ljósleiðarann lítið. Legstaður 103:034 og traðir 103:056 ættu ekki að þurfa að verða fyrir raski verði aðgát höfð við hönnun og lagningu ljósleiðara. Í þeim tilfellum þar sem ljóst þykir að lagning ljósleiðara kunni að spilla minjum skal haft samráð við Minjastofnun Íslands um til hvaða aðgerða þurfi að grípa vegna þess.

Ástand minjanna er með ágætum, rúmlega 60% þeirra sjást enn líkt og taflan hér neðar sýnir. Minjarnar eru allar skilgreindar í stórhættu en rétt er að ítreka að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifanna og síður en svo víst að þær verði fyrir raski vegna væntanlegra framkvæmda. Hættumatið er einungis ábending um að ef ekki verði hugað að minjum eru

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Minjastaðir	Fjarlægð frá miðlínu
GK-055:025_03		tóft	útihús	hleðslur signar	1	2
GK-056:001_01	Hólkot	bæjarhóll	bústaður	sést til	5	0
GK-056:001_02		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar		8
GK-056:001_03		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar		1
GK-056:001_04		gerði	kálgarður	hleðslur signar		14
GK-056:001_05		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar		0
GK-056:004		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	1	0
GK-056:005		hleðsla	útihús	hleðslur signar	1	1
GK-056:006		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	2
GK-056:007		heimild	útihús	hleðslur standa grónar	1	1

⁷ Lýsingar á túngarðinum eru á bls. 50-51.

GK-056:008		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	1	3
GK-056:013		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	1	0
GK-056:015		garðlag	túngarður	hleðslur signar	1	3
GK-056:018		tóft	útihús	hleðslur signar	1	3
GK-056:019		þúst	óþekkt	sést til	1	3
GK-056:020		hleðsla	óþekkt	hleðslur signar	1	11
GK-103:004		gerði	kálgarður	hleðslur signar	2	0
GK-103:034		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	1	9
GK-103:056		garðlag	traðir	hleðslur signar	1	0
GK-103:073		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar	1	20

Fornleifar innan svæða sem bættust við 2022.


talsverðar líkur á því að þær gætu orðið fyrir hnjaski í framkvæmdunum og því sé rétt að huga sérstaklega að því hvort framkvæmdir skaði þær hugsanlega. Fornleifar voru eingöngu skráðar innan úttektarsvæðis, garðlög og leiðir eru eingöngu rakin að hluta af þessum sökum.

Mögulegt er að komast hjá raski á nánast öllum minjastöðum innan úttektarsvæðins með tilfærslu á ljósleiðara, merkingu á minjastöðum og vöktun, utan bæjarhóls Hólkots og kálgarða í Stóra-Hólmi. Þar þarf líklega að grípa til mótvægisáðgerða en Minjastofnun Íslands ákveður hverjar slíkar aðgerðir gætu verið. Í viðaukanum var gerð tilraun til að leggja mat á gildi hvers minjastaðar, sjá töflu hér neðar og voru niðurstöðurnar þær að einn minjastaður hefði mjög mikið gildi, 12 mikið gildi og sjö nokkurt minjagildi. Þetta háa minjagildi stafar af þeirri staðreynd að ráðgerður ljósleiðari liggur um forn heimatún þar sem byggð hefur verið um aldir og því má búast við að þar séu talsvert fornar og merkar minjar undir sverði. Þrátt fyrir að návígi ráðgerðar ljósleiðaralagnar og minja sé mikið má ætla að með viðeigandi mótvægisáðgerðum þurfi framkvæmdir við ljósleiðaralögn í Suðurnesjabæ ekki að hafa verulega neikvæð áhrif á fornleifar á svæðinu.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Minjagildi	Mótvægisáðgerðir	Fjarlægð frá miðlínu
GK-055:025_03		tóft	útihús	hleðslur signar	Mikið	Merking	2
GK-056:001_01	Hólkot	bæjarhóll	bústaður	sést til	Mjög mikið	Vöktun	0
GK-056:001_02		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	Mikið	Engar	8
GK-056:001_03		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	Mikið	Engar	1
GK-056:001_04		gerði	kálgarður	hleðslur signar	Mikið	Engar	14
GK-056:001_05		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	Mikið	Engar	0
GK-056:004		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	Mikið	Engar	0
GK-056:005		hleðsla	útihús	hleðslur signar	Mikið	Merking/Vöktun	1
GK-056:006		garðlag	túngarður	hleðslur signar	Mikið	Merking/Vöktun	2
GK-056:007		heimild	útihús	hleðslur standa grónar	Mikið	Merking/vöktun	1
GK-056:008		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	Nokkurt	Engar	3
GK-056:013		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	Nokkurt	Engar	0
GK-056:015		garðlag	túngarður	hleðslur signar	Mikið	Merking	3
GK-056:018		tóft	útihús	hleðslur signar	Mikið	Merking	3
GK-056:019		þúst	óþekkt	sést til	Nokkurt	Merking	3

GK-056:020		hleðsla	óþekkt	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	11
GK-103:004		gerði	kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Vöktun	0
GK-103:034		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	Mikið	Merking	9
GK-103:056		garðlag	traðir	hleðslur signar	Nokkurt	Engar	0
GK-103:073		hleðsla	kálgarður	hleðslur signar	Nokkurt	Merking	20

Minjagildi fornleifa innan úttektarsvæðis 2022.



Kort 9

Skýringar

Minjar

— Fyrirhugaður ljósleiðari

■ Úttektarsvæði

